FRÉTTABLAÐIÐ
159. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 7. JÚLÍ 2018

# Vonlaus staða

Guðrún Stefánsdóttir er að bregða búi. Húja segir lágt afurðaverð dauðadóm yfir sauðfjárrækt á Íslandi. →20



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Draumastaður fyrir klifur**
Sierra er atvinnumaður í klifri. →26



**Pillumylla á Spáni**
Lyfjaávísanir læknis á Benidorm til Íslendinga. →24



**Hleypur í minningu sonar síns**
Ásdís æfir fyrir Reykjavíkurmaraþon. →18

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA ● NETAPP Á ÍSLANDI

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Sunnan og suðvestan 3-10 í dag og rigning eða skúrir, en úrkomulítið á Austurlandi. Snýst í vestanátt og styttir upp vestan til í kvöld en það má þá búast við samfelldri rigningu á Austurlandi. SJÁ SÍÐU 36




**Handtakan var við Hamborgarabúlluna í Kópavogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Lögreglumaður ákærður vegna handtöku

**LÖGREGLUMÁL** Ákæra hefur verið gefin út á hendur lögreglumanni fyrir gáleysisbrot við handtöku manns við Hamborgarabúlluna í Kópavogi síðastliðið vor. Þetta staðfestir Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.

Hinn handtekni fótbrotnaði í aðgerðinni og samkvæmt framburði vitna gekk lögregla fram af mikilli hörku, kylfum hafi verið beitt og hurð lögreglubíls skellt margsinnis á fætur hans.

Í ákæru er vísað til ákvæða almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gæta ekki lögmætra aðferða við úrlausn, handtöku, hald, leit, fangelsan eða framkvæmd refsingar og ákvæðis um tjón á líkama eða heilbrigði annars manns sem valdið er af gáleysi annars manns. Brotin geta varðað allt að fjögurra ára fangelsi.

Tveir voru kærðir vegna handtökunnar í fyrrasumar en málið var látið niður falla því ekki voru taldar nægar líkur á sakfellingu. Brotaþolinn kærði þá ákvörðun til ríkissaksóknara sem fól héraðssaksóknara að taka mál á hendur öðrum lögreglumannanna til ákærumeðferðar.

Lögreglumaðurinn hafi í það minnsta sýnt af sér slíkt gáleysi við handtökuna að háttsemi hans geti talist refsiverð.

Brotaþolinn krefst sjö milljóna króna í skaða- og miskabætur. **– aá**

# Á uppleið



**Krakkar úr Klifurfélagi Reykjavíkur notuðu tækifærið og voru við útiæfingar af kappi í Öskjuhlíðinni í sjaldséðri kvöldsól á fimmtudagskvöldið. Klifurfélagið sem á aðild að Íþróttabandalagi Reykjavíkur, rekur Klifurhúsið þar sem stunda má íþróttina árið um kring.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Gáfu minnihluta auglýsingu

**AKUREYRI** Minnihlutanum í bæjarstjórn Akureyrar var boðin heilsíðuauglýsing í kynningarritinu Akureyri sem dreift var í lok vikunnar. Blaðið er gefið út af Kaupmannafélagi Akureyrar. Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í minnihluta er í stjórn samtakanna.

Akureyri gefur upplýsingar um fyrirtæki, stofnanir og áhugaverða staði í bænum. Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir Kaupmannafélagið hafa óskað eftir því við minnihlutann að birta spurningarnar til meirihlutans, flokkunum að kostnaðarlausu. Er auglýsingin síðan á heilli síðu í blaðinu með merkjum minnihlutaflokkanna. **– sa**




# Sendiherrar sameinast í ást og friði á Ingólfstorgi

**Þó að landslið Svíþjóðar og Englands muni berjast til síðasta manns á knattspyrnuvellinum í Samara í Rússlandi í dag ætla sendiherrar þjóðanna hér á landi að setjast niður og horfa á leikinn í mesta bróðerni á Ingólfstorgi. Hatur á ekki heima í íþróttum, segir Håkan Juholt.**

**HM 2018** „Við viljum saman undirstrika að fótbolti er hamingja, gleði og vinátta og hitt liðið er aldrei óvinur þinn. Hitt liðið er vinur og þú ert að mæta vini þínum í leik sem byggir á vináttu. Það er hugmyndin með að gera þetta saman," segir Håkan Juholt, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi. Hann mun ásamt kollega sínum hjá breska sendiráðinu, Michael Nevin, verða á Ingólfstorgi í dag í tilefni af landsleik Svíþjóðar og Englands á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Sænskir og enskir stuðningsmenn munu þar koma saman í miklu bróðerni, horfa á leikinn og njóta samverunnar. Juholt segir að þó barist verði hart á vellinum verði vináttan við völd hjá stuðningsmönnum á Íslandi.

Undir þetta tekur breski sendiherrann í samtali við Fréttablaðið. „Ég held að það sendi góð skilaboð að við verðum þarna saman," segir Nevin sem kveðst bjartsýnn á enskan sigur.

„Enska liðið er ungt og óreynt og væntingar voru hófstilltar fyrir mótið. En þeir hafa sýnt að þeir eru gott lið og hafa skapað mikla stemmingu á Englandi. Svíar hafa þó í gegnum tíðina reynst Englendingum óþægur ljár í þúfu. Þetta verður jafn leikur en þegar upp er staðið spái ég Englendingum 2-1 sigri."

Juholt telur að Svíar gætu haldið áfram að koma á óvart.

„Í ár er sænska liðið svolítið eins og það íslenska á EM 2016. Enginn bjóst við að liðið næði svona langt og stæði sig svona vel. Ég ráðlegg ensku þjóðinni að vanmeta ekki Svía, frekar en Ísland fyrir tveimur árum. Við munum allavega klæða Ingólfstorg í gult og blátt í dag."

Juholt ber einnig íslenskum knattspyrnuunnendum vel söguna og segir Svía sem og aðrar þjóðir geta lært mikið af íslenskum stuðningsmönnum. **mikael@frettabladid.is**




**Håkan Juholt, sendiherra Svíþjóðar, hefur lifað sig inn í leikina á Ingólfstorgi. Verður með kollega sínum frá Englandi þar í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

> **Ég held að það sendi góð skilaboð að við verðum þarna saman.**
>
> Michael Nevin, sendiherra Bretlands á Íslandi



Gallerí Fold óskar eftir blómamynd eftir Jón Stefánsson fyrir traustan kaupanda

Áhugasamir hafi samband við Jóhann Hansen, s. 845 0450 , fold@myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Okkar stærsta sumarútsala frá upphafi

# Sumarútsala

## Húsasmiðjunnar og Blómavals



30% afsláttur af ÖLLUM garðhúsgögnum

5.990 kr
8.690 kr
Garðstóll Manilla
Staflanlegur.
3899591

8.697 kr
14.495 kr
Hekkklippur
500W, 50 cm blað, 22 mm klippigeta.
5083646

30-40% afsláttur af ÖLLUM hekkklippum

25-30% afsláttur af ÖLLUM sláttuvélum og orfum

50% afsláttur af ÖLLUM trjáplöntum

11.196 kr
15.995 kr
Rafmagnssláttuvél
1400W, sláttubreidd 34 cm, 5 hæðastillingar, 35 ltr., safnkassi.
5085136

999 kr
1.990 kr
Sýpris
80-100 cm.

## Afslættir sem hitta beint í mark

Garðhúsgögn 30% · Reiðhjól og fylgihlutir 20-30% · Sláttuvélar 25-30% · Hekkklippur 30-40%
Sláttuorf 25-30% · Stigar og tröppur (Elkop) 30% · Sumarblóm 20-50%
Trjáplöntur 30-50% · Fjölærar plöntur 30% · Matjurtir 50% · Garðstyttur 50% · Útipottar 30%
Garðrósir 50% · Stanley loftpressur 25% · Skóflur, kantskerar, gafflar, klórur og hrífur (Green-it) 20-40%
Keðjusagir 30% · Greinakurlarar 20-30% · Úðabrúsar (Pulsar) 40% · Garðverkfæri frá Wolfgarten 30%
Slöngur, úðarar, slönguhjól og byssur (Claber) 25-40% · Hnífapör og eldhúsáhöld 30%
Matarstell, glös og könnur 30% · Bökunarvara 20% · Pottar og pönnur 30% · Hitakönnur 30%
Hreinsiefni og hreingerningaráhöld 25% · Plastkörfur og box 25% · Strauborð og herðatré 25%
Gjafavörur 25% · True North útivistarfatnaður 40% · Vinnufatnaður 25% · Harðparket (valdar vörur) 30-40%
Viðarvörn og pallaolía 20% · Útimálning 20% · Lady innimálning 25%
... og margt fleira

## Pallaefni útsala

Fáðu tilboð í sólpallinn núna



AB gagnvarin fura
27x95 mm, 4 metrar.
628640

175 kr/lm
234 kr/lm

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

**TÖLUR VIKUNNAR** 01.07.2018 TIL 07.07.2018

**18.900** töflur

af ávana- og fíknilyfjum hefur Tollgæslan lagt hald á það sem af er ári. Íslenskir ferðamenn eru sagðir flytja hluta fíknilyfjanna hingað til lands frá Alicante á Spáni.

**8%** landsmanna

á aldrinum 18 til 24 ára nota rafrettur daglega.

**55** einstaklingar

greindust með lekanda á fyrstu fimm mánuðum ársins. Á sama tímabili í fyrra voru tilfellin í kringum 30 talsins. 62 prósent þeirra sem greindust voru íslenskir ríkisborgarar.

**75**

nýjar skráningar

um heimagistingu skiluðu sér á einni viku eftir að eftirlit með slíkri gistingu var hert. Um 400 ábendingar um leyfislausar heimagistingar voru á borði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þegar ákveðið var að auka eftirlitið.

**48** forstöðumenn

ríkisstofnana fengu launahækkun afturvirkt til 1. desember. Mesta hækkun var 26,7 prósent.

Google

**1.376**

beiðnir bárust frá Íslandi til netrisans Google frá miðju ári 2014 til ársloka 2017 um að tilteknar vefslóðir birtust ekki í leit á leitarvélum hans. Afskráning var samþykkt í 35 prósentum tilvika.

## Þrjú í fréttum

### Ljósmæður, handrit og friðun

**Ævar Þór Benediktsson**
*eða Ævar vísindamaður*



sem er að verða faðir í fyrsta sinn í byrjun ágúst, sagði á samstöðufundi með ljósmæðrum að hann væri hræddur um hvað gerðist ef eitthvað kæmi upp á og ekki væru nógu margar ljósmæður á vakt. Ævar sagði að ráðherrar ættu að skammast sín fyrir að neyða ljósmæður út í horn. Hlutverk þeirra væri margfalt meira en að „grípa börn“ og fara svo í kaffi.

**Guðrún Nordal**
*forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar*



var glöð í bragði þegar hún tók við tveimur af merkustu handritum Íslendinga frá miðöldum, það er Reykjabók Njálu og Ormsbók. Komið var með handritin í heimsókn til Íslands frá Kaupmannahöfn í tilefni sýningarinnar Lífsblómið – Fullveldi í 100 ár.

**Benóný Ægisson**
*formaður Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur*



sagði nauðsynlegt að samræða ætti sér stað milli íbúa, ferðaþjónustunnar og borgarinnar. „Við erum að missa unga fólkið héðan því það hefur ekki lengur efni á að búa hér. Það er kominn tími til að friða miðborgina sem íbúðahverfi,“ sagði Benóný í tilefni samráðsfundar borgarinnar með íbúum vegna vinnu við nýja ferðamálastefnu.




**Héraðsstjórinn Narongsak Osottankorn ræðir við fjölmiðlamenn. Hann segir enga óþarfa áhættu verða tekna við björgun strákanna.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Hermenn flytja kistu hins 38 ára gamla kafara, Saman Gunan, sem drukknaði við störf í hellinum þegar súrefni hans kláraðist.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Enn ekki talið óhætt að hefja flutning piltanna úr hellinum

**Héraðsstjóri í Chiang Rai-héraði segir að fótboltastrákarnir tólf og þjálfari þeirra muni koma eftir sömu leið út úr hellinum sem þeir hafa verið fastir í og þeir fóru inn í hann. Aðstæður eru enn taldar of hættulegar til að unnt sé að hefja brottflutning þeirra. Ekki lengur talið raunhæft að þeir bíði í hellinum í fjóra mánuði.**

**TAÍLAND** Fótboltastrákarnir tólf og þjálfari þeirra bíða enn björgunar úr hellinum sem þeir hafa verið fastir í síðastliðnar tvær vikur. Umfangsmiklar björgunaraðgerðir hafa staðið yfir frá því að þeir fundust á mánudaginn.

Narongsak Osottankorn, héraðsstjóri í Chiang Rai-héraði, sagði á blaðamannafundi í gær að strákarnir myndu koma út eftir sömu leið og þeir fóru inn í hellinn. Vonir höfðu staðið til að önnur útgönguleið fyndist í fjalllendinu fyrir ofan hellinn. Fjöldi manns hefur leitað að slíkri leið en án árangurs.

Samkvæmt óstaðfestum fregnum stóð til að hefja brottflutning strákanna í gærkvöldi en héraðsstjórinn dró þær fréttir til baka það sem aðstæður væru enn of hættulegar. Hann sagði að björgunaraðilar myndu reyna að lágmarka áhættuna sem felst í því að koma strákunum út úr hellinum. Ef aðstæður bjóði upp á tækifæri þar sem áhætta verði í lágmarki verði það nýtt.

Hann sagði að þegar ákvörðun hefur verið tekin um björgunaráætlun þurfi að prófa hana áður en hún komi til framkvæmda. Ágætlega hafi gengið að kenna strákunum að kafa en þrátt fyrir það verði engin óþarfa áhætta tekin. Fari hins vegar að rigna mikið muni verða reynt að koma þeim út. Veðurspár hafa gert ráð fyrir mikilli rigningu á sunnudaginn. Þá lýsti hann yfir áhyggjum af minnkandi súrefni í hellinum vegna þess mikla fjölda sem þar dvelur.

Héraðsstjórinn segist vera í daglegu sambandi við fjölskyldur strákanna. Bréf frá fjölskyldumeðlimum hafa borist niður í hellinn.

Ljóst er að þessi björgun strákanna og þjálfara þeirra verður mjög áhættusöm en taílenskur kafari drukknaði við störf sín í hellinum þegar súrefni hans kláraðist. Áður hafði komið fram hjá yfirmanni í sérsveit taílenska sjóhersins að ekki sé lengur talið raunhæft að strákarnir og þjálfari þeirra hafist við í hellinum næstu fjóra mánuði, eða þangað til monsúntímabilinu lýkur.

Gianni Infantino, forseti FIFA, hefur boðið strákunum á úrslitaleik HM sem fram fer í Moskvu 15. júlí, verði björgun þeirra lokið og heilsa þeirra leyfir. Hann segir að hugur alþjóða knattspyrnusambandsins sé hjá þeim og fjölskyldum þeirra.

**sighvatur@frettabladid.is**





MEST SELDA BÓKIN Í JÚNÍ
– OG SÚ SKEMMTILEGASTA!

1 BÓKSÖLULISTINN Topplistinn allan júní





LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–16

**MEISTARAVERK**

# 傑作

Orðið Takumi merkir handverksmeistari. Til þess að geta kallað þig Takumi þarftu að sýna fram á næmt auga fyrir smáatriðum, ómælda sköpunargleði og óbilandi trú á því að ekkert nema fullkomnun sé nógu gott. Lexus er öll þessi hugmyndafræði í verki.

**ÚTHUGSUÐ SMÁATRIÐI SKAPA EINSTAKA HEILD**




**NX** 300h frá 7.750.000 kr.

SPORTJEPPI

**5 ára ábyrgð og 2 ára þjónustupakki með öllum Lexus bílum**

**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Hefja tilraunir með mögulegt bóluefni við HIV í mönnum

**SJÚKDÓMAR** Tilraunir með nýtt bóluefni við HIV-sýkingu í ósmituðum einstaklingum og öpum hefur borið afar góða árangur. Vísindamönnunum tókst að framkalla heppilega ónæmissvörun með því að gefa þessum einstaklingum blöndu af nokkrum lyfjum sem áður hafa gefið góð raun í baráttunni við HIV. Lyfjakúrinn stöðvaði smit í öpum.

Það voru vísindamenn við háskólasjúkrahúsið Beth Israel Deaconess í Harvard sem stóðu að rannsókninni en hún tók í senn til 393 heilbrigðra einstaklinga og apa. Þeir birtu niðurstöður sínar í vísindaritinu The Lancet síðdegis í gær og tilkynntu að til stæði að færa prófanir með lyfjakúrinn á næsta stig þar sem reynt verður að bólusetja einstaklinga í Suður-Afríku fyrir HIV-smiti.

„Þessi rannsókn sýnir fram á það að Ad26/Env, sem er blandaður lyfjakúr við HIV, framkallar öflugt ónæmisviðbragð í mönnum og öpum. Um leið myndaði bóluefnið 67 prósent vörn gegn smiti í öpum,“ segir Dan H. Barouch, prófessor við læknadeild Harvard.

Bóluefnið byggir á erfðaefni úr mismunandi kirnaröðum úr nokkrum stofnum HIV-veirunnar. Þannig er lyfjakúrinn hannaður til að vernda fyrir smiti alls staðar í heiminum. Þeir sem tóku þátt í rannsókninni eru frá Rúanda, Suður-Afríku, Úganda, Taílandi og Bandaríkjunum. Allir þátttakendur sýndu jákvæða svörun.

Rúmlega 30 ár eru síðan tilvist HIV-veirunnar var staðfest og á þeim tíma hafa vísindamenn um allan heim unnið að þróun bóluefnis. Sú vinna hefur gengið hægt. Þessi tiltekna rannsókn er sú fimmta í sögunni sem færð verður á stig tilrauna í mönnum.

„Út frá þessum niðurstöðum hefur bóluefnið verið fært á næsta stig lyfjatilrauna, þar sem verkun í mönnum verður könnuð betur með því að freista þess að koma í veg fyrir HIV-smit í mönnum í Suður-Afríku,“ segir Barouch. „Við vonumst til að geta birt niðurstöður í síðasta lagi árið 2022.“ – khn



**HIV-veiran. Bóluefni gegn henni byggir á blöndu lyfja.** NORDICPHOTOS/GETTY


## Auglýsing um próf til endurskoðunarstarfa

Með vísan til laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, er fyrirhugað að halda próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa í október 2018 sem hér segir:

Fyrri hluti mánudaginn 8. október
Seinni hluti miðvikudaginn 10. október

Prófin hefjast kl. 9 hvorn dag og standa til kl. 17.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 589/2009 um próf til löggildingar endurskoðunarstarfa.

Próftökugjald er kr. 395.000.-

Væntanlegir prófmenn skulu skila umsóknum fyrir miðvikudaginn 8. ágúst nk. til prófnefndar. Tilkynningar sendist formanni prófnefndar, Jóni Arnari Baldurs, Urðarbraut 9, 200 Kópavogi.

Tilkynningu skulu fylgja nafn prófmanns og kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang og staðfesting um að fullnægt sé skilyrðum 4. og 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 79/2008. Próftakar fá þá sendan reikning fyrir prófgjaldinu sem ber að greiða fyrir 1. september nk.

Prófnefndin mun boða til fundar með prófmönnum fyrir lok ágúst nk.

*Reykjavík 7. júlí 2018.*
*Prófnefnd löggiltra endurskoðenda*






Hjólað um perlur Tíról

**2.- 9. september Fararstjóri: Ólafur Örn Haraldsson**

Bærinn Seefeld er yndislegur alpabær sem hvílir í fögrum fjallasal milli Wetterstein, Mieminger og Karwendelfjallanna í Austurríki. Farnar verða skipulagðar hjólaferðir í frísku fjallalofti með fararstjóra og innlendum staðarleiðsögumanni sem í sameiningu munu velja hentugar leiðir hvern dag og fræða okkur um staðhætti á leiðinni.

**Verð: 199.900 kr. á mann í tvíbýli.**
**Mjög mikið innifalið!**

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

spör ehf.




**Mikilvægt er sagt að hey til útflutnings sé ekki af svæðum þar sem garnaveiki hefur greinst.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skoða sölu á íslenskum heyrúllum til Noregs

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins kannar nú hvort möguleiki sé á að selja hey frá Íslandi til suðurhluta Noregs þar sem heyskortur er víða. Hér á landi eiga margir bændur nóg af heyi fyrir næsta vetur. Margir bændur sýna málinu áhuga.**

**LANDBÚNAÐUR** Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur hafið forkönnun á því hvort bændur vilji selja umframhey sem þeir gætu átt til suðurhluta Noregs þar sem miklir þurrkar hafa verið og heyfengur rýr. Fjölmargir bændur hafa haft samband við Ráðgjafarstöðina og sagst opnir fyrir því að selja hey.

Guðfinna Harpa Árnadóttir, ráðunautur hjá RML, segir bændur á Norður- og Norðausturlandi eiga mikið til af fyrningum síðasta árs og líkur séu á afar góðri heyuppskeru á þessu ári.

Á móti kemur að markaður er fyrir hey erlendis og þá helst í suðurhluta Noregs.

„Við vildum vekja athygli bænda á þessu þar sem eftirspurn er eftir heyi þar. Því gætu bændur nýtt stöðuna og selt hey,“ segir Guðfinna Harpa. „Þetta er aðeins forkönnun núna en við eigum eftir að fara í gegnum matvælastofnanir beggja þjóða til að fara áfram með málið. En ef allt yrði okkur hagfellt þá gætu bændur fengið eitthvað fyrir heyið.“

Sprettа í fyrra var með besta móti þar sem margir bændur byrjuðu heyskap snemma og voru að heyja fram eftir öllu hausti.

Margir bændur eiga því fyrningar frá því í fyrra auk þess sem sprettan í ár gæti orðið mun meiri en bændur þurfa fyrir sinn búskap. Því er mikilvægt fyrir þá að geta fengið upp í þann kostnað sem fylgir heyskap.

Nú þegar hefur þó nokkur hópur sett sig í samband við RML.

„Það er töluvert til af heyi og á listanum hjá okkur núna erum við með seljendur upp á nokkur þúsund heyrúllur. Hins vegar skiptir miklu máli að heyið sé af túnum sem falla að ákveðnum reglum, svo sem að það má ekki vera á beittum túnum og ekki á túnum sem borinn er skítur á,“ segir Guðfinna Harpa.

„Einnig er mikilvægt að heyið sé ekki af svæðum þar sem greinst hefur garnaveiki síðasta áratuginn eða af svæðum þar sem riða hefur komið upp síðustu tuttugu ár. Það lokar auðvitað ákveðnum svæðum,“ bætir Guðfinna Harpa Árnadóttir við. **sveinn@frettabladid.is**

## Smáaurar fengust upp í risakröfur á félag Lýsingar

**VIÐSKIPTI** Skiptum á þrotabúi Peru ehf. lauk í júní og var niðurstaðan sú að 1,1 milljón fékkst greidd upp í kröfur á hendur félaginu sem námu tæplega 19,7 milljörðum króna. Þetta kemur fram í auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Pera er dótturfélag Lykils fjármögnunar, sem áður hét Lýsing, og var stofnað árið 2007. Félagið hélt utan um tryggingar vegna lánveitinga Deutsche Bank til Lýsingarsamstæðunnar upp á tugi milljarða króna. Kröfuréttindin sem voru á undirliggjandi samningum hjá Lýsingu voru þannig framseld til Peru. Lánin voru endurfjármögnuð árið 2013 og dró þá verulega úr starfsemi félagsins.

**Kröfur í Peru ehf., dótturfélag Lýsingar, námu hátt í 20 milljörðum króna en aðeins fékkst greidd 1,1 milljón króna úr þrotabúinu.**

Í ársreikningi Lykils fyrir árið 2017 segir að í desember hafi stjórn Peru sent beiðni til dómstóla þess efnis að félagið yrði tekið til slitameðferðar með hliðsjón af ógjaldfærni félagsins. Enn fremur segir að yfirfæranlegt tap Lykils, þá Lýsingar, á árunum 2010, 2011 og 2012, sem nam tæplega 16,9 milljörðum í heildina, sé komið frá Peru og falli niður við gjaldþrot félagsins. Hins vegar myndist skattalegt gjaldfærsla vegna tapaðrar kröfur Lykils á hendur Peru að fjárhæð 18,5 milljarðar króna. – þfh

# TAX FREE

## SNYRTIVÖRU DAGAR

**DAGANA 5.-9. JÚLÍ**

**Taxfree* af öllum snyrtivörum**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

# Borgarklósettin ekki kyngreind




**MANNRÉTTINDI** Mannréttinda- og lýðræðisráð samþykkti einróma í gær að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar yrðu gerð ókyngreind.

Ráðið ákvað jafnframt að ráðast í gerð úttektar á klefa- og salernisaðstæðum í húsnæði þar sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu.

„Með því að hafa salerni öllum opin og sér klefa þar sem það á við er komið til móts við þarfir margra hópa eins og trans og intersex fólks og barna, foreldra fatlaðra barna í fylgd foreldris af gagnstæðu kyni og einnig myndu slíkir klefar nýtast fólki með heilsufarsvandamál,“ segir í fréttatilkynningu frá borginni.

Í bókun ráðsins segir jafnframt að „við uppbyggingu nýrra mannvirkja borgarinnar sem og við breytingar og aðrar framkvæmdir sé þess gætt að salernis-, sturtu- og búningsaðstaða sé eins ókynbundin og frekast er unnt. Þannig telja fulltrúarnir að vinna megi gegn mismunun og tryggja að fleiri geti nýtt sér þjónustu borgarinnar.“ **– khn**



Sindri Þór Stefánsson

# Sindri ákærður fyrir stórfelldan þjófnað

**SAKAMÁL** Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur gefið út ákæru á hendur Sindra Þór Stefánssyni og meintum samverkamönnum hans fyrir innbrot og þjófnað úr þremur gagnaverum í desember og janúar.

Um 600 tölvum var stolið úr gagnaverunum þremur og er málið það stærsta sinnar tegundar hér á landi.

Þetta staðfestir Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, í samtali við Fréttablaðið, en ákæran á hendur Sindra hljóðar upp á stórfellt þjófnaðarbrot auk þess sem honum er gefið að sök að hafa haldið upplýsingum leyndum. Ólafur Helgi vildi ekki upplýsa um hversu margir eru ákærðir.

**Lögmaður gagnrýnir að lögreglustjóri tilkynni að ákæra hafi verið lögð fram án þess að hún hafi verið birt sakborningum.**

Þorgils Þorgilsson, verjandi Sindra Þórs, hafði ekki fengið ákæruna í hendurnar þegar Fréttablaðið náði af honum tali. Þorgils segist vita til þess að ákæra hafi verið send Héraðsdómi Reykjaness en gagnrýnir harðlega að lögreglustjóri skuli tilkynna fjölmiðlum að ákæra hafi verið lögð fram án þess að hún hafi verið birt sakborningum.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst sætir enginn haldi í tengslum við málið. Sindri Þór er hins vegar í farbanni. **– sks**



Hafnarsamlag Norðurlands fékk styrk frá Hafnabótasjóði fyrir 60 prósentum af kaupverði Seifs. MYND/VEGAGERÐIN

# Dráttarbátur ekki til á Húsavík þrátt fyrir fjármagn frá ríkinu

**Í lögum frá 2013 um heimild til að veita víkjandi lán vegna uppbyggingar innviða á Bakka við Húsavík var miðað við að keyptur yrði dráttarbátur fyrir höfnina fyrir 290 milljónir. Enginn bátur hefur verið keyptur og peningarnir eru búnir. Höfnin fær afnot af eldri bát frá Akureyri en Akureyringar eiga nýjan dráttarbát.**

**HÚSAVÍK** Ekki hafa enn verið fest kaup á dráttarbáti sem gert var ráð fyrir í lögum frá 2013 um fjármögnun uppbyggingar innviða vegna atvinnustarfsemi á Bakka. Í kostnaðaráætlun í almennum athugasemdum með lögunum er gert ráð fyrir 290 milljónum í hönnun og útboð á dráttarbáti.

„Það ferli er í rauninni ekki hafið,“ segir Þórir Örn Gunnarsson, hafnarstjóri á Húsavík, aðspurður um bátinn og féð sem veitt var til hönnunar hans og smíði. „Við erum ekki búnir með framkvæmdina, en hún var af slíkri stærðargráðu að þessi fjármunir voru allir nýttir í hana og dugðu ekki til. Við þurfum svo að setja þetta í ferli,“ segir Þórir.

Hann segir að fyrir hefði legið að sveitarfélagið og höfnin myndu þurfa að bera einhvern kostnað af framkvæmdunum enda verkefnið ekki að fullu fjármagnað af ríkinu. Ákveðið hefði verið að nota allt fjármagnið í framkvæmdirnar og gera samning við hafnarsamlag Norðurlands um þjónustuna á meðan peningum yrði safnað fyrir dráttarbát.

Hafnasamlag Norðurlands á Akureyri fékk glænýjan dráttarbát, Seif, á dögunum og styrkti Hafnabótasjóður þau kaup um 60 prósent af kaupverðinu, en báturinn kostaði 490 milljónir.

Í frétt frá Vegagerðinni segir að með tilkomu bátsins opnist möguleikar á að þjónusta aðrar hafnir á Norðurlandi eins og til dæmis Húsavíkurhöfn þar sem mikil þörf sé á þjónustu dráttarbáts eftir að starfsemi hófst í stóriðjunni á Bakka.

Aðspurður segir Þórir að samkomulag hafi verið um samvinnu milli Húsavíkurhafnar og Hafnasamlags Norðurlands og mun Sleipnir, eldri dráttarbáturinn frá Akureyri sem Seifur leysir af hólmi, sinna þjónustu í Húsavíkurhöfn þangað til Húsvíkingar hafa efni á sínum eigin dráttarbát. En hann segir ekkert vafamál að nauðsynlegt sé að hafa dráttarbát að staðaldri á Húsavík, fleira komi til en atvinnustarfsemin á Bakka.

„Umferðin hér hefur aukist það mikið, auk þess sem skemmtiferðaskipin bætist við á sumrin, þar sem mikil aukning hafi verið. „Við erum að fara úr þremur skipum árið 2015 upp í 48 til 49 skip í ár. Svo er náttúrulega gríðarlegur fjöldi farþegabáta hér í siglingum, hvalaskoðunarbátarnir, þannig að þetta er orðin mjög mikil umferð hér og hafnarsvæðið er þröngt,“ segir Þórir. **adalheidur@frettabladid.is**

### Áætlun í lögunum frá 2013

| Verkefni | Kostnaður í milljónum | Framkvæmdatími |
|---|---|---|
| Undirbúningur | 40 | 6–12 mán. |
| Bökubakki lengdur | 300 | 2 ár |
| Dýpkun við Bökubakka | 290 | 6 mán. |
| Dýpkun við Norðurgarð | 200 | 6 mán. |
| Hafnarsvæði | 170 | 1 ár |
| Dráttarbátur | 290 | 2–3 ár |
| **Heildarkostnaður:** | **1.290** | **2–3 ár** |

### Skipting fjármögnunar samkvæmt lögunum:

| | |
|---|---|
| **Víkjandi lán frá ríkissjóði** | 819 milljónir (60%) |
| **Eigið fé úr Hafnarsjóði Norðurþings** | 137 milljónir (10%) |
| **Markaðslán Norðurþings** | 409 milljónir (30%) |

# Forstjóri Landspítalans kveðst ekki gráta kjararáð

**KJARAMÁL** Forstjóri Landspítalans segir nýlega launaákvörðun kjararáðs hafa komið flatt upp á hann. Þessi síðasta ákvörðun kjararáðs gat vart komið á verri tíma fyrir Pál Matthíasson í miðri harðri kjaradeilu ljósmæðra og ríkisins.

„Það er fjarri mér að kvarta undan mínum launum enda hef ég ekki gert það né farið fram á breytingar á þeim, frá því ég gekkst inn á sömu launakjör og forveri minn árið 2013. Frá þeim tíma hefur orðið vísitöluhækkun á launum samkvæmt úrskurði, síðasta 2016,“ skrifar Páll í vikulegum forstjórapistli sínum á vef Landspítalans. Hann kveðst sömuleiðis ekki hafa fengið jafn mikla hækkun og fjölmiðlar hafi greint frá.

**Það er fjarri mér að kvarta undan mínum launum.**

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans



Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið fékk hjá fjármálaráðuneytinu fjölgaði föstum yfirvinnueiningum forstjórans um 35, í 135, við úrskurð kjararáðs nú. Páll segir þeim hins vegar aðeins hafa fjölgað um tvær. Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins hækkuðu laun Páls um 23,8 prósent, eða tæpa hálfa milljón á mánuði.

„Þá voru laun mín um síðustu mánaðamót með óbreyttum hætti en taka væntanlega breytingum samkvæmt úrskurðinum þau næstu, þó ekki með þeim stórfellda hætti sem ætla má af umfjöllun mbl.is.“

Páll kveðst taka heils hugar undir þær gagnrýnisraddir sem komið hafi fram á kjararáð og að hann gráti ekki að fara undan ákvörðunarvaldi þess.

„Hins vegar væri óskandi að kjör ljósmæðra og annarra heilbrigðisstétta væru jafnáreynslulaust hækkuð og snöfurmannlega að því verki gengið og við höfum séð undanfarið hjá æðstu stjórnendum. Þá sæjum við væntanlega á bak þeirri eitruðu blöndu sem kjaradeilur og heilbrigðisþjónusta er.“

Fréttablaðið óskaði eftir viðtali við Pál á föstudag um launaákvörðun kjararáðs, en fékk ekki svör. **– smj**

# VALIN GÆÐARÚM*

# 20-40%

SWEET DREAM | Royal Dream ...a dream come true | Royal Luxe | COMFORT LUXE | SleepWell | Luxury Sleep



*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*GILDIR 07.07 - 08.07

## ALLAR GARDÍNUR*

## 30-40%



*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*GILDIR 07.07 - 08.07

## ALLIR PLASTKASSAR*

## 20-40%



*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*GILDIR 07.07 - 08.07

## GARÐHÚSGÖGN OG SESSUR

## 20-60%






RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

# Heimsmeistaramótið sem enginn sá

**Heimsmeistaramótið í Rússlandi er nú í fullum gangi. Annað slíkt fór fram í London fyrir mánuði þar sem mikil dramatík var og nýjungar kynntar til sögunnar.**

Jóhann Óli Eiðsson
johannoli@frettabladid.is



Tíbetar riðu ekki feitum hesti frá viðureign sinni gegn Abkasíu í fyrstu umferð en þeir gátu þó brosað í leikslok. MYND/CONIFA

## Þátttökuþjóðir á heimsmeistaramóti ConIFA 2018



**1. Cascadia** Íbúar á vesturströnd BNA sem vilja sjálfstæði.

**2. Mön** Íbúar eyjarinnar Mön. Tilheyrir Bretlandi.

**3. Padanía** Nyrstu héröð Ítalíu. Hluti vill skilja sig frá.

**4. Kabylia** Andspyrnuhérað í Alsír. Staðið í styrjum við ríkið.

**5. Kárpátalja** Fólk af ungverskum uppruna í Úkraínu.

**6. Matabeland** Fólk frá Matabe, einu frjóasta héraði Simbabve, sem vill aðskilnað.

**7. Seklerland** Fólk af ungverskum uppruna búsett í Sekler í Rúmeníu.

**8. Norður-Kýpur** Fólk af tyrkneskum uppruna sem búsett er á Kýpur.

**9. Vestur-Armenía** Tyrkir búsettir í Armeníu. Hafa lengi farið halloka í landinu.

**10. Tamil Eelam** Aðskilnaðarhreyfing Tamíla sem vilja skilja sig frá Srí Lanka.

**11. Tíbet** Tíbeta þekkja flestir en þjóðin hefur lengi verið undir hæl Kína.

**12. Abkasía** Sjálfstjórnarhérað í Georgíu. Vilja sjálfstæði.

**13. Panjab** Múslimar sem eiga rætur að rekja til Punjab-héraðs.

**14. Sameinaðir Kóreumenn í Japan** Fólk frá Kóreu sem hefur flúið til Japan.

**15. Túvalú** Pólónesar á eyju mitt á milli Havaí og Ástralíu.

**16. Barawa** Landflótta Sómalar búsettir í Bretlandi

**KNATTSPYRNA** Þegar þetta er ritað er fyrri hluta fjórðungsúrslita á HM í Rússlandi lokið og aðeins rúm vika í að nýir heimsmeistarar verði krýndir. Fyrir mánuði fór hins vegar fram annað heimsmeistaramót í knattspyrnu sem fékk öllu minni athygli.

Í borginni Luleå í norðurhluta Svíþjóðar eru samtökin ConIFA með höfuðstöðvar. Þau voru stofnuð árið 2013 til að vera regnhlífarsamtök fyrir ríki eða þjóðarbrot sem ekki eiga aðild að Alþjóðaknattspyrnusambandinu.

„Markmið okkar er að veita knattspyrnumönnum og ríkjum, sem eru ekki hluti af FIFA, tækifæri til að leika knattspyrnu með landsliði sínu og vaxa þannig og dafna sem fótboltamenn og manneskjur. Flestir meðlimir okkar eiga ekki þann möguleika að spila með landsliði eða eru ekki gjaldgengir til að leika með neinu ríki sem á aðild að FIFA,“ segir Þjóðverjinn Sascha Düerkop, formaður ConIFA.

Sem stendur eru aðildarríkin 47 talsins frá öllum heimsálfum að Suður-Ameríku undanskilinni. Að baki hverju og einu þeirra er oft mikil saga um baráttu þjóðarbrota við ofríki móðurríkisins eða stríðsátök heima fyrir. Stærstur hluti aðildarfélaga ConIFA kemur frá Evrópu en í þeim hópi má nefna lönd á borð við Mónakó, Abkasíu, Ellan Vannin (eyjuna Mön), tyrkneska hluta Kýpur og Kárpátalja. Frá Asíu má nefna írska Kúrda, Róhingja, Sameinaða Kóreumenn í Japan og Tíbet. Til viðbótar má nefna til sögunnar Eyjaálfuríkin Túvalú og Kíribatí og í Afríku meðal annars Vestur-Sahara, Darfúr og Sansibar.

Ár hvert stendur ConIFA fyrir stórmóti í knattspyrnu. Álfumót eru haldin á oddatöluárum en heimsmeistaramót á sléttum ártölum. Fyrsta heimsmeistaramótið fór fram í Östersund í Svíþjóð árið 2014 en gestgjafar voru þá Samar. Nice-hérað stóð uppi sem sigurvegari. Héraðið tók ekki þátt að tveimur árum liðnum og var mótið því haldið í Abkasíu, eða Georgíu eftir því hvernig á málið er litið. Þar voru það heimamenn sem urðu hlutskarpastir eftir vítaspyrnukeppni í úrslitaleiknum gegn Panjab-héraði.

Mótið í ár var hýst af Barawa en það er hérað í Sómalíu. Barawíska knattspyrnusambandið samanstendur af Sómölum búsettum í Bretlandi sem hafa neyðst til að flýja heimaland sitt vegna borgarastyrjaldar, óöryggis og fátæktar.

Mótið var haldið á fimm leikvöngum í London en í fyrsta skipti í sögu ConIFA var fenginn styrktaraðili fyrir mótið auk þess sem ConIFA tókst að selja sýningarréttinn fyrir það. Írska veðmálafyrirtækið Paddy Power var opinber styrktaraðili og því fylgdu nokkrar breytingar á reglum knattspyrnunnar. Til að mynda gátu dómarar leiksins lyft grænu spjaldi, auk hinna hefðbundnu gulu og rauðu, en það fór á loft ef leikmaður gerðist sekur um að dýfa sér. Afleiðingar þess voru að nauðsynlegt var að skipta leikmanninum út af þá þegar. Dómarar mótsins voru ekki af verri endanum en þeirra fremstur var vafalaust Mark Clattenburg sem getið hafði sér gott orð sem dómari í ensku úrvalsdeildinni.

> **Flestir meðlimir okkar eiga ekki þann möguleika að spila með landsliði eða eru ekki gjaldgengir til að leika með neinu ríki sem á aðild að FIFA.**
>
> Sascha Düerkop, formaður ConIFA

**47**

**eiga aðild að samtökum þeirra sem ekki eru í FIFA.**

Sextán þjóðir unnu sér inn þátttökurétt á mótinu en tvær heltust úr lestinni áður en það hófst. Eyjaálfuríkið Kíribatí náði ekki að skrapa saman fjármunum til að ferðast á mótið og tók Túvalú því þess stað. Landslið Felvidek, sem samanstendur af fólki af slóvöskum uppruna í Ungverjalandi, dró sig einnig úr keppni og í staðinn kom Kárpatalja, Ungverjar í vesturhluta Úkraínu.

Mótið í ár var ekki laust við dramatík. Ellan Vannin, sem var talið sigurstranglegt fyrir mót, dróst í A-riðil ásamt Cascadíu, Tamil Eelam og gestgjöfunum í Barawa. Liðið vann fyrstu tvo leiki sína og var í efsta sæti riðilsins fyrir lokaleikinn gegn Barawa. Sá leikur tapaðist 2-0 en það þýddi að Cascadía og Barawa komust upp fyrir Mönverja á markatölu. Liðin höfðu unnið hvort annað innbyrðis og allir unnu lánlausa Tamíltígrana.

Eftir leikinn kom í ljós að Barawa hafði kallað inn í hóp sinn nýjan leikmann milli leikja vegna meiðsla. ConIFA gaf grænt ljós á það þrátt fyrir að þátttökuþjóðum hefði borið að tilkynna endanlegan hóp áður en mótið hófst. Hinum liðunum fimmtán var ekki tilkynnt um þessa breytingu. Mönverjar mótmæltu harðlega en það skilaði engu nema því að þeir létu sig hverfa af mótinu án þess að leika fleiri leiki.

Sigurinn skilaði Barawa leik í fjórðungsúrslitum gegn Norður-Kýpur þar sem liðið steinlá, skoraði ekki mark en fékk á sig átta. Tyrkirnir lögðu Padaníu í undanúrslitum og mættu þar viðbótarþjóðinni Kárpatalja. Liðið hafði lagt Cascadíu og Seklerland að velli á leið sinni í úrslitin.

Norður-Kýpur þótti sigurstranglegra fyrir leikinn en liðið hafði lent í þriðja sæti árið 2016. Kárpátalja var hins vegar að leika á sínu fyrsta heimsmeistaramóti. Liðin höfðu verið saman í riðli í upphafi móts og gerðu þá jafntefli. Staðan í úrslitaleikslok var einnig markalaus og þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni til að ákvarða sigurvegara. Voru það nýliðarnir sem höfðu betur, nýttu þrjár spyrnur en Norðurkýpverjar aðeins tvær.

Áhugamenn um knattspyrnu smáríkja geta fylgst spenntir með Evrópumótinu á næsta ári. Ekki liggur fyrir hvar það mun fara fram.

## VW Tiguan Allspace Comfortlinle+ 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrifinn / Sjö sæta / Dráttarbeisli

Volkswagen

**Besta Hekluverðið 6.990.000 kr.**

Fullt verð: 7.635.000 kr.

**Afsláttur**

**645.000 kr.**




# Nýr Volkswagen á Besta Hekluverðinu

Nú er góður tími til að fá sér nýjan Volkswagen hjá Heklu því við vitum aldrei hvað svona frábært verð býðst lengi.
**Tryggðu þér Volkswagen á besta Hekluverðinu og aktu inn í sumarið.**

## VW Tiguan Offroad TSI

Fjórhjóladrifinn / Sjálfskiptur

**Besta Hekluverðið 4.990.000 kr.**

Fullt verð: 5.790.000 kr.

**Afsláttur**

**800.000 kr.**



FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

## VW Golf GTE Tengiltvinnbíll / Sjálfskiptur / **Vistvænn**

**Besta Hekluverðið 4.190.000 kr.**



## VW T-Roc 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrifinn

**Besta Hekluverðið**
**4.490.000 kr.**



## VW Passat GTE Tengiltvinnbíll / Sjálfskiptur / **Vistvænn**

**Besta Hekluverðið**
**4.690.000 kr.**



## VW Polo 1.0 MPI / Bensín / Beinskiptur

**Besta Hekluverðið**
**2.390.000 kr.**



85 H **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. 5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

## Ljós í gangaendanum



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Vaxandi skilningur virðist vera meðal ráðamanna um að ekki verði unað við óbreytta stöðu á fjölmiðlamarkaði. Slíkt er löngu tímabært, enda hefur framganga Ríkisútvarpsins gegn frjálsu fjölmiðlunum fengið að viðgangast alltof lengi.

Nýleg dæmi eru af auglýsingasölu Ríkisútvarpsins í tengslum við Heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu. Ríkisútvarpið lét ekki duga að einoka nánast auglýsingamarkaðinn á meðan á keppninni stendur heldur seldi auglýsingar með þeim hætti að tengja þær viðburðum langt fram á haustið. Afleiðingarnar eru því ekki einungis þær að þrengja að tekjumöguleikum einkamiðlanna yfir blásumarið, heldur reyndi ríkisrisinn að einoka markaðsfé fyrirtækja í landinu til enn lengri tíma.

Áhrifa hefur auðvitað gætt í einkageiranum, sérstaklega hjá smærri miðlum sem síður þola höggið. Forsvarsmenn bæði Hringbrautar og N4 hafa lýst þessari stöðu vel.

Auðvitað er þetta ekki boðlegt. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins, lýsir því að lögboðið hlutverk Ríkisútvarpsins sé meðal annars að stuðla að lýðræðislegri umræðu. Vitaskuld gerir Ríkisútvarpið það með fréttaflutningi sínum, og oft á tíðum mjög vel.

Framganga stjórnenda RÚV á auglýsingamarkaði er hins vegar í hróplegu ósamræmi við þetta hlutverk. Þeir þurrka upp tekjur smærri miðlanna og freista þess að þagga niður í þeim. Varla stuðlar það að lýðræðislegri umræðu. Þvert á móti.

Ríkisútvarpið nýtur í dag ríflega fjögurra milljarða króna forskots á einkamiðlana í formi beinharðra ríkisframlaga. Því til viðbótar aflar miðillinn svo rúmlega tveggja milljarða með auglýsingasölu. Umræðan á það til að snúast um að ef Ríkisútvarpið færi út af auglýsingamarkaði yrði að bæta því tekjumissinn.

Hvers vegna? Í fyrsta lagi myndu útgjöld sparast þar sem ekki þyrfti að halda úti auglýsingasöludeild. Í öðru lagi þá benda öll sólarmerki til þess að talsvert væri hægt að hagræða í starfsemi RÚV. Í þeim efnum nægir að bera RÚV saman við stærsta einkaaðilann, Vodafone. Afköst síðarnefnda félagsins í sambærilegri starfsemi eru margföld og mun minna til kostað bæði í mannafla og öðru.

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra hefur nú boðað að tillögur til úrbóta verði kynntar með haustinu. Aðallega virðast tillögurnar eiga að snúast um endurgreiðslu á kostnaði vegna framleiðslu á fréttum og fréttatengdu efni. Lilja vísar þessu til stuðnings í norrænar fyrirmyndir, en stuðningur sem þessi hefur tíðkast í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Vonandi verður eitthvað úr loforðunum í þetta sinn. Einkamiðlarnir sinna nefnilega lögbundnu hlutverki RÚV ekki síður en stofnunin sjálf. Æskilegast væri hins vegar að aðgerðirnar gerðu hvort tveggja í senn: styrktu starfsemi einkamiðlanna, og tækju fyrir þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði. RÚV gæti þá einbeitt sér að lögbundnu hlutverki sínu.

> **Þeir þurrka upp tekjur smærri miðlanna og freista þess að þagga niður í þeim. Varla stuðlar það að lýðræðislegri umræðu. Þvert á móti.**




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Fyrsta sjálfshjálparbók hrakinnar þjóðar

Veðrið hefur leikið íbúa Suðvesturlands grátt þetta sumarið. Meðalhiti í júní var á höfuðborgarsvæðinu nærri tveimur gráðum undir meðaltali síðustu tíu ára. Júnímánuður hefur ekki verið jafnkaldur síðan 1997. Sólskin hefur ekki verið minna síðan 1914. Ekkert lát virðist á harðindunum en roki og rigningu er spáð út júlí. „Það má eiginlega segja að íslenska sumarið sé komið í langt sumarfrí,“ sagði veðurfræðingurinn Páll Bergþórsson í samtali við DV.is.

En fátt er svo með öllu illt að ekki hafi það einhvern tímann verið verra. Nú þegar Íslendingar standa bugaðir gagnvart náttúruöflunum, sólaráburðurinn nálgast síðasta söludag og nýju sandalarnir eru búnir að bíða svo lengi í skókassanum að þeir eru við það að detta úr tísku, má leita styrkingar í einu fyrsta sjálfshjálparriti Íslandssögunnar.

### Er Ísland byggilegt?

Í lok átjándu aldar spurðu Íslendingar sig eftirfarandi spurningar af fullri alvöru: Er Ísland byggilegt?

Spurningin var svo sannarlega réttmæt. Alla öldina hafði landið, örlögin og náttúran gert sitt besta til að koma íbúanum fyrir kattarnef. Hannes Finnsson, biskup í Skálholti, ákvað að skoða málið.

Árið 1703 var gert manntal á Íslandi. Er manntalið elsta þjóðarmanntal sem varðveist hefur í heiminum. Árið 1703 voru Íslendingar 50.358 að tölu. Þrjú áföll áttu hins vegar eftir að höggva stórt skarð í fólksfjöldann:

– Bólusótt: Á árunum 1707 til 1709 lést fjórðungur þjóðarinnar úr bólusótt. Ef fjórðungur þjóðarinnar félli frá í dag væru það rúmlega 85.000 einstaklingar.

– Kuldi: Á árunum 1751 til 1758 geisaði hungursneyð vegna óvenjumikils kulda, hafíss og lítils fiskafla. Íslendingum fækkaði um tæplega sex þúsund manns.

– Eldgos: Árið 1783 hófst eitt mesta eldgos Íslandssögunnar: Skaftáreldar. Ekki var nóg með að hraunkvikan legði tugi bæja í eyði heldur olli eitruð gjóskan mikilli mengun um allt land og gífurlegum búfjárdauða. Aftur fengu Íslendingar að svelta. Talið er að tíu þúsund manns eða fimmtungur þjóðarinnar hafi látið lífið í móðuharðindunum svokölluðu, sem drógu nafn sitt af móðunni sem lá yfir landinu.

Svo slæmt var ástandið undir lok átjándu aldar að til tals kom að flytja alla Íslendinga á brott til Danmerkur. Voru hugmyndir þess efnis skoðaðar af fullri alvöru; þær voru rannsakaðar af embættismönnum, um þær voru skrifaðar álitsgerðir og var kostnaðurinn við mannflutningana kannaður. Áfangastaðirnir sem komu til álita voru Jótlandsheiðar, Finnmörk og Kaupmannahöfn.

Hvernig fór um sjóferð þá vitum við öll; ekkert ykkar er að lesa þessi skrif undir berum himni á kaffihúsi á Strikinu yfir smurbrauði og Gammel dansk raulandi „vi er røde, vi er hvide, vi står sammen, side om side“.

En þótt ekkert hafi orðið af sjóferðinni til Danmerkur færði átjánda öldin Íslendingum óvænt innlegg í lífsbaráttuna.

### Þetta reddast

Er Ísland byggilegt? Hannes Finnsson biskup birti niðurstöður athugunar sinnar árið 1796 í ritinu Mannfækkun af hallærum. Í bókinni er eymd íslenskrar þjóðar rakin frá landnámi. Ítrekaðar hamfarir túlkar Hannes þó ekki sem ábendingu um að Íslendingum væri betur borgið í Köben með pylsu í annarri hendi, Tuborg í hinni og Kim Larsen í eyrunum. Jú, þjóðin hafði gengið í gegnum mikil áföll vegna harðinda og náttúruhamfara, viðurkenndi Hannes. En henni hafði alltaf tekist að rétta við aftur: „Ísland fær tíðum hallæri, en ekkert land í Norðurálfunni er svo fljótt að fjölga á ný manneskjum, og bústofni sem það, og er því eigi óbyggjandi.“ Skilaboð bókar Hannesar, sem hlýtur að teljast með fyrstu sjálfshjálparbókum Íslandssögunnar, útleggjast svo á nútímamáli: Krakkar, þetta reddast.

Næst þegar skólpið flæðir um sumarbústaðinn vegna rigninga, klæðast þarf skíðaúlpu á golfvellinum og sumarlaukarnir í garðinum blómstra ekki má að minnsta kosti gleðjast yfir einu: Þú ert ekki uppi á 18. öld.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is


ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!
25-50% afsláttur af öllum vörum
Mikið úrval af fallegum og vönduðum húsgögnum og gjafavöru fyrir heimilið.
HEIMAHÚSIÐ
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11-16.

# SUMAR ÚTSALAN

## LÝKUR UM HELGINA



# EKKI MISSA

**SÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | BORÐSTOFUBORÐ OG -STÓLAR | HILLUR |**


**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*
*Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*
*Verð gildir til 8. júlí 2018, eða á meðan birgðir endast.*




HÚSGAGNA
HÖLLIN

## Gullkynslóðin búin að taka næsta skref



**Ósviknar tilfinningar** Belgar fagna sigrinum gegn Brasilíu af innlifun í Kazan í gærkvöldi en Belgía komst í gær í undanúrslit á stórmóti í fyrsta sinn síðan HM 1986 í Mexíkó. Er því ljóst að næstu heimsmeistarar í knattspyrnu koma frá Evrópu en síðustu tvö liðin utan Evrópu, Úrúgvæ og Brasilía, duttu út í gær. Eru Belgar einum leik frá því að komast í úrslit HM í fyrsta sinn en Frakkar standa í vegi fyrir þeim í undanúrslitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tvö íslensk félög stórgræddu á Rússlandsævintýri Íslands

**FIFA greiddi félagsliðum íslensku landsliðsmannanna bætur upp á hálfan milljarð króna vegna þátttöku Íslands á HM. Tvö íslensk lið nutu góðs af því og fengu rúmar 23 milljónir í sinn vasa.**

**FÓTBOLTI** Alþjóðaknattspyrnusambandið þurfti alls að greiða félögum íslensku landsliðsmannanna 5,1 milljón dollara eða rúmar 543 milljónir íslenskra króna í bætur fyrir að leikmenn liðsins færu á Heimsmeistaramótið í knattspyrnu.

Fá öll félög sem eiga leikmann á mótinu því greitt fyrir að leikmaður liðsins hafi tekið þátt í HM og skiptir þar ekki máli hvort leikmaðurinn heitir Lionel Messi eða Birkir Már Sævarsson. Var FIFA búið að taka til hliðar 210 milljónir dollara til að útdeila meðal liða sem áttu fulltrúa í Rússlandi.

**Valur og Víkingur högnuðust vel**

Segja reglur FIFA til um að félögin eigi rétt á bótum sem reiknast út frá ákveðinni tímasetningu, tveimur vikum fyrir mót eða 31. maí. Reiknast þær til síðasta keppnisdags liðs á mótinu sem var 26. júní þegar tap Íslands gegn Króatíu gerði það að verkum að við féllum úr leik í riðlakeppninni.

Hljóma bæturnar upp á 8.530 dollara á dag eða tæplega 910 þúsund krónur sem félögin fá greiddar frá FIFA fyrir hvern dag en fyrir íslensku leikmennina fá félögin greitt fyrir 26 daga. Hljómar lokaupphæðin því upp á tæplega 222 þúsund dollara, rúmlega 23,6 milljónir íslenskra króna, fyrir hvern leikmann.

Tvö íslensk félög njóta góðs af því að fá þessa upphæð fyrir leikmenn sína í Rússlandi en það eru Víkingur Reykjavík og Valur.

Kári Árnason samdi við Víking Reykjavík í vor og fékk félagsskipti sín staðfest þann 16. maí síðastliðinn. Taldist hann því leikmaður uppeldisfélags síns allan tímann sem bæturnar voru reiknaðar.

Það sama er upp á teningnum með Birki Má Sævarsson, hann gekk til liðs við Val í febrúar og fær uppeldisfélag hans því greiddar bætur upp á rúmlega 23 milljónir íslenskra króna.

Það lítur hins vegar út fyrir að Fylkir fái ekki greiddar bætur fyrir Ólaf Inga Skúlason, miðjumanninn sem samdi við Árbæinga stuttu fyrir mót.

Er ekki búið að ganga frá félagsskiptunum frá Kardemir Karabükspor í Tyrklandi og fær tyrkneska félagið því greiddar bæturnar í stað Fylkis.
kristinnpall@frettabladid.is



Félagsskipti Ólafs Inga Skúlasonar gengu ekki í gegn fyrir HM og fær Fylkir því ekki bætur.



Kári Árnason Víkingur R.
23.630.000 kr.

Birkir Már Sævarsson Valur
23.630.000 kr.

**26 dagar** sem FIFA greiðir fyrir, fjórtán í aðdraganda móts og tólf þegar Ísland er á HM.

FIFA greiðir félögum leikmanna **8.530 dollara** hvern dag.
**908.870 kr.**

Greiddu félögum íslensku leikmannanna samtals **5,1 milljón dollara**.
**543.000.000 kr.**

## Stjarna dagsins á HM 2018

Belgíski markvörðurinn Thibaut Courtois var reiðubúinn þegar kallið kom í 2-1 sigri Belga á Brasilíu í gærkvöldi. Brasilía var umtalsvert meira með boltann og átti mun fleiri tilraunir að marki Belga en þegar tilraunir Brasilíumanna fundu markrammann var Courtois yfirleitt tilbúinn og leysti það vel.



Varamaðurinn Renato Augusto fann leiðina framhjá honum með snyrtilegum skalla í seinni hálfleik en þegar kallið kom undir lok leiksins var Courtois tilbúinn.

Stórstjarnan Neymar virtist ætla að kreista fram framlengingu í uppbótartíma með snyrtilegu skoti en Courtois náði að blaka boltanum yfir og um leið Brasilíumönnum heim.

**HM 2018 í Rússlandi, 8-liða úrslit**

**Úrúgvæ - Frakkland 0-2**
0-1 Raphael Varane (40.), 0-2 Antoine Griezmann (61.).

**Brasilía - Belgía 1-2**
0-1 Fernandinho (13, sjálfsm.), 0-2 Kevin De Bruyne (31.), 1-2 Renato Augusto (76.)

*Belgía og Frakklands mætast í undanúrslitum HM í Pétursborg á þriðjudaginn.*

## Komnar áfram eftir sigur á Kína

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta skipað leikmönnum 20 ára og yngri tryggði sér sæti í 16 liða úrslitum á heimsmeistaramótinu með því að vinna öruggan fimmtán marka sigur á Kína í Ungverjalandi í gær, 35-20.

Fengu stúlkurnar skell gegn Rússlandi á fimmtudaginn en Ísland hefur unnið tvo leiki og gert eitt jafntefli eftir fjórar umferðir. Riðlakeppninni lýkur á sunnudaginn þegar Ísland mætir Chile sem er án stiga á botni riðilsins en hvorki Slóvenía né Chile geta náð Íslandi að stigum fyrir lokaumferðina. – **kpt**

## Guðbjörg fékk gull á EM í Gyor

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Spretthlauparinn Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir vann til gullverðlauna í 100 metra hlaupi á Evrópumótinu U18 í frjálsum íþróttum í Gyor, Ungverjalandi, í gær.

Kom hún fyrst í mark á 11,75 sekúndum og var 0,0006 sekúndum á undan hinni frönsku Pamera Losange í mark.

Hún keppir á ný í dag í undanúrslitunum í 200 metra hlaupi. – **kpt**

## HM í dag

**14.00** Svíþjóð – England
**18.00** Rússland – Króatía

# Landsliðsþjálfarinn liggur áfram undir feldi

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, kvaðst vilja taka sér eina til tvær vikur til þess að hugsa málin hvað varðar framtíð sína eftir að liðið tapaði fyrir Króatíu í lokaumferð riðlakeppninnar á þriðjudaginn í síðustu viku.

Samningur Heimis við Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, var til loka heimsmeistaramótsins og nú er spurning hvað gerist í þjálfaramálum liðsins í framhaldinu.

KSÍ er ekki búið að setja neinn tímaramma á ákvörðun Heimis að sögn Guðna Bergssonar, formanns KSÍ.

„Það er í raun fátt að frétta og staðan enn sú sama. Það er að við séum að gefa Heimi andrými til þess að hugsa málið og við erum að kortleggja stöðuna. Ég get ekki sagt meira á þessum tímapunkti. Við höfum ekki sett neinn tímaramma eða pressu, en þetta skýrist líklega á einhvern hátt í næstu viku,“ sagði Guðni þegar Fréttablaðið tók stöðuna á viðræðum við Heimi í gær.



**Heimir þungt hugsi á blaðamannafundi Íslands í Rússlandi á dögunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Næsta verkefni íslenska liðsins er fyrsti leikur í Þjóðadeildinni sem er ný keppni sem evrópska knattspyrnusambandið, UEFA, hefur settur á laggirnar. Hefur Ísland leik gegn Sviss ytra þann 6. september næstkomandi en ásamt Sviss er Belgía með Íslandi í riðli.

Leiða má líkur að því að góður árangur íslenska landsliðsins undanfarin ár hafi vakið áhuga á kröftum Heimis og honum standi til boða fleiri verkefni en að halda áfram þjálfun íslenska liðsins. – **hó**



**Tekst Froome að vinna sinn fimmta titil í Frakklandi?** NORDICPHOTOS/GETTY

## Tour de France hefst í dag

**HJÓLREIÐAR** Hin árlega Tour De France hjólreiðakeppni hefst í Noirmoutier í Frakklandi í dag en þessi stærsta hjólreiðakeppni heims stendur yfir næstu þrjár vikurnar. Hjóla keppendur rúmlega 3.300 kílómetra á þessum þremur vikum og fá aðeins tvo hvíldardaga.

Er þetta í 105. skiptið sem þessi keppni fer fram en augu allra verða á Bretanum Chris Froome sem hefur unnið keppnina þrisvar í röð og fjórum sinnum á síðustu fimm árum. Aðeins Eddy Merckx frá Belgíu hefur unnið Tour De France oftar eða fimm sinnum og getur Froome jafnað við hann í ár.

Hefur Froome verið í sviðsljósinu undanfarið eftir að lyfjaeftirlitið ákvað að rannsaka nánar sýni úr honum sem tekið var á Spáni í september. Eftirlitið gaf út tilkynning um daginn um að eftir nánari rannsókn hefði ekkert ólöglegt fundist en baulað hefur verið á Froome undanfarna mánuði eftir að ákveðið var að skoða sýnið nánar. – **kpt.**

## Birgir Leifur komst áfram í Tékklandi

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, komst í gegnum niðurskurðinn á Prague Golf Challenge í höfuðborg Tékklands í gær en Axel Bóasson, GK, náði ekki niðurskurði.

Lék Birgir Leifur annan hring mótsins á fjórum höggum undir pari og slapp í gegnum niðurskurðinn á þremur höggum undir pari eftir að hafa leikið á einu höggi yfir pari fyrsta daginn.



Var hann á pari eftir átta holur með sex pör, fugl og skolla en þá setti hann í fluggír. Fékk hann fjóra fugla á næstu fimm holum og lauk hringnum á því að fá fimm pör í röð.

Er þetta í fjórða sinn á tímabilinu sem Birgir Leifur nær niðurskurði á Áskorendamótaröð Evrópu en besti árangur hans er sjöunda sætið, einnig í Prag, í lok maí. - **kpt**






Ásdís Arna Gottskálksdóttir ætlar að hlaupa 10 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hugsar til hans meðan hún hleypur

Fjöldi fólks stundar nú grimmar hlaupaæfingar í þágu góðs málefnis fyrir Reykjavíkurmaraþonið. Þeirra á meðal er **Ásdís Arna Gottskálksdóttir** sem missti son sinn úr sjaldgæfum sjúkdómi fyrir fimm árum. Hún hefur síðan þá stutt dyggilega við foreldra langveikra barna í gegnum góðgerðarfélagið Bumbuloní.

Ásdís Arna Gottskálksdóttir æfir stíft þessa dagana undir Reykjavíkurmaraþonið fyrir góðgerðarfélagið Bumbuloní. Hún er stofnandi félagsins en hún átti langveikan son, Björgvin Arnar Atlason, sem lést aðeins sex ára að aldri árið 2013. Björgvin Arnar fæddist með afar sjaldgæfan genagalla, geleophysic dysplasia, og glímdi við mikil veikindi strax frá fæðingu. Hann fór meðal annars í þrjár hjartaaðgerðir og fimm hjartaþræðingar.

Ásdís vill halda minningu Björgvins Arnars á lofti með því að styrkja fjölskyldur sem eru í sömu sporum og hún var í á sínum tíma. „Við erum tuttugu og eitt sem hlaupum fyrir Bumbuloní. Ég hef aldrei áður hlaupið 10 kílómetra, hef mest hlaupið um sex kílómetra,“ segir Ásdís Arna létt í bragði. „Ég hleyp í minningu hans og vil styrkja fjölskyldur langveikra barna sem eru í þeirri stöðu sem ég var eitt sinn í sjálf,“ segir Ásdís Arna.

> VIÐ ERUM TUTTUGU OG EITT SEM HLAUPUM FYRIR BUMBULONÍ. ÉG HEF ALDREI ÁÐUR HLAUPIÐ 10 KÍLÓMETRA, HEF MEST HLAUPIÐ UM SEX KÍLÓMETRA.

„Það er mikilvægt í mínum huga að styðja vel við foreldra langveikra barna. Við höfum veitt fjórtán fjölskyldum styrki úr sjóðnum, til dæmis fengu átta fjölskyldur styrk fyrir síðustu jól,“ segir Ásdís Arna.

Ásdís Arna skráði sig í hlaupið í febrúar. „Ég er reyndar enn að jafna mig eftir barnsburð, ég á tíu mánaða gamlan strák og er rétt að koma mér af stað, rigningartíðin í höfuðborginni hefur heldur ekki hjálpað til. Ég hef þá bara æft mig innandyra. En ég mun svo sannarlega komast þetta. Mér finnst mjög gaman að taka þátt og hugsa til Björgvins þegar ég hleyp, er ekki sagt að hugurinn beri mann hálfa leið? Ég gæti líklegast hlaupið heilt maraþon af hugsjóninni einni saman en læt 10 kílómetra duga núna,“ segir Ásdís Arna.

Nafn góðgerðarfélagsins, Bumbuloní, vekur athygli. „Björgvin var mikill húmoristi, amma hans býr á Ítalíu og hann grínaðist með það. Orðinu fylgja góðar minningar,“ segir Ásdís Arna.

Með Ásdísi Örnu hlaupa 20 vinir og ættingjar. „Það er dýrmætt að hafa þennan flotta hóp með mér, þau hjálpa mér að kynna góðgerðarfélagið og eru glæsilegir fulltrúar þessa merka málefnis. Það skiptir máli að styðja foreldra langveikra barna og við leitumst sérstaklega eftir því að styrkja foreldra sem eiga börn sem eru veik af sjaldgæfum alvarlegum sjúkdómum og standa í áralangri og erfiðri baráttu fyrir börn sín,“ segir Ásdís Arna.

Meira á heimasíðunni, bumbuloni.is.

kristjanabjorg@frettabladid.is

> ÉG ER REYNDAR ENN AÐ JAFNA MIG EFTIR BARNSBURÐ, ÉG Á TÍU MÁNAÐA GAMLAN STRÁK OG ER RÉTT AÐ KOMA MÉR AF STAÐ, RIGNINGARTÍÐIN Í HÖFUÐBORGINNI HEFUR HELDUR EKKI HJÁLPAÐ TIL. ÉG HEF ÞÁ BARA ÆFT MIG INNANDYRA.

## Góð hlauparáð

Karen Kjartansdóttir er vanur hlaupari. Hún gefur góð ráð og mælir sérstaklega með hlaupaappinu Zombies Run þar sem eina leiðin til að halda lífi er að hlaupa eins og fætur toga.

**Rúmir skór**

Ekki velja skó sem henta vinum þínum heldur skaltu finna skó sem henta þér. Oft eru hlauparar krafðir um svör um bestu merkin og tegundir af skóm. Vissulega er sjálfsagt að miðla reynslu og ráðum til annarra en sannleikurinn er samt sá að tegund sem einum kann að þykja fullkomin hentar öðrum bara alls ekki. Mundu líka að hlaupaskór eiga að vera rúmari en hefðbundnir skór. Góð regla er að máta þá seinnipart dags, svona þegar fæturnir eru orðnir svolítið þrútnir eftir daginn. Hafðu líka í huga á hvernig undirlagi þú ætlar helst að hlaupa og veldu skóna í samræmi við það.

**Skemmtileg tækni**

Tækni gerir flest þægilegra og skemmtilegra. Til er fólk sem hleypur reglulega án þess að vera með úr, öpp eða nokkur mælitæki annað en eigin líðan og heilsu. Það er svolítið fallegt en sjálf er ég tækjanörd og hef mikla ánægju ef því að fylgjast með úrinu mínu, finna ný öpp til að setja í símann sem gefa hlaupunum nýja vídd og leita uppi skemmtilega tónlist eða podkóst til að hluta á á hlaupum. Sjálf mæli ég sérlega með hlaupaappinu Zombies run enda sameinar það áhuga minn á uppvakningum, útvarpsleikritum og hlaupum.

Í grunninn er það útvarpsleikrit, og ferlega vel skrifað á köflum, en í því ert þú ein persónanna og þarft að takast á við miklar þrautir í distópískri framtíð þar sem eina leiðin til að halda lífi er að hlaupa eins og fætur toga. Þetta hentar til að mynda vel í myrkum vetrarhlaupum og sjálf á ég skemmtilega minningu af því að hafa skellt hressilega upp úr á hlaupum í skafrenningi og byl við að hlusta á þátt þar sem kanadíski metsöluhöfundurinn Margaret Atwood skaut skyndilega upp kollinum sem gestaleikari í sögunni og meðhlaupari minn í hinum tilbúna heimi varð ég vandræðalega „starstruck“. Já, ég sagðist vera nörd.

## Topp 7



Halldór Laxness Halldórsson, Dóri DNA, stundar hnefaleika af kappi og hleypur reglulega. Á síðasta ári hljóp hann 10 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu til styrktar Reykjadal, en það var í fyrsta skiptið sem hann hljóp í almenningshlaupi. Dóri deilir lagalistanum sínum.

1. **Gilli - Tidligt Op**
2. **Gilli - Knokler Hårdt**
3. **Sivas - Ritualet**
4. **Sivas - Kun Hinanden**
5. **Bugzy Malone - M.E.N**
6. **Bugzy Malone - Beaty & The Beast**
7. **Nav - Up**


KRÓNAN
Svarið
við erfiðustu
spurningu
dagsins
er ...
Steikar
samloka
Ungnauta innralæri
3999 kr. kg
BERNAISE
SÓSAN
500 mL
Fabrikku Bernaises sósa
499 kr. stk.
KORTER Í
4
Tómatar í lausu
265 kr. kg
Snittubrauð
199 kr. stk.
Sveppir, 250 g
332 kr. pk.
Laukur 4 stk. 500 g
289 kr. pk.
H&G Klettasalat 75g
229 kr. pk.
Þú finnur
uppskriftina á
kronan.is/
uppskriftir
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 8. júlí eða meðan birgðir endast. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Guðrún á land upp í topp á Dímon sem hér sést út við sjóndeildarhringinn. Hún hefur unnið mikið að uppgræðslu á Markarfljótsaurunum, skógur heima við bæ ber iðni hennar líka vott. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fólk hleypur ekkert í burtu að gamni sínu

**Guðrún Stefánsdóttir** í Hlíðarendakoti hefur sinnt sauðfjárbúskap í þrjá áratugi og ekki dregið af sér, hvorki heima fyrir né í félagsstarfi fyrir bændur. Nú kveðst hún ekki lengur geta búið við þau kjör sem henni sé gert að lifa við og vandar sláturleyfishöfum ekki kveðjurnar.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Enginn kemur Guðrúnu Stefánsdóttur í Hlíðarendakoti að óvörum, hundurinn hennar, Týri, sér um það. Því kemst ég að er ég renni þar í hlað. En þegar Guðrún leggur blessun sína yfir heimsóknina hættir hvutti að gelta og verður hinn spakasti.

Húsið er með herragarðsbrag, gengið er inn víðan gang með hvelfdu lofti og þar innan við fáum við Guðrún okkur sæti við stórt borðstofuborð, hún rennir kaffi í bolla en ég munda upptökutækið. Hún ætlar nefnilega að fara að selja Hlíðarendakot og það þykir mér tíðindum sæta því hún hefur rekið þar bú af myndarskap og látið sig málefni bænda varða, var meðal annars fulltrúi sunnlenskra bænda á aðalfundum Landssambands sauðfjárbænda og sat búnaðarþing í tólf ár. En hún kveðst hafa skorið niður fjárstofninn að mestu í fyrrahaust enda ekki unnt að búa við þau kjör sem sauðfjárbændum sé gert að lifa við. „Sláturleyfishafar lækkuðu lambakjötsverðið til bænda í fyrra úr 600 í 400 krónur kílóið og kjöt af fullorðnu fé úr 200 krónum í 120, sama á hvaða aldri kindin var. Slík launalækkun þekkist ekki í öðrum greinum.“

**FÓLK ALLT Í KRINGUM LANDIÐ ER OFURSELT SLÁTURLEYFISHÖFUNUM, Á ÞEIM VELTUR FRAMTÍÐ BYGGÐAR, BÆÐI Í SVEITUM OG LITLUM ÞORPUM, ÞVÍ ÞEGAR HÚN GRISJAST LEGGST ÞJÓNUSTA ÞAR AF.**

Guðrún upplýsir að þau Viðar Pálsson í Hlíðarbóli í Fljótshlíð hafi fyrir þremur árum ákveðið að rugla saman reytum. Hann hafi verið sauðfjárbóndi eins og hún og samtals hafi þau átt 650 fjár á fóðrum. „Hann byrjaði líka í ferðaþjónustu árið 2016 og er með pláss fyrir 13 gesti í rúm. Fyrsta sumarið var hann bara með opið í þrjá mánuði en hafði samt meira upp úr gistingunni en við bæði samanlagt fyrir sauðfjárafurðirnar. Svo við fækkuðum ánum í fyrrahaust og eigum nú um hundrað samtals.“

Kindakjötsverð til bænda, sem Norðlenska gaf út nýlega fyrir komandi haust, er nánast óbreytt frá því í fyrra, að sögn Guðrúnar. Kannski 1% hækkun. „Þetta er dauðadómur fyrir sauðfjárrækt sem búgrein og þá bændur sem stunda hana. Atvinna fólks og heimili eru undir og það hleypur ekkert í burtu að gamni sínu,“ segir hún og kveður fast að. Segir sláturleyfishafana ekki hafa lækkað verðið frá sér. „Þeir segja að útflutningurinn kosti svo mikið. Samt var síðasti búvörusamningur gerður þannig að þar var verðlaunað fyrir fjölgun fjár. Ég var í stjórn bændasamtakanna þá og geiddi atkvæði gegn samningnum sem var algerlega úr takti við þær aðstæður sem voru og eru. Dæmið á að snúast um framboð og eftirspurn innanlands og ef fólk vill framleiða til útflutnings, þá gerir það slíkt á eigin ábyrgð. Það er mitt álit. Birgðir sem sláturleyfishafar þóttust sitja uppi með í fyrra reyndust ekki vera fyrir hendi, en við komumst aldrei í þær tölur sem snúa að útflutningnum. Þær virðast vera einkamál fyrirtækjanna.“

Guðrúnu er greinilega misboðið. Hún segir þessi verðlagsmál þó ekki snerta hana lengur efnahagslega, heldur tilfinningalega. „Fólk allt í kringum landið er ofurselt sláturleyfishöfunum, á þeim veltur framtíð byggðar, bæði í sveitum og litlum þorpum, því þegar hún grisjast leggst þjónusta þar af. En Evrópuríkin sem við keppum við, þau styrkja sinn landbúnað ekki síður en við, þó veðurfarsleg og markaðsleg skilyrði séu mun betri.“

**AUÐVITAÐ ER BÚINN TIL SÆLKERAMATUR ÚR ÞESSU GÓÐA HRÁEFNI OG SELDUR HÆSTA VERÐI, ÆRFILLE AF UNGRI Á ER TIL DÆMIS ALGERT HNOSSGÆTI, ÞÓ VIÐ FÁUM BARA 120 KRÓNUR FYRIR KÍLÓIÐ.**

Hún segir þau Viðar hafa fengið sér að borða í Mjóddinni um daginn og valið það dýrasta á matseðlinum, úrbeinað kjöt af lambalæri. Þau hafi velt fyrir sér verðmynduninni. „Ja, ég er að kaupa kjötið á 3.000 krónur kílóið af sláturleyfishafa,“ var svarið sem vertinn gaf. Auðvitað er búinn til sælkeramatur úr þessu góða hráefni og seldur hæsta verði, ærfille af ungri á er til dæmis algert hnossgæti, þó við fáum bara 120 krónur fyrir kílóið. Lambið er í raun villibráð og dýravelferð er mikil á Íslandi, hér viðgangast hvorki fúkkalyfja- né hormóna-

# Meira vegan




**Vegetarian plus**

Grænmetisréttir sem allir njóta.

Verð frá **998** kr/pk

VEGAN




**Earth Balance**

Smyrjur

**899** kr/stk

VEGAN




**Lenny and Larry´s**

Próteinríkar Vegan smákökur

**399** kr/stk

VEGAN




**Tofurky**

Álegg fyrir grænmetisætur og vegan

Verð frá **449** kr/stk

VEGAN




**Califia plöntumjólk**

Möndlumjólk, kókos & möndlumjólk og kaffidrykkir

verð frá **599** kr/pk

VEGAN




**Field Roast**

Álegg, pylsur og borgarar unnið úr korni, grænmeti og kryddi

verð frá **449** kr/pk

VEGAN




**Ben & Jerry´s**

P.B & Cookies, Chocolate Fudge Brownie og Chunkey Monkey.

**1.199** kr/stk


HAGKAUP
Meira svona alla daga

gjafir. En svo má flytja inn kjöt til landsins án þess að nokkuð sé vitað hvernig þessum málum er háttað í upprunalandinu, heldur látið eins og kjötið sé framleitt þar sem því er pakkað. Það kom upp matareitrun í kjúklingum í Danmörku og þegar blaðamaður þar fór að rekja uppruna kjötsins reyndist það vera frá Taílandi þar sem reglur eru ekki í neinu samræmi við það sem Danir verða að tileinka sér.“

Guðrún segir mér líka sögu úr Parísarferð sem hún fór með Gerði Guðrúnu, dóttur sinni, nýlega. „Á leið til Versala hittum við mann frá miðríkjum Bandaríkjanna. Hann sagðist hafa stutt Trump í forsetakosningunum og við spurðum af hverju. „Sko, stáliðnaðurinn í Bandaríkjunum býr við reglur um lágmarkslaun, aðbúnað og gæðastaðla og greiðir sína skatta en svo erum við að keppa við kínverskt stál, framleitt þar sem engin lágmarkslaun eru við lýði og engar reglugerðir,“ svaraði hann. Þá varð mér hugsað til íslensks landbúnaðar.“

Þessi dugmikla sveitakona er uppalin á mölinni en óslökkvandi áhugi á dýrum og útivist sagði snemma til sín, að hennar sögn. „Ég fór á öll reiðnámskeið og var í skátunum. Svo fór ég í sveit að Hofsnesi í Öræfum, var þar á sumrin sem unglingur og fannst ég strax verða hluti af samfélaginu þar eystra. Hef alltaf spekúlerað mikið í náttúrunni og var svolítið að sniglast kringum Hálfdán Björnsson á Kvískerjum, lærði af honum að þekkja fugla, fiðrildi og plöntur og safnaði eggjum. Svo var Sigurður, bóndi á Hofsnesi, hafsjór af sögum,“ lýsir hún.

Guðrún varð búfræðingur frá Hvanneyri 1977, búfræðikandidat í Edinborg og náði sér síðar í mastersgráðu í landgræðslufræðum við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, í fjarnámi með búskapnum. En eftir Edinborgardvölina hélt hún í heimsreisu og vann á sauðfjárbúi í Ástralíu og holdanautabúgarði í Bandaríkjunum. Kveðst enn halda sambandi við marga sem hún kynntist úti og vera að skipuleggja ferð til Ástralíu til að hitta bændurna sem hún var hjá þar. „Ég var líka í Tansaníu í eitt ár að vinna á kúabúi. Ætlaði að fara út í þróunarstarf en hitti marga sem höfðu eytt ævinni í slík störf, mest einhleypa


**Tvær burstir af þremur standa enn á litla bænum sem Guðrún bjó í um tólf ára skeið með manni sínum og börnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

***Vinina fornu hef ég hitt, hjörtun sem ég þekki. Þverá tekur túnið mitt en tryggðinni nær hún ekki.***

karla sem búnir voru að missa sjónar á konunni og börnunum og áttu ekkert ættland lengur. Þeir sögðu magnaðar sögur, búnir að þvælast um allan heim og vinna við ótrúlegustu aðstæður. Lenda í því sem við mundum kalla ævintýri – en voru bara frekar einmana. Ævintýri geta orðið hversdagleg líka, þau verða að koma innan frá.“

Heimkomin úr fjarlægum heimsálfum fór Guðrún að vinna á Hesti í Borgarfirði hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þar hitti hún Árna Jónsson sem var þar bústjóri og féll fyrir honum, þó hann væri 27 árum eldri, og þau giftu sig 1986. „Mamma hans Árna var frá Hlíðarendakoti og við fluttum hingað árið 1988, þá komin með tvö börn, soninn Jón Örn sem nú er orðinn lögfræðingur og Gerði Guðrúnu sem er listfræðingur frá London en vinnur í Arion banka. Ásdís Hulda bættist við eftir að hingað kom, hún er hundasnyrtir og er mest hér í sveitinni af börnunum, á til dæmis flest hrossin hér í túninu.“

Fyrstu tólf árin í Hlíðarendakoti segir Guðrún fjölskylduna hafa búið í litlum bæ með þremur burstum. Hann blasir við frá heimkeyrslunni að íbúðarhúsinu sem var byggt um síðustu aldamót á grunni enn eldri bæjar. „Bærinn hans Þorsteins Erlingssonar skálds, hann stóð hér,“ segir Guðrún. Hún fer með vísu eftir Þorstein sem hann orti þegar hann kom í Hlíðarendakot í síðasta sinn, sem var þá aðþrengt vegna ágangs Þverár.

*Vinina fornu hef ég hitt,*
*hjörtun sem ég þekki.*
*Þverá tekur túnið mitt*
*en tryggðinni nær hún ekki.*

Guðrún varð ekkja árið 2014, er Árni lést eftir langvarandi veikindi. „Síðustu árin voru Árna erfið og hann gat ekki verið einn. Lasleikinn byrjaði með lungnaþembu sem versnaði mikið við gosin í Eyjafjallajökli, hann varð þá fastur við rúmið og fór ekki aftur af stað. Svo bættust Alzheimer og krabbi við,“ lýsir Guðrún og segir mann sinn þó hafa verið heima allan tímann. „Við hjálpuðumst öll að við að gera honum það kleift. Það kom svo mikið óöryggi í hann með Alzheimernum að við gátum ekki hugsað okkur að hann færi annað og Gerður Guðrún var hér heima síðasta árið hans.“

HANN VAR BARA EINS OG HVER ANNAR KUNNINGI SEM KOM OG REDDAÐI ÝMSU Í SAMBANDI VIÐ VÉLARNAR. ÁTTA MÁNUÐUM EFTIR AÐ ÁRNI DÓ KOM HANN HINGAÐ AÐ HJÁLPA MÉR OG ÞÁ KVIKNAÐI EITTHVAÐ MILLI OKKAR.

Spurð hvort hún hafi alltaf þekkt Viðar á Hlíðarbóli svarar Guðrún: „Já, hann var bara eins og hver annar kunningi sem kom og reddaði ýmsu í sambandi við vélarnar. Átta mánuðum eftir að Árni dó kom hann hingað að hjálpa mér og þá kviknaði eitthvað milli okkar. Hann hafði verið í sambúð með konu en þau skildu og við tókum saman en erum með lögheimili hvort á sínum bæ. Við höfum bæði gaman af að ferðast og höfum gripið ódýr fargjöld og skellt okkur út fyrir landsteinana öðru hvoru.“

Ekki kveðst Guðrún ætla að flytja að Hlíðarbóli þegar Kotið selst. „Ég á hlut í jörðinni Múlakoti,“ segir hún. „Þar ætla ég að byggja mér hús. En þegar atvinnumöguleikinn er farinn þá verður maður einhvers staðar að ná í pening til að lifa af. Það kostar ekkert lítið að halda svona jörð, bæði í vinnu og fasteignagjöldum. Svo er að koma ljósleiðari og hann kostar 300 þúsund á býli. Fyrirtækinu Mílu eru seld notin fyrir önnur 300 þúsund. Sveitarsjóður greiðir þetta allt fyrir íbúa þorpsins á Hvolsvelli en við sem búum í sveitunum verðum að gjöra svo vel að borga. Það getur varla staðist stjórnarskrá. Við skulum svo ekki ræða póstþjónustuna í hinum dreifðu byggðum.“



# Sumarið er í Múrbúðinni

## MÚRBÚÐARVERÐ



**Kaliber** PREMIUM GRILL

**Öflugt og ódýrt**

**Kaliber Black gasgrill**
3x3kw brennarar (9KW). Grillflötur 41x56cm

**23.990**



Grillbursti kr. **390**

Grilláhöld 3 stk. í setti kr. **1.380**



**26.490**

**Lavor Space 180 háþrýstidæla**

2500w, 180 bör (275 m/túrbóstút) 510 L/klst
Pallahreinsir, hringbursti, felgubursti og aukaspíssar fylgja.



**Frábært verð á plast- þakrennum. Sjá verðlista á www.murbudin.is**



**Grill yfirbreiðslur margar stærðir. Verð 4.280-4.580**

**Kaliber Red gasgrill**
4 brennara (12KW) + hliðarhella (2.5KW). Grillflötur 41x56cm

**44.990**

**MIKIÐ ÚRVAL**



Deka þakmálning 10 lítrar
**9.990**



Oden þekjandi viðarvörn 1 líter, A stofn
**1.790**



**29.990**

**Lavor SMT 160 ECO**

2500W, 160 bör (245 m/túrbóstút) 510 L/klst. Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bíll) og hörð (t.d. steypa).



Landora tréolía Col-51903 3 l.
**1.980**



DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
**7.990**



Gróðurmold 20 l.
**560**
40 l kr. 990

Maston Hammer Spray 400ml
**1.050**

**MARGIR LITIR**

Maston Hammer 750ml
**1.995**



**Blöndum DRAUMALITINA þína!**

Deka Projekt 10 innimálning, 10 lítrar (stofn A)
**6.390**



DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
**8.790**

1 líter kr.
**1.990**



Maston Hammer 250ml
**995**



Bio Kleen
**Pallahreinsir**
1 líter
**895**
5L 2.990 kr.

Hjólbörur 80L
**3.990**





**Steypugljái á stéttina – þessi sem endist**

**Portúgalskir leirpottar**



**Mikið úrval**

**20% AFSLÁTTUR**

**Opið laugardag kl. 10-16 á Klettháls og 10-14 í Reykjanesbæ**

Tilboð gildir til 8/7/2018

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Netgíró
Betri leið til að versla

**MÚRBÚÐIN**
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

# Pillumyllan á Benidorm



Benidorm er vinsæll áfangastaður Íslendinga. Á Playa de Levante er læknastofa Torres. MYND/GOOGLE

**Íslendingar hafa keypt lyfjaávísanir upp á fíknilyf á Benidorm af lækninum Torres og flutt hingað til lands. Tollgæslan hefur lagt hald á mikið magn ávana- og fíknilyfja á árinu. Stór hluti þeirra er frá Spáni. Sama mynstur kom upp í Noregi fyrir fáeinum árum.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Benidorm er íslenskum sóldýrkendum vel kunnur og einn vinsælasti áfangastaður þeirra um áraraðir. Leið flestra ferðalanga liggur með flugi frá Íslandi á alþjóðaflugvöllinn á Alicante og svo þaðan til Benidorm og annarra smábæja á Costa Blanca strandlengjunni.

Á verslunargötu, þar sem eru hótel, barir og minjagripaverslanir, rétt við ströndinni Playa Levante á Benidorm, er að finna litla læknastofu, Centro Medico Benidorm. Þar starfa nokkrir læknar, þeirra á meðal Torres, sem hefur skrifað upp á fíknilyf í miklu magni fyrir ferðamenn sem leita til hans. Meðal annars Norðmenn og Íslendinga.

Tollgæslan hefur lagt hald á mikið magn ávana- og fíknilyfja á árinu. Hluta þeirra flytja íslenskir ferðamenn til landsins frá Spáni.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að slóðin hefur verið rakin til fáeinna lækna á Benidorm sem skrifa út risastóra skammta ávana- og fíknilyfja, þeirra á meðal til Torres.

**Framvísa erlendum vottorðum**

Torres er stórtækur og hefur ávísað gríðarlega stórum skömmtum til Íslendinga sem eiga sér ekki heilsufarssögu sem rökstyður að nauðsynlegt sé að nota slík lyf.

Tollgæslan hefur ekki heimild til að greina frá einstökum málum en rannsóknardeild Tollgæslunnar svaraði fyrirspurn Fréttablaðsins og gaf dæmi um haldlagt magn fíknilyfja sem flutt eru til landsins. Stærstur hluti þeirra er frá Spáni og ferðamenn framvísa lyfjaávísunum og vottorðum frá þarlendum læknum.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að nafn Torres komi fyrir á vottorðum og lyfjaávísunum sem Íslendingar framvísa.

Það sem af er ári hefur Tollgæslan lagt hald á nærri 18.900 töflur af ávana- og fíknilyfjum. Þar af eru um það bil 3.100 OxyContin-töflur, 1.950 MST Continus-töflur (morfín) og 5.200 töflur af Alprazolam (Xanax).

**Reglugerðum breytt í Noregi**

Íslenskar reglugerðir auðvelda ferðamönnum að flytja lyf með sér til landsins. Þeim, sem hafa fengið uppáskrifuð lyf frá læknum á Spáni og flutt þau til landsins, er í raun heimilt að flytja til landsins lyf til eigin nota ef þeir framvísa vottorði læknis eða lyfseðli en þeir þurfa líka að sýna fram á að lyfin séu nauðsynleg í því magni sem flutt er inn. Í flokki ávana- og fíknilyfja er leyfilegt að flytja með sér magn sem svarar mest til 30 daga notkunar.

Reglugerðir í Noregi voru svipaðar og hér á landi. Þær voru hertar árið 2016 vegna stóraukins flutnings ávanabindandi fíknilyfja til landsins sem síðan voru seld á svörtum markaði.

Í dag mega ferðamenn með norskt ríkisfang einungis flytja með sér sjö daga skammt af ávana- og fíknilyfjum sem keypt eru erlendis, en 30 daga skammt ef viðkomandi er með vottorð frá norskum lækni.

**Sama mynstur**

Eins og á Íslandi nýttu Norðmenn sér smugu í reglugerð áður en henni var breytt, um flutning lyfja til einkaneyslu. Heimilt var að flytja með sér 30 daga skammt nauðsynlegra róandi og verkjalyfja ef lyfjaávísun og vottorði erlendra lækna var framvísað.

Árið 2015 fjölluðu blaðamenn norska héraðsdagblaðsins Trønder-Avisa um svartan markað lyfjanna og flutning norskra ferðamanna á þeim til landsins. Í Noregi eins og á Íslandi fór að bera á söluaukningu ávanabindandi róandi lyfja og verkjalyfja á svörtum markaði.

Á sama tíma lögðu norskir tollverðir hald á mikið magn fíknilyfja í farangri fólks sem ferðaðist frá Alicante.

Eins og hér var slóðin rakin til Benidorm og til sama læknis, Torres.

## Fíkniefni á svörtum markaði

Róandi og ávanabindandi lyf eru seld í gegnum snjallforrit og samfélagsmiðla. Framboðið er gríðarlega mikið. Lyfið Xanax er mjög áberandi í auglýsingum á þessum miðlum. En eins eru áberandi auglýsingar fyrir OxyContin og morfínlyf.




MST, morfínlyf sem var flutt inn til landsins. Rúmlega 1.550 skammtar.

## Lyfjatengd andlát

| 34 | 25 | 30 | 19 |
|---|---|---|---|
| 2008 | 2016 | 2017 | 2018 janúar til júlí |

## Ljóstrað upp um Torres lækni



Blaðamaður Trønder-Avisa Stian Manka ákvað að staðreyna frásagnir fólks sem hafði flutt inn fíknilyf með þessum hætti og flaug til Alicante í þeim tilgangi að rannsaka starfsemi læknisins Torres á Benidorm.

Manka hafði verið trúað fyrir því að Torres tæki rúmlega 200 evrur fyrir að ávísa skammti fíknilyfja og það var reyndin. Stian greiddi spænska lækninum Torres tæpar 25 þúsund krónur undir borðið fyrir lyfjaávísun upp á risastóran skammt af fíknilyfjum án þess að þurfa að sýna fram á heilsufarsvanda.

Hér að neðan fylgir brot úr grein Stians sem var birt þann 3. október 2015 í Trønder-Avisa þar sem Manka ræðir við Torres.

*– Halló. Er ég að tala við Torres lækni?*

*– Torres lækni, já.*

*– Ég heiti Manka, ég er frá Noregi.*

*– Allt í lagi, Manka. Hvernig hefur þú það, hvað get ég gert fyrir þig?*

*– Ég fékk númerið þitt hjá góðum vini. Ég vil kaupa lyfjaávísun.*

*– Ok. Hvað viltu fá frá mér?*

*– Ég vil fá Dolcontin. Eða MST. Ertu með það?*

*– Auðvitað. Hversu mikið? Fjórar MST? Í hverri öskju eru hundrað töflur.*

*– Tvær eru fínt. En ég vil líka fá 100 af valíum.*

*– Ok. 5 mg eða 10 mg?*

*– 10 mg.*

*– Ok. Ég skal græja það fyrir þig. Þú getur komið á stofuna til mín. Ég verð við eftir klukkan 17.*

*– Hvað kostar þetta?*

*– 220 evrur. Ég skal tala við apótekið svo þú getir fengið pillurnar þínar í kvöld.*

*– 220 evrur, ok. Er það bæði fyrir pillurnar og lyfjaávísunina?*

*– Nei, nei. 220 evrur er bara fyrir lyfjaávísunina. Þú verður að fara í apótekið til að sækja pillurnar. En ég skal tala við þau. Svo þau hafi pillurnar til fyrir þig. Þú vilt fá pillurnar þínar í kvöld.*

*– Ok. Sé þig klukkan 17.*

*– Já. Ég þarf eftirnafnið þitt herra?*

*– Manka. M - A - N - K - A.*

*– Fínt. Sé þig á stofunni minni.*

Manka fer klukkan fimm á Centro Medico og lýsir fundi sínum með Torres. Hávöxnum og vel klæddum manni á sextugsaldri.

*– Svo það ert þú sem hringdir fyrr í dag og vildir fá valíum og MST?*

*– Já.*

*– Hversu lengi hefur þú notað lyfin?*

*– Kannski í tvö ár.*

*– Hefur þú lent í slysi eða eitthvað því umlíkt?*

*– Nei, krabbamein.*

*– Krabbamein. Gott.*

Manke segir dr. Torres ekki hafa spurt hann á nokkurn hátt frekar út í sjúkdómsástand sitt eða þörf fyrir töflurnar. Heldur hafi hann einfaldlega gefið út lyfjaávísun fyrir 120 morfíntöflum, þótt hann hafi reyndar fyrr um daginn boðist til að skrifa út 240 töflur, og 100 valíumtöflum. Hann rukkar Manke um 220 evrur og vill fá seðla og alls ekki gefa kvittun. Hann samþykkir hins vegar að láta Manke fá pappíra til að sýna tollyfirvöldum.

*– Hvenær er flugið þitt?*

*– Í fyrramálið.*

*– Ég skal hjálpa þér.*

Manke segir Torres hafa skrifað upp á þörf fyrir lyfin. En skrifað undir með öðru nafni.

Þetta stóð á vottorðinu:

Mr. Manka – ríkisborgari í Noregi – hefur verið í meðferð á stofu okkar. Hann er á leið heim til Noregs. Hann fær með sér lyf sem hann þarf í 30 daga, Valium og MST Continus.

Blaðamaður Fréttablaðsins reyndi að hafa samband við Torres en fékk ekki aðgang að honum og talaði við ritara á stofunni. Það reyndist afar auðvelt að fá tíma hjá lækninum og ritarinn lofaði því að hann myndi hjálpa.

*– Hæ, er Torres læknir við?*

*– Já, biddu. hvers vegna ertu að hringja?*

*– Ég er að hringja frá Íslandi. Kem til Alicante í kvöld og þarf að hitta Torres lækni?*

*– Biddu, hvenær kemurðu á morgun?*

*– Flugið mitt er klukkan 3 og ég lendi í kvöld. Ég vil hitta hann snemma á laugardagsmorgun.*

*– Við opnum klukkan 10, þú mátt koma klukkan 11.*

*– Læknirinn minn heima á Íslandi er í sumarfríi. Ég þarf lyfjaávísun.*

*– Já, ertu með einhverja pappíra?*

*– Er það nauðsynlegt? Hann er í sumarfríi...*

*– Komdu bara með það sem þú átt. Það má vera hvað sem er. Bara hvað sem er sem hjálpar okkur að vita hvaða lyf þú þarft.*

*– Má það vera gömul lyfjaávísun eða bara hvað sem er?*

*– Já.*

*– En skiptir það máli hvað það er?*

*– Nei, nei, nei.*

*– Má ég ekki tala við hann?*

*– Nei, komdu bara á morgun.*

*– Og hann mun alveg örugglega hjálpa mér?*

*– Já, hann gerir það.*

# NetApp á Íslandi

LAUGARDAGUR 7. JÚLÍ 2018



Nokkrir starfsmenn hjá NetApp sitja hér fund og ræða ýmis málefni sem koma upp í starfseminni. MYND/ÞÓRSTEINN

## Stór atvinnutækifæri eftir vel heppnuð kaup á íslensku nýsköpunarfyrirtæki

Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Greenqloud var keypt af einu af 500 stærstu fyrirtækjum Bandaríkjanna. Ótrúleg umbreyting hjá litlum hóp sem vinnur nú þétt með stærstu fyrirtækjum heims að þróun nýrra skýjalausna. Fyrirtækið leitar nú að fólki í fjölmargar stöður, en stækkun skrifstofunnar á Íslandi gefur starfsfólki þess einstök tækifæri til þjálfunar og eflingar í starfi.

# Bjartir tímar framundan hjá NetApp

**Jónsi Stefánsson, forstjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Greenqloud, leiddi fyrirtækið í sameiningu við tæknirisann NetApp. Hann er ákaflega hreykinn af því hversu samruninn tókst vel og lítur framtíðina björtum augum.**

NetApp er 25 ára gamalt Fortune 500 fyrirtæki sem er stofnað og með höfuðstöðvar í Silicon Valley. NetApp er í raun hugbúnaðarfyrirtæki sem þróar stýrikerfi fyrir storage lausnir og fór síðar út í að búa til vélbúnað með. NetApp hefur ítrekað verið valið besti vinnustaður í Silicon Valley og er þekkt fyrir að hugsa mjög vel um sína starfsmenn. Hjá NetApp starfa um 12.000 manns á heimsvísu og hér á Íslandi starfa um 55 og fer ört fjölgandi. Okkur hefur tekist að halda í þennan ótrúlega starfsanda sem ríkti hjá okkur í Greenqloud og var að stórum hluta ástæðan fyrir þeim árangri sem við náðum," segir Jónsi.

„Með kaupum NetApp á Greenqloud höfum við fengið rosalega gott bakland sem veitir okkur frelsi til að gera mun meira saman sem teymi og ef eitthvað er þá er hugsað jafnvel enn betur um okkar starfsfólk en við sem startup fyrirtæki höfðum kannski efni á að gera."

*Nú hefur hefur verið fjallað mikið um kaup NetApp á Greenqloud, hvernig kom það til?*

„Eins og flestar sölur á startup fyrirtækjum þá gerast þær ekki yfir nótt og það liggur gríðarleg vinna að baki sem felst ekki bara í þróun á hugbúnaði heldur að koma vörunni og fyrirtækinu á heimskortið. Við byrjuðum til dæmis á samstarfsverkefni með NetApp og Microsoft um 4 mánuðum áður en sölu- eða kaupferlið byrjaði, sem gekk mjög vel og endaði á því að þeir létu í ljós áhuga á að kaupa Greenqloud. Við vorum í raun byrjaðir á samstarfsverkefnum með mörgum af stærstu tæknifyrirtækjum heims á þessum tíma sem segir mörg orð um gæði vörunnar, starfsfólksins okkar og þeirrar sýnar sem við vorum með á framtíðina."

### Einstakt tækifæri að vinna hjá NetApp

„Við erum að stækka hérna heima mjög hratt og erum með 27 stöður opnar í dag. Það eru kannski ekki mörg fyrirtæki hérna heima sem eru að vinna jafn náið með langstærstu tæknifyrirtækjum heims eins og Google, Microsoft og Amazon. Við erum að vinna og þróa ofan á Kubernetes og skrifum stóran hluta af okkar kóða í forritunarmálinu GO. Lausnin sem við skrifuðum sem Greenqloud er undirstaðan í NetApp Cloud Volumes sem er núna keyrandi sem „1st party service" hjá öllum stærstu Public Clouds, þar sem okkar forritarar fara reglulega í svokölluð „codejam sessions" eða „peer programming" með forriturum hjá þessum fyrirtækjum, annaðhvort til Silicon Valley eða Seattle."

*Í hverju felst helsti munurinn á að starfa fyrir nýsköpunarfyrirtæki og núna amerískt risafyrirtæki?*

„Það sem við höfum lagt ríka áherslu á er að halda í þetta startup hugarfar hjá okkur. Þar sem við virkilega hvetjum okkar starfsfólk í að vera mjög skapandi og gagnrýnið í allri sinni nálgun og vinnu. Opin samskipti og góður andi er okkur gríðarlega mikilvægur. Síðan bætist að sjálfsögðu við þetta bakland sem gerir okkur kleift að bjóða upp á mjög svo samkeppnishæf laun og fríðindi sem eru langt frá því að vera algeng á Íslandi. Innleiðing Greenqloud í NetApp hefur gengið vonum framar og okkur finnst í raun og veru magnað hvernig allir hjá NetApp eru til í að leggja sig fram til að tryggja að allt gangi eins snurðulaust fyrir sig og hugsast getur. Það eru alltaf viðbrigði að fara frá litlu startup fyrirtæki yfir í Fortune 500 fyrirtæki þegar það kemur að skriffinnsku og ferlum. En það hefur komið okkur á óvart hversu þægileg sú breyting var og hversu fljótt okkar starfsfólk aðlagaðist og tók upp nýja siði. Það sem hefur líka klárlega hjálpað okkur er að hjá Greenqloud vorum við mjög fjölþjóðlegt umhverfi og starfsfólk með ólíkan og mismunandi bakgrunn. Við höfum alltaf fagnað fjölbreytileikanum og höldum áfram að gera það."

*Hvernig lítur framtíðin út?*

„Það er gríðarlega bjart fram undan hjá okkur og í nógu að snúast. Við erum að vinna í mjög stórum verkefnum þar sem við fáum að vera og erum mjög leiðandi í. Við erum til dæmis ásamt öllu hinu að vinna í multi cloud application layer sem okkur finnst mjög spennandi að vera að vinna í og kannski sérstaklega einhverju sem kemur alltaf til að nýtast þeim sem vinna í þróun eins og okkur sjálfum. Við höfum öll deilt þeirri sýn að við getum virkilega betrumbætt og einfaldað heildarþróunarferli fyrirtækja með þeim lausnum sem við höfum byggt og stefnum ótrauð í átt að þeim draumi.

Það er rosaleg viðurkenning að okkar platform hafi verið valið af öllum svokölluðum „hyperscalers" og sú staðreynd að við höfum fengið það frelsi til að vera jafn skapandi í okkar nálgun á þessi verkefni eins og við vorum þegar við vorum startup fyrirtæki.

Það hefur verið einstaklega gaman fyrir mig persónulega að sjá okkar starfsfólk virkilega springa út og taka að sér veigamikil hlutverk á heimsvísu í þessu virkilega flotta fyrirtæki. Ég held að við höfum öll lært gríðarlega mikið á þessu ferli og kannski er það mikilvægasta að eftir stendur mjög samhuga teymi sem vinnur vel saman og veit núna að það stendur jafnfætis þeim fremstu í heimi.

Það hefur líka sýnt sig að NetApp eru óhræddir við að veita þeim sem skara fram úr stöðuhækkanir algjörlega óháð hvar í heiminum þeir eru staðsettir. Við erum ekki bara með forritara og devops (SRE, Site Reliability Engineering) stöður heldur hefur marketing deild okkar svo sannarlega sett sinn svip á NetApp og leiðir stór verkefni og svarar beint til höfuðstöðvar NetApp í Silicon Valley.

Það hefur að sjálfsögðu ekki skemmt fyrir að hlutabréf í NetApp hafa meira en tvöfaldast síðan við vorum keypt og við að sjálfsögðu höfum spilað okkar hlutverk í þeirri jákvæðu þróun."

*Af hverju að sækja um hjá NetApp?*

„Eins og ég sagði áðan þá er þetta tækifæri sem gefst ekki svo auðveldlega á Íslandi, eða allavega hingað til. Að fá tækifæri til að vinna að og þróa brautryðjandi tækni sem stærstu tæknifyrirtæki heims hafa kosið að nota er einstakt. Það að þroskast og dafna í starfi hjá svona fyrirtæki er gríðarlega lærdómsríkt og fólk býr að því í langan tíma. Við tökum fagnandi á móti öllum umsóknum og þeim sem vilja vinna hjá fyrirtæki sem verðlaunar dugnað og metnað," segir Jónsi.



Jónsi Stefánsson forstjóri.

> **Ég held að við höfum öll lært gríðarlega mikið á þessu ferli og kannski er það mikilvægasta að eftir stendur mjög samhuga teymi sem vinnur vel saman og veit núna að það stendur jafnfætis þeim fremstu í heimi.**

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: NetApp | Veffang: frettabladid.is

# Markaðssetur framtíð NetApp

Soffía Theódóra Tryggvadóttir er viðskiptafræðingur með meistaragráðu í stjórnun og stefnumótun frá HÍ. Hún er nýr vörumarkaðsstjóri skýjalausna hjá NetApp á heimsvísu og vinnur með stórfyrirtækjum eins og Google, Amazon og Microsoft. Hún segir starfið gífurlega spennandi.

Ég tók við nýju starfi sem vörumarkaðsstjóri (Director of Product Marketing) fyrir skýjalausnir NetApp á heimsvísu um miðjan júní. Ég fæ þar mjög spennandi tækifæri í nýrri og ómótaðri stöðu að markaðssetja framtíð NetApp á ört vaxandi markaði skýjalausna. Það er mikill munur frá því að vinna í Greenqloud þar sem ég hafði mörg hlutverk, sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og markaðsmála og hafði auk þess yfirumsjón með lögfræðisviði," segir Soffía Theódóra Tryggvadóttir en hún fer fyrir markaðsteymi NetApp á Íslandi og í Bandaríkjunum sem er staðsett í fimm borgum.

Soffía mótar og leiðir 'go-to-market' stefnu fyrir skýjalausnir (cloud products) fyrirtækisins en teymið vinnur meðal annars í samvinnu við Google, Amazon og Microsoft við að koma vörum fyrirtækisins á framfæri í skýjaþjónustum (public clouds) fyrirtækjanna.

Aðspurð segir Soffía margt ólíkt með nálgun íslenskra fyrirtækja og bandarískra stórfyrirtækja í markaðsmálum. Meira fjármagni sé veitt til markaðsmála ytra en skapandi nálgun að markaðsmálum einkenni íslensk fyrirtæki þó meira.

„Allt er stærra í sniðum úti og gríðarlegir fjármunir lagðir í markaðsmál og því engu minni ábyrgð lögð á markaðsdeildina en söluna um að ná tilætluðum árangri og sækja tilvonandi viðskiptavini. Það er mikið sem við getum lært af þeim hér heima en líka fjölmargt sem við getum miðlað og þá einkum þegar kemur að skilvirkni og nútímalegri og skapandi nálgun að viðfangsefnum," segir Soffía.


Soffía Theódóra Tryggvadóttir vörumarkaðsstjóri. MYND/ÞÓRSTEINN

**„Það er mikið sem við getum lært af þeim hér heima en líka fjölmargt sem við getum miðlað.**

„Það er mín upplifun að það er meiri virðing borin fyrir markaðsmálum og mikilvægi þeirra í velgengni fyrirtækja í Bandaríkjunum en almennt hér heima og mun meira fjármagn lagt í markaðsmál í bandarískum fyrirtækjum. Með því að greina t.d. ársreikninga bæði NetApp og stórra fyrirtækja hér á landi má sjá eftirtektarverðan mun á hlutfalli tekna sem veitt er í markaðsmál úti versus hér heima, sem lítur út fyrir að skila sér í meiri framlegð á hvern starfsmann."

Soffía segir bakgrunn sinn úr sprotaumhverfinu á Íslandi nýtast vel í nýju starfi. Skýjalausnir séu tiltölulega ný áhersla innan NetApp og þar geti fyrirtækið vaxið hvað mest. Starfið sé umfangsmikið og afar spennandi tímar framundan.

„Ég kem að sjálfsögðu inn með ákveðnar hugmyndir um breytingar en það tekur tíma að ná utan um umfang starfsins þar sem þetta er á allt öðrum skala en hérna heima og teymið mjög dreift. Eins og er þá er þetta eins og 'að drekka úr brunaslöngu', magnið af þeim upplýsingum sem ég þarf að viða að mér, en það er mér mikilvægt að komast vel inn í núverandi markmið, verkefnastöðu og stefnu starfsmanna sem ég tek við til að geta komið með vel upplýsta stefnubreytingu.

Komandi úr sprotaumhverfi þar sem taka þarf ákvarðanir og framkvæma hratt auk þess að hafa marga hatta þá skiptir skilvirkni, réttu vinnutólin og stuttar boðleiðir miklu máli. Ég mun klárlega innleiða þær vinnuaðferðir meðal míns teymis og vonandi víðar innan NetApp," útskýrir Soffía. Starfshópurinn frá Greenqloud sé veruleg búbót fyrir NetApp.

„Skýjalausnir er nýleg áhersla hjá NetApp en jafnframt helstu vaxtarmöguleikar fyrirtækisins. Þar höfum við sem heild frá Greenqloud komið inn sem leiðandi afl í að drífa áfram bæði vöruþróun og þekkingu á markhópnum sem NetApp hefur ekki stílað inn á áður og hvernig á að nálgast þennan hóp. Í framhaldi af stöðubreytingu minni hefur teymið mitt á Íslandi fengið leiðandi og mótandi störf hver á sínu sviði innan NetApp. Það eru því mjög spennandi tímar fram undan fyrir okkur á Íslandi."

# Fólkið okkar stendur þeim bestu fyllilega á sporði

Jón Arnar Guðmundsson er framkvæmdastjóri hugbúnaðarþróunar hjá NetApp Iceland en hann starfaði áður hjá Greenqloud í fjögur ár og þar áður sem forritari í fjölbreyttum verkefnum.

Ég hef leitt hugbúnaðarteymið hér á Íslandi síðustu fjögur ár en var forritari í fimmtán ár þar á undan," segir Jón Arnar. „Áður en ég fór í stjórnunarstöðu vann ég í alls konar verkefnum, allt frá matvælavinnslu yfir í flugumferðarstjórn. Það skemmtilega við þetta er að ég komst að því að forritun og stjórnun snúast í grunninn um það sama, góða samvinnu og að leysa verkefni."

Hann segir að breytingar við sameiningu Greenqloud og NetApp hafi bæði verið miklar og ekki. „Eiginlega breyttist bæði allt og ekkert," segir hann. „Allt frá því að við fengum betri kaffivél yfir í að núna erum við að vinna með svo ótrúlega mörgum utan skrifstofunnar hér á Íslandi og mjög náið með teymum frá stórfyrirtækjum eins og Microsoft og Google. Það var eiginlega stærsta breytingin, að fara úr því að eiga allan pakkann og yfir í að deila ábyrgðinni með öðrum aðilum. Á sama tíma breyttist ekkert því við lögðum mjög mikla áherslu á að halda fyrirtækjamenningunni okkar óbreyttri og því hvernig við vinnum. Jónsi hefur alltaf lagt mikla áherslu á heiðarleika og hreinskilni þannig að þegar við vorum í þessari Startup ferð okkar þá vissum við nákvæmlega hvernig fyrirtækinu gekk, hvað gekk vel og hvað gekk illa og við höfum haldið því áfram. Það er einna helst að skalinn hafi breyst og með stækkandi skala kemur aukin ábyrgð. Þegar við segjum einhverjar tímasetningar þá verðum við að standa við þær."

Skyldi það hafa aukið álagið á kaffivélina? „Já, bæði og, þetta var álagstími, sérstaklega kringum söluna og sameiningarferlið sem er að ljúka núna en við vorum vel undirbúin fyrir það að vera keypt af svona fyrirtæki. Það sem er öðruvísi við hvernig NetApp vinnur miðað við mörg önnur fyrirtæki á Íslandi er að forritarnir þekkja vöruna alveg frá því að við búum hana til og þangað til hún er komin í rekstur. Það er miklu auðveldara að búa til vöru ef þú þekkir hana frá A-Ö." Helsta verkefni teymisins sem Jón Arnar leiðir er að búa til nýja vöru sem heitir Cloud Volumes og á að gagnast stærstu skýjafyrirtækjum heims. „Næstu árin stefnum við að auki á að þjónustuvæða vörur sem NetApp hefur hingað til selt til fyrirtækja," segir Jón Arnar. „Við viljum koma NetApp inn í skýið og selja þjónustu frekar en vöru sem fyrirtæki kaupa og eiga, aðgang frekar en eign."


Jón Arnar Guðmundsson. MYND/ÞÓRSTEINN

Teymi Jóns er í miklum samskiptum við stórfyrirtæki á heimsmælikvarða. „Við höfum sent og sendum fólk reglulega bæði til Microsoft og Google," segir hann og bætir við: „Það var skrýtið fyrst að fara inn á þennan vettvang en svo áttaði ég mig á því að fólkið okkar hérna stendur þeim sem eru úti fyllilega á sporði. Það er ástæða fyrir því að NetApp keypti þetta fyrirtæki og hún er starfsfólkið. Ég lít svo á að við vinnum með þessum fyrirtækjum á jafningjagrundvelli, þeir eru stórir en við eigum fullt erindi til að sýna þeim hvernig hægt er að gera betur."

Hann segir að NetApp hafi verið óskakaupandi að Greenqloud. „NetApp er hugbúnaðarfyrirtæki sem skilur hvernig hlutirnir virka en á sama tíma höfum við getað fleytt rjómann af verkferlum þeirra. Við höfum stuðninginn af ferlunum en ráðum eftir sem áður hvernig við gerum hlutina og aðlögum okkar ferla í þeim mæli sem þarf enda var lagt upp með það frá byrjun að við myndum hafa áhrif á það hvernig NetApp þróast í framtíðinni."

# Vinna með stærstu tæknifyrirtækjum heims

**Tryggvi Lárusson er einn stofnenda Greenqloud og starfar nú sem Technical Director hjá NetApp. Hann segist vera afar ánægður með þróun fyrirtækisins og það eigi bjarta framtíð.**

Tryggvi var spurður hvaðan hugmyndin hafi komið í upphafi að bjóða umhverfisvæn og einföld tölvuský. „Á árunum eftir hrun var talsverð umræða um að Ísland ætti möguleika á að vera kjörland fyrir gagnaver og upp úr þeim jarðvegi spratt hugmyndin um Greenqloud sem ég og Eiríkur meðstofnandi minn stofnuðum árið 2010. Þaðan kom líka nafnið og hugmyndin að nýta sérstöðu Íslands varðandi græna orku og góða staðsetningu fyrir gagnaver til að bjóða skýjaþjónustur. Úti í heimi var líka áhyggjuefni margra sífellt vaxandi orkunotkun gagnavera og skýjaþjónusta og í flestum tilfellum voru þessir aðilar á þeim tíma að nota óhreina orku eða orku framleidda úr jarðefnaeldsneytum. Það hefur sem betur fer breyst talsvert þannig að nú hafa stóru skýjaþjónusturnar á vegum Amazon, Microsoft og Google allar lagt áherslu á að auka hlutdeild hreinnar orku í sínum gagnaverum og sum hafa sett sér markmið um að nota eingöngu hreina orku, þannig má segja að við höfum verið talsvert á undan okkar samtíð á sínum tíma.

Í öðru lagi þegar við stofnuðum Greenqloud þá voru skýjaþjónustur á sínum upphafsárum og voru yfirleitt tæknilega flóknar í notkun. Þannig lögðum við frá upphafi mikla áherslu á að einfalda notkun tölvuskýja og gera notendaviðmót eins einfalt og þægilegt og hægt er og höfum búið að því alla tíð síðan,“ segir Tryggvi og bætir við:

„Við vissum frá upphafi að það var við stóra risa að keppa á skýjamarkaðnum eins og Amazon og fleiri þannig að það var við ramman reip að draga. Við áttuðum okkur svo á því að það voru meiri tækifæri fólgin í hugbúnaðinum sem slíkum en að reka sjálft tölvuskýið þannig að við ákváðum að taka stefnubreytingu árið 2014 og færa okkur alfarið yfir í hugbúnaðarsmíðina. Við höfðum í raun haft þá hugmynd alveg frá upphafi að við gætum líka selt skýjahugbúnaðinn okkar sem vöru og litum alltaf á okkur sem hugbúnaðarfyrirtæki þannig að stýrihugbúnaðurinn sem við höfðum smíðað undir Greenqloud skýið varð svo að vörunni Qstack. Sú vara og þekkingin sem við vorum búin að byggja upp kringum hana var svo meginástæða þess að NetApp keypti okkur í fyrra.



Tryggvi Lárusson er einn af frumkvöðlum fyrirtækisins.

Þegar maður fer af stað með nýtt fyrirtæki er mjög erfitt að spá fyrir um hvernig vegferðin á eftir að verða. Við gerðum okkar mistök á leiðinni sem við höfum lært af en það er mikilvægast að hafa styrk til að bregðast við þegar það á við. Í því samhengi er tvennt sem er allra mikilvægast fyrir sprotafyrirtæki að búa yfir, það er að hafa gott teymi og öflugt bakland. Við vorum svo heppnir að hafa fengið með okkur gríðarlega öflugt teymi frá upphafi sem við höfum haldið í og stækkað og styrkt gegnum tíðina og ekki síður trygga fjárfesta sem studdu dyggilega við bakið á okkur alla leið. Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir hve hátt hlutfall sprotafyrirtækja lifir ekki af en það hlutfall er um 9 af 10 þannig að það eru vissulega ákveðin forréttindi að fá að upplifa að fyrirtækið sé keypt upp af Fortune 500 fyrirtæki eins og NetApp.“

Tryggvi segir að færra hafi breyst í fyrirtækinu eftir að NetApp keypti það en hann hefði getað búist við. „Eftir kaupin bjóst ég við að það yrði ákveðin áskorun að aðlagast stórfyrirtæki eins og NetApp en það hefur komið mér á óvart hversu lítið hefur breyst hér á Íslandi fyrir og eftir kaup. Við héldum til dæmis nánast öllu teyminu og skrifstofunni og við njótum talsverðs sjálfstæðis í hvernig við vinnum, þannig að það er mjög jákvætt að starfsumhverfið og kúltúrinn hefur fengið að halda sér þannig að við höldum enn þá talsvert í frumkvöðlaandann. Það sem er spennandi við að verða partur af NetApp núna er að hafa styrk móðurfyrirtækisins á bak við sig, þannig að við höfum núna bolmagn til að gera hluti sem okkur hafði ekki dreymt um að geta gert sem lítið sprotafyrirtæki,“ útskýrir Tryggvi og upplýsir að það hafi alltaf verið takmark þeirra að gera fyrirtækið alþjóðlegt.

„Ísland er lítill markaður, það verður að sækja út en getur í sumum tilfellum nýst sem vettvangur til að prófa eða sannreyna ákveðnar lausnir með hraðari hætti. Við höfum frá upphafi haft stærstan hluta okkar viðskiptavina erlendis,“ segir hann.

Þegar Tryggvi er spurður um dagleg störf, svarar hann: „Ég einbeiti mér sem mest að því að sinna hönnun og þróun nýrra hugbúnaðarlausna hjá okkur. Við erum með á teikniborðinu og erum að hefja vinnu við nýtt kerfi sem snýst um að auðvelda vinnslu og umsýslu með gámalausnir (e. containers) og verður smíðað kringum undirstöðukerfi sem heitir Kubernetes og nýtur sívaxandi vinsælda í hugbúnaðargeiranum. Kubernetes kemur upphaflega frá Google og er má segja eins konar stýrikerfi fyrir skýja- eða gámalausnir sem tryggir að kerfi sem keyra ofan á því skalist og séu áreiðanleg. Í þessari vinnu munum við skrifa kerfiseiningar aðallega í forritunarmálinu Golang sem nýtur vaxandi vinsælda á þessu sviði og erum að leita að hugbúnaðarfólki til að taka þátt í þessari vinnu.

Að auki þá erum við að vinna verkefni með öllum þrem stærstu skýjaþjónustum heims, þ.e. Amazon Web Services, Microsoft Azure og Google Cloud Platform, þar sem við erum að aðlaga þann hugbúnað sem NetApp hefur þróað í tvo áratugi að skýinu til að bjóða gagnageymslulausnir í þeirra skýjaveitum um allan heim á nýstárlegan hátt. Það er skemmtilegt að segja frá því að okkar teymi hefur gríðarleg áhrif innan NetApp,“ segir hann.

„NetApp er aðallega þekkt sem fyrirtæki sem framleiðir og selur vélbúnað, en er í kjarnann hugbúnaðarfyrirtæki þar sem allt helsta virði lausna fyrirtækisins er falið í hugbúnaði. Við hér á Íslandi erum í lykilstöðu innan fyrirtækisins á heimsvísu, sem telur um 12.000 starfsmenn, við að snúa fyrirtækinu í auknum mæli í átt að skýjalausnum þar sem framtíðin liggur.“

# Starfaði með Steve Jobs

**Skeggi Þormar stærðfræðingur hefur áratuga reynslu í hugbúnaðargerð. Hann hóf störf hjá Greenqloud, nú NetApp, árið 2014 og hefur leitt mörg verkefni hjá fyrirtækinu.**

Skeggi lauk B.S. prófi í stærðfræði með eðlisfræði sem aukagrein frá H.Í. Síðan fór hann í framhaldsnám við UC Berkeley í stærðfræðilegri rökfræði, en hún er ein sterkasta grein stærðfræðideildar Berkeley, allar götur síðan 1931 þegar pólski stærðfræðingurinn Alfred Tarski kom þangað. „Hann var enn prófessor emeritus og ég náði að hitta hann nokkrum sinnum, m.a. í áttræðisafmæli hans.“

*Hvert lá leiðin eftir nám?*

Ég hafði lengi tengst forritun og var byrjaður á henni áður en ég fór til Bandaríkjanna, aðallega hjá Raunvísindastofnun H.Í. Því miður er háskólakennsla erfitt og illa launað starf. Því má segja að það hafi verið kjarkleysi að ég hóf störf hjá litlu hugbúnaðarfyrirtæki. Fljótlega skipti ég um, til þess heimsfræga fyrirtækis Pixar. Þar var ég í tæpan áratug. Pixar var hlaðið af hæfileikum og metnaði, en einnig frábærlega samstæður hópur starfsfólks eins og við höfum í dag hjá okkur, þó bakgrunnurinn væri ólíkur. Litróf, allt frá rithöfundum, listamönnum og yfir í tæknimenn. Ég vann þar við margvíslega hugbúnaðargerð, m.a. tölvuleiki. Síðast var ég einn af „Technical Directors“ á Toy Story II, skrifaði m.a. eitthvað af rúmfræði (e. models) fyrir myndina.

*Hvernig var Steve Jobs?*

Hann reyndist mér mjög vel og öll okkar samskipti voru frábær. En ég er ekki sérstaklega hrifinn af bókum og kvikmyndum um hann. Þar finnst mér helst til mikil áhersla á ágalla og ávirðingar, eins og oft gengur í umræðu um frægt fólk. Ég er ekki endilega að segja þar með að þetta séu rangfærslur. En þetta er



Skeggi Þormar hefur víða komið við á farsælum ferli.

einfaldlega ekki það sem er áhugaverðast við feril hans. Það sem er áhugavert, er hvernig honum tókst aftur og aftur að búa til vörur og tækni sem allir vildu eignast um leið og þeir sáu þær. Hann hafði metnað, ófrávíkjanlegar kröfur um gæði og hæfileika til að setja saman öflug teymi. En það geta einnig fjölmargir aðrir. Jobs hafði að auki einhverja snilligáfu sem setti hann skör hærra. Eitthvað sem ég get ekki að fullu útskýrt. Til gamans má geta að fyrstu hugmyndir að tölvuskýjum heyrði ég frá Jobs, strax um miðbik tíunda áratugarins. Ég man það mjög vel því ég furðaði mig á því að hann sem einn helsti hvatamaður þess að færa tölvur úr vinnsluherbergjum til einstaklinganna vildi færa þær þangað aftur.

*Af hverju komstu heim til Íslands?*

Ég fékk gott atvinnutilboð frá DeCode Genetics. Þá var einnig spurning hvort börnin yrðu íslensk eða bandarísk. Hjá DeCode starfaði ég í tæpan áratug og líkaði afar vel. Það má fullyrða að með DeCode hafi orðið bylting í atvinnuumhverfi háskólamenntaðs fólks á Íslandi, sem og rannsóknum. Þar næst vann ég hjá Landsbanka Íslands, og síðar sem sjálfstæður verktaki.

*Hvernig lágu leiðir til Greenqloud?*

Ég sá að fyrirtækið var að gera afar athyglisverða hluti. Síðasta viðtalið var við framkvæmdastjórann, Jónsa. Ég áttaði mig strax á að hann væri að leika til vinnings. Það vilja jú allir vera í liði með sigurvegurunum. Vinningur kom líka á daginn þegar að NetApp keypti Greenqloud.

*Hvað hefur breyst eftir að NetApp tók yfir?*

Fyrst og fremst ný verkefni og meiri umsvif. Starfsandi og menning hafa ekki breyst verulega, enda hefur NetApp fullan hug á því að við höldum þeim einkennum. Alþjóðleiki er ekki nýr fyrir okkur. Mín reynsla er að fjölbreytt samsetning starfsfólks gefur besta raun í hugbúnaðargerð. Við höfum fólk með áratuga reynslu. Við höfum líka ráðið fólk beint úr skóla, sem hefur vaxið í að verða lykilstarfsmenn. Nokkuð sem er alltaf jafn frábært að sjá, og alltaf jafn ánægjulegt að hjálpa til við fyrstu sporin.

*Er NetApp/Greenqloud á leiðinni til Bandaríkjanna?*

Við höfum staðið okkur mjög vel hingað til sem eining og engin ástæða til að hrófla við því að sinni. Þá höfum við fengið mikilvæg verkefni við þróun á nýjum vörum byggða á tækni sem er að ryðja sér til rúms í heiminum og nefnist Kubernetes. Það er til marks um það álit sem við höfum þegar áunnið okkur innan fyrirtækisins.

*Hvernig er að vinna fyrir Bandaríska fyrirtæki?*

Mín reynsla er mjög góð. NetApp hefur reynst afar vel þann stutta tíma sem ég hef verið þar.

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 7. JÚLÍ 2018



Elín Sif Halldórsdóttir grípur alltaf í gítarinn þegar hún þarf að dreifa huganum og slaka á. MYND/ÞÓRSTEINN

# Ævintýrin eftir Söngvakeppnina

Elín Sif Halldórsdóttir, tónlistarkona og leikari, sendi frá sér nýtt lag á dögunum. Í haust verður svo frumsýnd myndin Lof mér að falla þar sem hún er í aðalhlutverki og hljómsveitin hennar, Náttsól, er með plötu í burðarliðnum. →2



**Hulda Geirsdóttir, dagskrárgerðarmaður á RÚV, ólst upp í Keflavík og tónlistin hefur alltaf skipað stóran sess í lífi hennar.** →4

MARAÞON

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um maraþon kemur út 27. júlí nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪



Elín Sif er lagasmiður, söngkona og leikkona sem sendi frá sér nýtt lag á dögunum, Make you feel better. MYND/ÞÖRSTEINN

Flestir muna eftir Elínu Sif úr söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2015 þar sem hún heillaði alla upp úr skónum, sextán ára gömul og ein á sviðinu með gítarinn.

„Ég hafði alltaf mjög gaman af tónlist, mamma er tónlistarkennari og það var alltaf mikil tónlist heima, en mér fannst ekki gaman í tónlistarnámi og það var ekki fyrr en ég hætti í ballett þegar ég var fimmtán ára og þurfti skapandi útrás að ég fékk aftur áhuga á tónlistinni, uppgötvaði gítarinn og fór að semja,“ segir hún.

„Fyrsta lagið sem ég samdi var held ég án gríns lagið „Í kvöld“ sem ég sendi í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2015. Ég var svo spennt fyrir því að ég ákvað að senda það án þess að segja pabba og mömmu frá því. Svo var lagið valið inn í keppnina og þegar ég var sextán ára var ég komin í úrslit.“

Hún segir athyglina sem fylgdi þátttökunni hafa verið krefjandi. „Mamma og pabbi pössuðu mjög mikið upp á að ég væri ekki of mikið í fjölmiðlum og svoleiðis. Svo er þetta bara litla Ísland og takmörk fyrir því hvað svona getur orðið stórt,“ segir hún en bætir við: „En mér fannst athyglin óþægileg, ég fékk ekki þetta kikk út úr keppninni sjálfri nema bara fyrst og uppgötvaði að mig langaði ekki til að gera þetta aftur. Ég var líka busi í menntaskóla og var hrædd um að þetta myndi lita alla menntaskólagöngu mína. En svo gerðist það ekkert.“

## Ný plata með Náttsól

Þátttakan í söngvakeppninni færði Elínu Sif hins vegar ýmis tækifæri.

„Guðrún Ólafsdóttir og Hrafnhildur M. Ingólfsdóttir í hljómsveitinni Náttsól sáu mig til dæmis þar. Þær voru nýbúnar að stofna hljómsveitina og vantaði þriðja meðliminn og höfðu samband,“ segir Elín. „Við vorum hluti af listhópum Hins hússins þetta sumar þar sem við vorum að vinna með lög eftir íslenskar konur. Lagið Hyperballad eftir Björk gekk svo vel að við ákváðum að taka þátt í söngvakeppni MH veturinn eftir sem leiddi svo til Söngkeppni framhaldsskólanna sem við unnum. Í kjölfarið fórum við svo til Istanbúl og tókum þátt í alþjóðlegri söngkeppni þar sem við unnum líka og þetta var mikið ævintýri. Eftir þetta höfum við verið að semja og erum að klára plötu sem vonandi kemur út bráðum.“



Elín Sif var sextán ára þegar lagið hennar Í kvöld komst í undanúrslit í Söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2015. MYND/ERNIR



Elín Sif, Baldvin Z og Eyrún Björk við tökur á Lof mér að falla. MYND/STEFÁN

## Óþekkjanleg í Lof mér að falla

Náttsól var ekki eina ævintýrið sem Söngvakeppnin færði Elínu en hún fer með annað aðalhlutverkið í mynd Baldvins Z Lof mér að falla sem verður frumsýnd í haust.

„Baldvin sá mig líka í Söngvakeppninni og bað mig að koma í prufur fyrir sjónvarpsþáttaröðina Réttur og ég fékk smáhlutverk þar þó ég hafi ekki verið með neina leikreynslu nema bara úr Hlíðaskóla,“ segir Elín. „Svo boðaði hann mig aftur í prufur fyrir Lof mér að falla og var greinilega ánægður með mig og treysti mér til að fara með þetta hlutverk. Persónan sem ég leik heitir Magnea, venjuleg stelpa sem kynnist stelpu sem heitir Stella og heillast algerlega af henni og heiminum sem hún lifir og hrærist í, sem er mjög hættulegur. Þetta er ástarsaga og neyslusaga en líka mjög hreinskilin og raunveruleg saga um allar hliðarnar á því að lifa svona lífi.“

Mótleikkona Elínar heitir Eyrún Björk Jakobsdóttir en þær voru saman í grunnskóla. „Ég held að bæði ég og Eyrún höfum þurft að hafa mikið fyrir því að koma okkur í hlutverk Magneu og Stellu. Þegar við vorum á leið til Barcelona í tökur horfði Baldvin á okkur í flugvélinni og ætlaði ekki að trúa því að við værum leikkonurnar í myndinni hans. Mér finnst ég hálf óþekkjanleg í þessari mynd.“

Elín var í ár að undirbúa sig fyrir tökurnar og finnst það hafa verið óraunverulegur en mjög skemmtilegur tími. „Mér finnst stundum eins og þetta hafi ekki gerst og fáránlegt að myndin sé tilbúin og að hún verði frumsýnd bráðum. Ég fékk að vinna með landsliðinu í kvikmyndagerð, Baldvini og öllu fólkinu sem kom að tökunum og það er mikill heiður.“ Hún segir kvikmyndagerð heilla eftir þessa reynslu. „Ég hef klárlega uppgötvað áhuga minn á leiklist og er mjög heilluð af heiminum kringum kvikmyndagerð og öllum kvikmyndaiðnaðinum,“ segir hún. „Ég væri alveg til í að prófa að gera eitthvað fleira kringum kvikmyndir, semja tónlist, skrifa handrit, framleiða ... allt bara.“

## Að láta sér líða betur

Elín Sif lauk stúdentsprófi um áramótin meðfram tökum á myndinni, og segir að haustið verði helgað tónlistinni að mestu. „Ég hef verið að semja ótrúlega mikið af tónlist í svolítinn tíma núna en hef ekki látið verða af því að gefa mikið út. Mig langar að taka tíma í að leggja lokahönd á nokkur lög og gefa þau út því það gerist víst ekki af sjálfu sér. Þannig að það er planið mitt í haust að leggja áherslu á tónlistina og sjá hvernig gengur.“

Eitt lag er þegar komið í spilun en það kom út á dögunum. „Lagið heitir Make you feel better og ég samdi það með kærastanum mínum, Reyni Snæ. Það fjallar um það að leyfa ekki einhverjum að takmarka þig heldur gera allt eftir sinni sannfæringu og vera samkvæmur sjálfum sér. Mér finnst þetta vera svona peppandi sumarlag.“

Í sumar vinnur Elín í skapandi sumarstörfum hjá Hinu húsinu og er því á ferðinni með gítarinn um allan bæ. „Ég sótti um að fá að vinna í minni eigin tónlist og æfa mig að flytja hana þannig að ég er mikið að spila á elliheimilum sem er mjög góð æfing og svo er ég líka að spila úti á götu,“ segir hún. „Í frítímanum stunda ég félagslíf eða spila á gítar. Mér finnst mjög gaman að ljósmyndun og fer stundum í göngutúra og tek myndir. En ef ég vil slaka á eða dreifa huganum, þá gríp ég alltaf í gítarinn.“

Morgundagurinn verður betri með
After Party
Náttúruleg lausn við timburmönnum




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract,
öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

Virkar vel gegn þynnku

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana

www.artasan.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Gegn brjóstsviða og nábít

Bakflæði, brjóstsviði eða nábítur getur valdið fólki miklum óþægindum. Acid Soothe frá Enzymedica er náttúruleg lausn sem er skjótvirk og styrkir slímhúð magans.

Brjóstsviði eða nábítur getur komið í kjölfar máltíða ef við meltum ekki rétt, þegar við borðum illa samsetta fæðu eða drekkum eitthvað sem maginn er ekki að ráða við.

**Hvað er brjóstsviði?**

Þegar við borðum fer fæðan frá munni og niður vélindað á leið sinni í magann. Þar sem vélindað opnast inn í magann er kallað efra magaop. Þar er sterkur hringvöðvi sem virkar eins og loka í aðra áttina þar sem hann hleypir fæðu niður en varnar því svo að hún leki til baka. Þegar það gerist er talað um vélindabakflæði og er það orsök þess að við fáum brjóstsviða eða nábít.

**Einkenni bakflæðis**

Þegar maturinn er kominn í magann bætast meltingarhvatar (ensím) og saltsýra við hann sem gerir innihald magans mjög súrt og ertandi. Ef hringvöðvinn við vélindað er slakur er hætta á því að magainnihaldið leki til baka og ef það gerist finnum við oft verulega fyrir því þar sem innra






Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi.

byrði vélindans er ekki gert fyrir svona mikla sýru. Einkennin geta verið fleiri en bara brjóstsviði, það getur verið:

- Nábítur (súrt óbragð í munni eða koki)
- Brjóstsviði (bruna- eða sviðaóþægindi undir bringubeini)
- Uppþemba
- Hæsi / ræskingarþörf
- Næturhósti
- Kyngingarörðugleikar

**Acid Soothe gegn brjóstsviða**

Acid Soothe er náttúruleg lausn gegn brjóstsviða og áþekkum vandamálum en í hverju hylki er að finna ensím, blöð papaya plöntunnar og aðrar jurtir sem auðvelda meltinguna og hjálpa líkamanum að halda réttu sýrustigi ( pH-gildi). Að auki er afar öflug tegund af sinki, zinc carnosine, sem reynist afar vel gegn ýmsum magavandamálum; bólgum, gróanda og í þessu tilfelli er það sérstaklega hugsað til þess að styrkja slímhúð magans. Brjóstsviði og bakflæði er einnig algengur fylgikvilli gallblöðruvandamála og hefur þessi tegund sinks reynst afar vel til að draga úr þeim einkennum.

**Orsköк brjóstsviða**

Eins og áður sagði er algengast að slakur hringvöðvi við efra magaop valdi bakflæði (brjóstsviða) en það



Brjóstsviði, nábítur eða bakflæði í kjölfar máltíða getur verið sársaukafullt. Acid Soothe getur komið í veg fyrir það.

> **Sterkur hringvöðvi við efra magaop virkar eins og loka í aðra áttina þar sem hann hleypir fæðu niður en varnar því svo að hún leki til baka. Ef það gerist er talað um vélindabakflæði og er það orsök þess að við fáum brjóstsviða eða nábít.**

getur líka gerst ef um þindarslit er að ræða. Þungun, offita og harðlífi eru vel þekktir orsakavaldar þar sem þessir þættir valda þrýstingi á magann. Með bættu heilsufari og einnig með því að huga að því hvað við látum ofan í okkur, hvernig við gerum það og hvenær, getur haft góð áhrif en ákveðinn matur er talinn geta stuðlað að brjóstsviða eða a.m.k. aukið líkurnar á honum. Mikið kryddaður og brasaður matur eykur sýrumyndun í maga á meðan feitur matur hægir á magatæmingu og situr innihaldið þá lengur í maganum og líkur á bakflæði aukast. Það sem getur aukið líkur á óþægindum (veikt hringvöðvann) er t.d.:

- Kaffi
- Áfengi
- Súkkulaði
- Piparminta
- Nikótín (úr tóbaki eða nikótínlyfjum)

Góð regla er svo að borða ekki eftir kl. 19 á kvöldin eða í a.m.k. 3 klukkustundir fyrir svefn og á það við almennt hvað varðar heilsufar og heilbrigði. Svo getur alltaf verið einstaklingsbundið hvaða fæða það er sem veldur óþægindum hjá okkur en önnur góð regla er að borða aldrei yfir sig. Yfirfullur magi veldur almennt vanlíðan og eykur líka líkurnar á því að hringvöðvinn haldist ekki alveg lokaður.

# Veistu hvort þú ert súr ?

Ef pH-gildi líkamans er ekki rétt eru meiri líkur á að við þjáumst af ýmiss konar kvillum. pH-strimlarnir frá Enzymedica hjálpa fólki að finna út hvert sýrustig líkamans er.

Líkami okkar getur verið of súr eða of basískur og eru fjölmargar ástæður fyrir því af hverju það gerist. Ýmsa sjúkdóma má tengja of lágu pH-gildi í líkamanum og geta pH-strimlarnir frá Enzymedica gefið vísbendingu um hvort allt sé í lagi.

**Sýrustig og sjúkdómar**

Öll efnaskiptaferli líkamans eru háð því að sýrustig líkamans sé rétt og haldist í jafnvægi. Sýrustig í þvagi sveiflast aðeins upp og niður milli daga og einnig innan dagsins en þó er það yfirleitt innan ákveðinna marka. Líkaminn er í raun að halda sýrustiginu í jafnvægi með því að skila frá sér mis súru eða basísku þvagi. Langvarandi súrt (og stundum mjög basískt) ástand getur gefið til kynna undirliggjandi sjúkdóm.




Tekur einungis nokkrar sekúndur að fá niðurstöðu.

**pH-strimlar auðveldir í notkun**

Með pH-strimlunum frá Enzymedica er auðveldlega hægt að fylgjast með sýrustigi þvagsins til að sjá hvort líkamsstarfsemin sé í jafnvægi hvað þetta varðar. Í pakkanum eru u.þ.b. 132 prufur þannig að hann nýtist vel og lengi. Til viðmiðunar þá er hreint vatn gildið 7 (pH 7), sem er alveg hlutlaust. Þvagið okkar er oft örlítið súrara og þá sérstaklega á morgnana. Þegar sýrustigið er mælt er annaðhvort að pissa á strimilinn eða dýfa honum í hreint þvag í 3 sekúndur. Liturinn kemur strax í ljós en hann segir til um sýrustigið. Æskilegast er að það sé á bilinu 6,5-7,5.

**Meðaltalið gefur góða mynd**

Ef þú vilt fylgjast með sýrustigi líkamans er best að mæla það þrisvar sinnum yfir daginn, að

**Til gamans er hægt að mæla sýrustig í munnvatni til að sjá hvort maturinn okkar er súr eða basískur. Hægt er að breyta sýrustigi í munninum með 1-2 munnbitum af mat.**

morgni (fyrsta þvag), um miðjan dag og að kvöldi. Meðaltalið gefur bestu niðurstöðuna þar sem sýrustig líkamans er breytilegt yfir daginn. Þar sem það getur breyst lítillega milli daga er gott að gera þetta í einhvern tíma til að sjá hvort hlutirnir séu ekki í jafnvægi og innan æskilegra marka.

**Maturinn hefur áhrif**

Það sem við nærumst á telst ýmist basískt eða súrt og góð regla er að reyna að borða sem mest af basískum mat. Við erum það sem við borðum og það skiptir alltaf máli að næra sig vel til að halda góðri heilsu. Muna að borða sem mest af hreinni fæðu og þá mikið úr jurtaríkinu, forðast unna matvöru og óhollustu en auðvitað á að gera sér dagamun. 80/20 reglan er alltaf góð en þá nærumst við 80% á hollustu og svo leyfum við okkur aðeins líka. Ef líkami okkar er að jafnaði frekar súr gæti verið ráð að auka hlut hollustu í mataræðinu og borða mikið af ávöxtum og grænmeti en þess háttar hollusta hefur alltaf góð áhrif á heilsufar okkar.

**Strimlarnir eru ekki lækningatæki**

Athugið að pH-strimlarnir eru einungis til að gefa vísbendingu um ástand líkamans en ekki til þess gerðir að greina, meðhöndla eða fyrirbyggja sjúkóma. Leitið ávallt læknis til að greina eða meðhöndla sjúkdóma/heilsufar.

**Acid Soothe:** Sölustaðir: Flest apótek og Fjarðarkaupv
**Strips:** Flest apótek og Fjarðarkaup

## Tónlistin í lífi mínu

# Deilir tónlistinni með vinum

Dagskrárgerðarkonan Hulda G. Geirsdóttir ólst upp í Keflavík þar sem tónlist var stór hluti af uppeldi hennar. Hér rifjar hún upp nokkur minningabrot úr lífi sínu sem tengjast tónlist.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



„Þegar ég gekk með son minn hlustaði ég stanslaust á þriðju plötu Travis, The Invisible Band, og ég var eiginlega sannfærð um að barnið myndi þekkja öll lögin af henni,“ segir Hulda G. Geirsdóttir, dagskrárgerðarkona hjá Rás 2 og RÚV. MYND/STEFÁN

Tónlist hefur alla tíð skipað stóran sess í lífi Huldu G. Geirsdóttur, dagskrárgerðarkonu hjá Rás 2 og RÚV. Í æsku voru það fyrst og fremst vinir og ættingjar sem höfðu áhrif á tónlistarsmekk hennar en foreldrar hennar kynntu hana m.a. fyrir Bítlunum, Villa Vill og Bergþóru Árnadóttur svo eitthvað sé nefnt. „Eldri frændsystkini mín kynntu mig svo fyrir ýmsu skemmtilegu, t.d. KISS og Queen, Bravo-blöðin voru málið fyrir tíma internetsins og svo hlustaði maður stíft á John Peel hjá BBC. En það er enn fyrst og fremst þannig að við vinirnir og vinnufélagarnir, sem deilum tónlistaráhuganum, skiptumst á ábendingum. Svo uppgötva ég mjög margt í vinnunni á Rás 2 en þangað berst auðvitað gríðarlegt magn nýrrar tónlistar auk þess sem Spotify hefur líka opnað margar forvitnilegar dyr í seinni tíð.“

Hulda var búin að skipuleggja margt spennandi í sumar, t.d. tónleika með Pearl Jam í júní í London. „Þetta hefur verið langþráður draumur en ég sá þá síðast fyrir aldarfjórðungi og hef elskað þessa sveit alla tíð síðan, ekki síst Eddie Vedder. Því voru það gríðarleg vonbrigði þegar þurfti að fresta tónleikunum þar sem Eddie hafði misst röddina kvöldið áður. Nú hafa þeir sett tónleikana á að nýju og ég ætla að gera mér aðra ferð til London og sjá þá 17. júlí og get ekki beðið.“

Hún segir gaman að því hvað tónlistarlífið á Íslandi er fjölbreytt og margt sé í boði og vísar þar m.a. til Secret Solstice í síðasta mánuði og fleiri viðburða. „Svo verður gaman að sjá Guns N' Roses hér á heimavelli og í haust á ég miða á U2 í Kaupmannahöfn. Það væri líka gaman að fara á Eistnaflug en þangað hef ég aldrei komið og þarf nauðsynlega að bæta úr. Ég ætla að sjá Skálmöld og Sinfó í Hörpu í ágúst og svo er ýmislegt fleira áhugavert í boði og ég á pottþétt eftir að sjá margt fleira hér heima enda dugleg að fara á tónleika.“

*Hvaða lag fær þig til að hugsa um fyrsta barnið?*

Þegar ég gekk með son minn hlustaði ég stanslaust á þriðju plötu Travis, The Invisible Band, og ég var eiginlega sannfærð um að barnið myndi þekkja öll lögin af henni, sérstaklega lögin Sing og Side sem eru enn í uppáhaldi hjá mér eins og öll platan. Þrátt fyrir þetta hefur Travis aldrei ratað á fóninn hjá drengnum.




*Hvað lag minnir þig á frábæra tónleika?*

Ég var svo heppin að komast á 30 ára afmælistónleika plötunnar The Joshua Tree með U2 á heimavelli þeirra í Dublin á Írlandi í fyrra. Hvert einasta lag sem þar var flutt er eins og greypt í heilann á mér enda var þetta ógleymanlegt kvöld þar sem allt spilaði með; veðrið, gleði og eftirvænting áhorfenda, hljómgæði og flutningur. Toppurinn var þegar sveitin flutti Where the streets have no name og þrjár herþotur flugu yfir leikvanginn og spúðu írsku fánalitunum í reyk á eftir sér. Algerlega ógleymanleg stund.

*Hvaða plata tengist helst unglingsárum þínum?*

Þær eru ótal margar og eiginlega efni í heila bók. Ein plata er þó sérstök í minningunni af því að hún er kannski ekki hefðbundin unglingaplata en það er tónleikaplatan Bring on the Night með Sting. Ég heillaðist algerlega af flutningi þessara frábæru tónlistarmanna sem voru með Sting á plötunni. Eitt sumarið hjólaði ég mikið og alltaf með þessa plötu í eyrunum og Walkman í vasanum. Þegar ég heyri lög af plötunni í dag finn ég Suðurnesjalognið leika um andlitið og hjartslátturinn eykst í takt við hjólið.

*Hvaða lög minna þig á frábær sveitaböll unglingsáranna?*

Þau eru nú nokkur sveitaböllin í minningunni og oftast voru það Todmobile eða Stjórnin sem trylltu lýðinn. Oft var tekið vel undir í Eitt lag enn með Stjórninni í Njálsbúð og þau voru ófá böllin í KK í Keflavík (svona næstum því sveitaböll) þar sem maður heyrði raddir með Todmobile.

*Hvað lag fær þig til að hugsa um ástina?*

Einhverra hluta vegna hef ég alltaf heillast meira af lögum sem tengjast ástarsorg frekar en ást enda meira drama og tilfinningar í þeim. Eitt ástarlag er þó í miklu uppáhaldi og mér finnst textinn dásamlegur. Það heitir For your lover give some time og er að finna á plötunni Truelove's Gutter með Richard Hawley sem er dásamleg plata og allir ættu að kynna sér.

*Hvaða tónlist minnir þig á góða vini og minningar tengdar þeim?*

David Bowie minnir mig alltaf á æskuvinkonu mína, Gerði Pétursdóttur, sem elskar Bowie og R.E.M. Smiths og Smithereens minna mig alltaf á Hauk Ástvaldsson, vin minn, sem kynnti mig fyrir ótal mörgu frábæru í tónlist þegar við vorum saman á heimavist í menntaskóla. Annars væri hægt að telja endalaust upp hér því svo ótal margar minningar af vinum koma upp í gegnum tónlistina.

*Tengist eitthvert lag sorglegum atburðum í lífi þínu?*

Mamma mín varð bráðkvödd á aðfangadagskvöld árið 2006, þá 55 ára gömul. Það var gríðarlegt áfall og eðlilega eru dagarnir á eftir í hálfgerðri þoku. Ég man lítið eftir jarðarförinni, nema öllum þeim fjölda fólks sem kom og sýndi okkur ómetanlega hluttekningu og svo KK sem flutti lag sitt When I think of angels við athöfnina. Ég vissi að hann samdi lagið eftir að hafa misst systur sína og ég fann fyrir mikilli samkennd með honum vitandi af missi hans. KK felldi tár við flutninginn og það snerti mig mjög djúpt. Við KK áttum síðar eftir að verða vinnufélagar og vinir og mér þykir alltaf extra vænt um hann vegna þessa og lagið þykir mér líka vænt um þó að tengingin sé sorgleg og kalli enn fram tár.

*Hvaða lag fær þig til að vilja stökkva inn í tímavél og fara aftur í tímann?*

Það er Smells like teen spirit með Nirvana sem kom út 1991. Grungerokkið skall á af fullum krafti þegar ég var við háskólanám í Bandaríkjunum og ég man nákvæmlega hvar ég var stödd þegar ég heyrði þetta lag í fyrsta skipti og þau áhrif sem það hafði á mig. Þetta var æðislegur tími og ég væri alveg til í að skella mér í köflótta skyrtu og stökkva aftur til háskólaáranna í Bandaríkjunum.

*Hvaða tónlist minnir þig á hallærislegan tíma í lífi þínu?*

Það var margt á eitís tímabilinu sem mér fannst svaðalega flott þá en brosi yfir í dag, t.d. herðapúðarnir og hárgreiðslurnar. En á sama tíma var margt frábært að gerast í tónlist og þrátt fyrir hallærislega tísku, á nútíma mælikvarða, áttu margar sveitir frábær lög á þessum tíma. Þar gæti ég t.d. nefnt fyrstu plötu Duran Duran og Pax Vobis hér heima. Eðalstöff, en tískan maður!

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.690 kr.*
SVÍNAKJÖT MEÐ TOFANSÓSU
KJÚKLINGUR MEÐ SATAYSÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
*tekið með heim – 1.990 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is



Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00



KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

# Frábært fyrir vigtina og dregur úr þreytu og sleni

## Yfir 500 milljón skammtar seldir í heiminum. Klínískt staðfest þyngdarstjórnun.

Íslenska líftæknifyrirtækið Primex kynnir LipoSan – náttúrulegar trefjar sem binda fitu úr fæðunni og draga úr upptöku hennar í meltingarveginum. LipoSan hjálpar til við þyngdarstjórnun, bætir meltinguna og viðheldur eðlilegu kólesteróli.

### Hvernig virkar LipoSan?

**Þyngdarstjórnun og bætt melting:** LipoSan inniheldur náttúrulegt kítósan, sem eru trefjar unnar úr íslenskri rækjuskel. Kítósan leysist upp í magasýru og bindur fitu úr máltíðinni. Þannig hamlar LipoSan upptöku fitu í meltingarveginum, dregur verulega úr hitaeiningum í máltíðinni og stuðlar þannig að þyngdartapi. Klínísk rannsókn sýnir fram á þyngdartap í kjölfar notkunar á LipoSan. Hópur einstaklinga sem tóku 3 g á dag í 8 vikur léttist í samanburði við hóp sem tók Lyfleysu.

Þá sýna rannsóknir að náttúrulegar trefjar LipoSan styðji við heilbrigða þarmaflóru og bætta meltingu.

**Eðlilegt kólesteról:** Kólesteról úr fæðu leysist upp í magasýrum og blandast þeim. LipoSan dregur úr upptöku þess í meltingarveginum og lækkar verulega það magn kólesteróls sem nær út í æðakerfið. Regluleg inntaka á LipoSan dregur þannig úr LDL kólesteróli í blóðinu. Samkvæmt EFSA (Matvælastofnun Evrópu) stuðlar kítósan að viðhaldi eðlilegs kólesterólmagns í blóðinu ef tekin eru 3 g á dag.

### Hvað með góða fitu í máltíðinni?

LipoSan bindur meira af óhollari olíum og fitum en af hollum olíum úr venjulegri máltíð. Ef lýsi eða aðrar hollar olíur eru teknar að staðaldri er ráðlagt að taka þær á öðrum tíma dags til að tryggja fulla virkni þeirra. LipoSan hefur ekki áhrif á upptöku eða nýtingu á fituleysanlegum vítamínum (A, D, E og K) né andoxunarefnum úr fæðunni.

### Hvernig er best að nota LipoSan?

Til að LipoSan virki sem best er ráðlagt að taka það inn rétt fyrir eða með máltíð. LipoSan þarf einungis um 3-5 mínútur til að ná fullri virkni í maganum og hvert gramm af LipoSan getur bundið vel yfir 100 g af fitu. Sé engin fita í máltíðinni virkar LipoSan á sama hátt og almennar trefjar til stuðnings meltingu og þarmaflóru. Til að auka áhrif LipoSan hefur C-vítamíni verið bætt í hylkin í tvennum tilgangi, annars vegar eykur það fitubindingareiginleika LipoSan auk þess að styrkja ónæmiskerfið og almenna heilsu.

LipoSan er fáanlegt sem LipoSan + Vitamin C hylki eða á duftformi sem LipoSan Micro sem þá er hægt að blanda beint út í máltíðina.

### Um Primex ehf.

Primex er íslenskt líftæknifyrirtæki, staðsett á Siglufirði, sem sérhæfir sig í þróun og sölu á kítósanvörum fyrir fæðubótarefni, lækningavörur og ýmsar aðrar vörur. Frá árinu 1999 hefur Primex unnið að því að breyta hráefni sem áður var mengandi úrgangur í verðmætar afurðir sem bæta lífsgæði manna og dýra.

*1. RN Schiller et al. (2001) A randomized, double-blind, placebo-controlled study examining the effects of a rapidly soluble chitosan dietary supplement on weight loss and body composition in overweight and mildly obese individuals. J. Amer. Nutrac. Ass. 4(1): 42-49. Nánar á liposan.is*

Fæst í öllum helstu apótekum.



## Sigurður Nikulásson, skíðaþjálfari og Iron Man, mælir með LipoSan

Sigurður Nikulásson eða Siggi Nikk eins og hann er kallaður, er mikill íþróttagarpur, þjálfar skíðafólk og er margfaldur Iron Man. Siggi gekkst undir stóra aðgerð á baki í byrjun árs 2017 sem olli því að hann gat ekkert æft um nokkurra mánaða skeið. „Ég bætti á mig um 5 kg eftir aðgerðina, en fyrir mig skiptir gríðarmiklu máli að halda þyngdinni í skefjum til að ná sem bestum árangri í íþróttaiðkun minni. Ég hef notað LipoSan+Vitamin C um nokkurra mánaða skeið og finn að það gerir mér mjög gott. LipoSan hefur hjálpað mér að losa mig við aukakílóin og ég finn fyrir aukinni orku og minna sleni. Ég mæli svo sannarlega með LipoSan+Vitamin C og ætla mér að halda áfram að taka það inn daglega."

> **Ég hef notað LipoSan+ Vitamin C um nokkurra mánaða skeið og finn að það gerir mér mjög gott. LipoSan hefur hjálpað mér að losa mig við aukakílóin og ég finn fyrir aukinni orku og minna sleni. Ég mæli svo sannarlega með LipoSan+Vitamin C og ætla mér að halda áfram að taka það inn daglega.**







Náttúrulegar trefjar sem hjálpa
til við þyngdarstjórnun,
viðhalda eðlilegu kólesteróli
og bæta meltinguna




LIPOSAN

# Vollrath sýnir í Berlín



Isabel Vollrath langaði til þess að læra höggmyndalist en fatahönnun varð ofan á. Hönnun Vollrath er gjarnan lýst sem þrívíðum listaverkum.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Þýski hönnuðurinn Isabel Vollrath sýndi nýjustu vor- og sumarlínu sína á tískuvikunni í Berlín á dögunum. Fatnaði Isabel er gjarnan lýst sem þrívíðum listaverkum og hefur hún sjálf sagt að hún nálgist hönnunina eins og þrívíðar teikningar eða skúlptúra. Hún hafi ætlað sér að læra höggmyndalist en fatahönnun hafi orðið ofan á. Hún vilji vinna á mörkum myndlistar og fatahönnunar og fái útrás fyrir listamanninn í sjálfri sér gegnum sníðagerð, efni og saumatækni.

„Meirihluta þess sem ég hanna mætti allt eins hengja upp á vegg eins og listaverk, eða setja í ramma, í stað þess að hengja inn í skáp,“ sagði Isabel í viðtali við vefinn goart-berlin.de.

Isabel hannar allar sínar línur í takmörkuðu upplagi og segist einungis þannig geta verið trú sjálfri sér og listinni, form og leikur að efnum komi ávallt á undan fagurfræðinni.

FRÁBÆR MORGUNMATUR EÐA MILLIMÁL




• TILVALIÐ Í NESTIÐ • FYRIR OG EFTIR ÆFINGU • HENTAR ÖLLUM

INNIHELDUR CHIA FRÆ, ÁVEXTI OG GRÆNMETI. 1200 MG AF OMEGA 3. TREFJA- OG PRÓTEINRÍKT. GLÚTEINLAUST OG VEGAN. LÍFRÆNT VOTTAÐ OG ÓERFÐABREYTT.

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Ýmis störf**

- Verkefnastjóri fræðslu og miðlunar
- Starfsmenn í íþróttahúsi Vatnsendaskóla.
- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs - Karl.
- Starfsmaður í Þjónustumiðstöð við almenna þjónustu.

**Grunnskólar**

- Aðstoðarforstöðumaður frístundar í Hörðuvallaskóla.
- Aðstoðarmatreiðslumaður í Kópavogsskóla.
- Forfallakennari í Hörðuvallaskóla.
- Frístundaleiðbeinendur í Vatnendaskóla.
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Hörðuvallaskóla.
- Kennari í Kópavogsskóla.
- Kennari í forfallakennslu í Snælandsskóla.
- Kennari í hönnun og smíði í Vatnsendaskóla.
- Skólaliðar í Hörðuvallaskóla.
- Skólaliði í Kópavogsskóla.
- Skólastjóri Smáraskóla í Kópavogi.
- Umsjónarkennari á miðstig í Vatnsendaskóla.
- Íþróttakennari í Hörðuvallaskóla.
- Deildarstjóri sérúrræða í Álfhólsskóla.

**Leikskólar**

- Aðstoðarmatráður í Kópahvol.
- Aðstoðarmaður í eldhús í Álfatúni.
- Deildarstjóri í Kópahvol.
- Deildarstjóri í Læk.
- Deildarstjóri í Rjúpnahæð.
- Laus afleysingastaða deildarstjóra í Sólhvörfum.
- Leikskólakennari í Arnarsmára.
- Leikskólakennari í Efstahjalla.
- Leikskólakennari í Kópasteini.
- Leikskólakennari í Læk.
- Leikskólakennari í Núp.
- Leikskólakennari í Álfatúni.
- Leikskólakennari/þroskaþjálfi í Efstahjalla.
- Leikskólasérkennari í Kópahvol.
- Leikskólasérkennari, þroskaþjálfi í Sólhvörfum.
- Matráður í Kópahvol.
- Starfsfólk í Núp.
- Starfsmaður sérkennslu í Læk.
- Þroskaþjálfi/leikskólasérkennari í Álfatúni.

**Velferðarsvið**

- Starfsmenn óskast á heimili fatlaðs fólks.
- Sérkennari/þroskaþjálfi í sérdeild einhverfra.
- Þroskaþjálfi á áfangaheimili fyrir fatlað fólk.
- Starfsmaður á áfangaheimili fyrir fatlað fólk.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

## Ráðgjafi í atvinnutengdri endurhæfingu

**Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar óskar eftir að ráða ráðgjafa**

**Helstu verkefni:**
Mat og greining á þörfum fólks sem vísað er í atvinnutengda endurhæfingu, gerð endurhæfingaráætlana með þátttakendum, fræðsla, stuðningur og eftirfylgd. Þróun starfsemi, teymisvinna og samstarf við aðrar þjónustustofnanir og sérfræðinga á sviði starfsendurhæfingar.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Áhugi og þekking á atvinnutengdri endurhæfingu
- Heiðarleiki, ábyrgð og frumkvæði
- Jákvætt viðmót og samskiptahæfni
- Geta til að vinna sjálfstætt
- Háskólapróf á heilbrigðissviði s.s. í iðju- eða sjúkraþjálfun, hjúkrun, félagsráðgjöf eða vinnusálfræði.
- Íslenskt starfsleyfi
- Reynsla af þverfaglegri teymisvinnu

**Umsóknarfrestur er til 10. ágúst 2018**

Nánari upplýsingar veitir Anna Guðný Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri í síma 5270050. Umsókn ásamt ferilskrá sendist í pósti til Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar, Flatahrauni 3, 220 Hafnarfjörður eða rafrænt á annagudny@stendur.is.

**Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.**

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er sjálfseignarstofnun sem sinnir starfsendurhæfingu.
Mikil áhersla er lögð á tengingu þátttakenda við atvinnulífið. Heimasíða: www.stendur.is.

## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Nýdoktor á sviði hug- eða félagsv. | Háskóli Íslands, Rannsóknarsetrið | Reykjavík | 201807/1362 |
| Doktorsnemi á sviði hug- eða fél. | Háskóli Íslands, Rannsóknarsetrið | Reykjavík | 201807/1361 |
| Doktorsnemi á sviði norðurslóðafr. | Háskóli Íslands, Rannsóknarsetrið | Reykjavík | 201807/1360 |
| Stýrimenn | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjavík | 201807/1359 |
| Sjúkraliði/félagsliði | Landspítali, samfélagsgeðteymi | Reykjavík | 201807/1358 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, samfélagsgeðteymi | Reykjavík | 201807/1357 |
| Tryggingafulltrúar | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201807/1356 |
| Hagfræðingur | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201807/1355 |
| Verkefnastjóri | Háskóli Íslands, Miðstöð í Lýðheilsuv. | Reykjavík | 201807/1354 |
| Hugbúnaðarsérfræðingur | Menntamálastofnun | Reykjavík | 201807/1353 |
| Sérfræðingur í launatölfræði | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201807/1352 |
| Skrifstofumaður/heilbrigðisritari | Landspítali, göngudeild geðsviðs | Reykjavík | 201807/1351 |
| Hjúkrunarfræðingar á næturvaktir | Landspítali, öldrungalækningadeild | Reykjavík | 201807/1350 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, meðgöngu- og sængurl. | Reykjavík | 201807/1349 |
| Sjúkraliðar | Landspítali, meðgöngu- og sængurl. | Reykjavík | 201807/1348 |
| Sérfræðingur | Landgræðsla ríkisins | Landið allt | 201807/1347 |
| Matráður | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201807/1346 |
| Deildarstjóri | Landspítali, mannauðssvið | Reykjavík | 201807/1345 |
| Deildarstjóri | Landspítali, kjaradeild | Reykjavík | 201807/1344 |
| Læknaritari á heilsugæslu | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Borgarnes | 201807/1343 |
| Verkefnastjóri vaktakerfis | Landspítalim skrifstofa lyflækningasvið | Reykjavík | 201807/1342 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, bráða- og göngudeild | Reykjavík | 201807/1341 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Landspítali, sjúkraþjálfun | Reykjavík | 201807/1340 |
| Starfsmenn við umönnun | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201807/1339 |
| Hjúkrunarfræðingur/teymisstjóri | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201807/1338 |
| Skrifstofumaður/heilbrigðisritari | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201807/1337 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201807/1336 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, skrifstofa aðgerðasviðs | Reykjavík | 201807/1335 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Vesturlandi | Borgarnes | 201807/1334 |
| Lögreglumaður, vega- og umf.e. | Lögreglustjórinn á Vesturlandi | Akranes | 201807/1333 |
| Starfskraftur við skólabú | Háskólinn á Hólum | Hólar í Hjaltad. | 201807/1332 |
| Reiðkennari | Háskólinn á Hólum | Hólar í Hjaltad. | 201807/1331 |
| Aðstoðarmaður aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201807/1330 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201807/1329 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, bráðamóttaka | Reykjavík | 201807/1328 |
| Starfsmaður við vísindarannsóknir | Landspítali, svefnrannsóknir | Reykjavík | 201807/1327 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Seltj.nesi og Vesturbæ | Seltjarnarnes | 201807/1326 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn Í Reykjavík | Reykjavík | 201806/1325 |
| Verkefnastjóri/ráðgjafi | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Reykjavík | 201806/1324 |




**Bókasafn Kópavogs óskar eftir öflugum og hugmyndaríkum einstaklingi í starf verkefnastjóra fræðslu og miðlunar. Um er að ræða 100% stöðu og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. september. Næsti yfirmaður er forstöðumaður Bókasafns Kópavogs.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Verkefnastjóri sér um skipulag og hefur umsjón með fræðslu fyrir börn og ungmenni í hefðbundnum miðlum jafnt sem og í spjaldtölvum og á samfélagsmiðlum. Hann vinnur að fjölmenningarverkefnum og markaðs- og kynningarmálum safnsins. Það felur m.a. í sér tengsl við fjölmiðla. Hann stýrir fræðsluteymi safnsins, situr í fjölmenningarteymi og markaðs- og kynningarteymi, auk þess að taka þátt í annarri teymisvinnu innan safns sem utan. Verkefnastjóri vinnur náið með verkefnastjórum fræðslu- og kynningarmála hjá Menningarhúsum Kópavogs og tekur virkan þátt í framkvæmd og þróun verkefna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af því að vinna með börnum og ungmennum.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Reynsla af markaðs- og kynningarmálum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti skilyrði, færni í einu norðurlandamáli og öðru tungumáli s.s. frönsku, spænsku eða arabísku kostur.
- Hugmyndaauðgi, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Færni til að vinna undir álagi og sinna mörgum verkefnum og mjög góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfileiki til að tileinka sér nýja þekkingu.
- Metnaður til árangurs og fagmennska í vinnubrögðum.
- Jákvæðni í starfi og sveigjanleiki.

Bókasafn Kópavogs var stofnað 15. mars 1953 og er rekið af Kópavogsbæ samkvæmt lögum um alenningsbókasöfn nr. 150/2012. Meginhlutverk safnsins er fyrst og fremst að bjóða Kópavogsbúum og öðrum aðgengi að þekkingu og stuðla að fjölbreyttri, öflugri og skipulagðri menningarstarfsemi– og fræðslu fyrir samfélagið í heild. Bókasafn Kópavogs hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu hvað varðar þjónustu, safnkost og búnað.
Bókasafn Kópavogs er hluti af Menningarhúsum Kópavogsbæjar (sjá nánar www.menningarhusin.kopavogur.is.). Húsin sameinast um ýmiskonar dagskrá s.s. Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum, dagskrá fyrir skólahópa og sumarnámskeið fyrir börn. Húsin starfa því bæði sem sjálfstæðar ólíkar stofnanir en einnig sem heild í því skyni að efla samfélagið.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. júlí nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lísa Z. Valdimarsdóttir forstöðumaður Bókasafns Kópavogs, lisa@kopavogur.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is.

Kópavogsbær

Bókasafn Kópavogs

---

Skólabúðirnar Reykjaskóla
vinátta – virðing – væntumþykja

**Skólabúðirnar í Reykjaskóla óska eftir að ráða hresst og duglegu fólk til starfa við íþróttakennslu og almenna fræðslu.**

Góð menntun og/eða reynsla æskileg. Einnig óskum við eftir starfsmanni í eldhús og fólki til ræstinga.

Áhugasamir sendi upplýsingar ásamt ferilskrá á karl@skolabudir.is

---

prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

## GRAFÍSKUR MIÐLARI / PRENTSMIÐUR ÓSKAST Á AKRANESI

Prentmet á Akranesi óskar eftir grafískum miðlara/prentsmið í 100% starf. Starfið er mjög fjölbreytt og felst í umbroti, hönnun, keyrslu á stafrænar prentvélar og sölu á prentverki og auglýsingum í vikublaðið Póstinn.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem eflir heildina og hefur góða tölvuþekkingu. Gott vald á Adobe forritunum InDesign, Photoshop og Illustrator er mikilvægt. Sveinspróf í grafískri miðlun/prentsmíði eða sambærileg menntun er æskileg. Þjálfun í boði fyrir rétta aðila. Vinnutími er kl. 08:00–16:00.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri mannauðsmála, ingasteina@prentmet.is, s. 856 0601. Atvinnuumsókn er á www.prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn/

**Umsóknarfrestur er til 20. júlí nk.**

Prentmet er framsækið fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir og hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Umhverfisvottuð prentsmiðja

Umbúðir · Almenn Prentun · Bækur · Límmiðar

S. 5 600 600 - www.prentmet.is

---

HAMPIÐJAN

**Hampiðjan er leiðandi fyrirtæki í heiminum í sölu og þjónustu á framúrskarandi veiðarfærum til fiskiskipa.**

**Fyrirtækið er jafnframt í fararbroddi í þróun og framleiðslu á ofurköðlum, sem seldir eru víða um heim, í veiðarfæri og til olíuleitar ásamt olíuvinnslu.**

**Hampiðjan er alþjóðlegt fyrirtæki í íslenskri eigu og hjá því starfa rúmlega 950 starfsmenn í 14 löndum.**

## Sérfræðingur í Microsoft Dynamics AX

**Við erum að leita að öflugum sérfræðingi með ráðgjafareynslu í Microsoft Dynamics AX**

**Starfssvið:**

- Umsjón með Dynamics AX kerfi Hampiðjunnar.
- Leiðbeina notendum innan Hampiðjusamstæðunnar hérlendis og erlendis í málefnum tengdum Dynamics AX.
- Leiða innleiðingu á Dynamics AX hjá dótturfélögum Hampiðjunnar erlendis.
- Leiða uppfærslu í Microsoft Dynamics 365.
- Umsjón með ýmsum öðrum málum er tengjast upplýsingakerfum Hampiðjunnar.

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af ráðgjöf í Microsoft Dynamics AX.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg, bæði talað og ritað mál.
- Hæfni í að vinna með fólki og geta leitt verkefni.

**Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á emil@hampidjan.is**

**Nánari upplýsingar veitir Emil Viðar Eyþórsson. Sími: 530 3300**

**Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 23. júlí.**

HAMPIÐJAN
www.hampidjan.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 88907 7/18




# UMSJÓNARMAÐUR ÞÝÐINGA OG TEXTA FYRIR VEF

Við leitum að einstaklingi með ástríðu fyrir textagerð og gott auga fyrir þýðingum. Icelandair er flugfélag sem starfar beggja vegna Atlantshafsins og býður því viðskiptavinum sínum upplýsingar og ferðabókanir á alls 12 tungumálum. Samræmi þarf að vera fullkomið frá einni síðu til þeirrar næstu.

Lögð er áhersla á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð ásamt hæfni til að vinna í hóp. Við leitum að áhugasömum einstaklingi sem hefur jákvætt hugarfar, ríka þjónustulund og gott viðmót. Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í tæknilegu og síbreytilegu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæða vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

**STARFSSVIÐ:**

- Halda utan um þýðingar og samskipti við þýðingastofur
- Verkefnastjórnun við innleiðingu nýrra lausna á vefsvæði Icelandair
- Færa inn texta í vefumsjónarkerfi Icelandair
- Daglegar uppfærslur og breytingar á texta og upplýsingum

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Góð fagleg þekking á vefmálum er nauðsynleg
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og þekkingu á vefumsjónarkerfum, HTML (5), CSS og JavaScript
- Kunnátta og reynsla af vef- og útlitshönnun sem og þekking á hugbúnaðarþróun
- Reynsla af innleiðingu nýjunga í vefþróun er æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta sem og færni í að vinna með texta á íslensku og ensku
- Reynsla af þýðingum er mikill kostur
- Hæfileiki til að forgangsraða og geta til að vinna undir álagi

# NOTENDAMIÐAÐUR TEXTASMIÐUR

Við leitum að stafrænt þenkjandi textahöfundi sem hefur gott lag á því að koma upplýsingum á framfæri á hnitmiðaðan og aðlaðandi hátt.

Bakgrunnur í vefumsjón og/eða fjölmiðlum er mjög æskilegur og viðkomandi þarf að geta framleitt rétta efnið fljótt og vel, ásamt því að hafa gott auga fyrir hnitmiðuðum söluskilaboðum fyrir vefinn.

Ef þú ert rétti einstaklingurinn munt þú slást í hóp með forriturum og textagerðarfólki sem saman sér til þess að ferðabókanir og upplýsingaleit viðskiptavina Icelandair sé auðveld og ánægjuleg upplifun.

**STARFSSVIÐ:**

- Búa til vandaðan texta fyrir notendaviðmót icelandair.com
- Vinna með teyminu til að tryggja samræmi í textaefni hvarvetna á vef Icelandair
- Setja inn uppfærslur og svara beiðnum frá ýmsum deildum fyrirtækisins um efni á vefnum

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Lágmarkskunnátta í HTML og CSS, að geta lesið forritunarmál er stór kostur
- Reiprennandi íslensku- og enskukunnátta, þriðja tungumál er æskilegt
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og gott auga fyrir smáatriðum
- Skipulag, hæfni til forgangsröðunar og vinnusemi

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar veita:**
Jón Agnar Ólason | Content Team Lead | jonagnar@icelandair.is
Bylgja Björk Pálsdóttir | HR Consultant | bylgjap@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á **www.icelandair.com/is/um-okkur/storf-i-bodi** eigi síðar en 16. júlí nk.

ICELANDAIR

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!



www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

*Á Sólheimum í Grímsnesi búa að jafnaði yfir eitthundrað manns og eru starfsmenn Sólheima um fimmtíu talsins. Hlutverk Sólheima er að skapa sjálfbært samfélag, byggt á kristnum gildum og hugmyndum mannspeki, sem veitir íbúum tækifæri til að vaxa, þroskast og vera virkur þátttakandi. Starfsemi Sólheima og aðstaða er sniðin að því að þjóna fólki með þroskahömlun sem býr yfir starfsgetu.*
*Gildi Sólheima eru; kærleikur, fagmennska, sköpunargleði og virðing.*

## Fagstjóri leirgerðar Sólheima

**Starfssvið**
- Veitir leirgerð Sólheima forstöðu
- Valdefling, umönnun og þjálfun
- Stuðningur við listsköpun og þróun
- Skipulagning verkefnavinnu og sýninga
- Annast innkaup
- Umhirða leirgerðar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun og reynsla í leirgerð
- Þekking á að vinna með fólki með fötlun æskileg
- Samskipta- og samstarfshæfni mikilvæg
- Frumkvæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni og áhugi á að leiða fjölbreytt starf leirgerðar í anda gilda Sólheima
- Búseta á Sólheimum æskileg

Vinnustofur Sólheima eru fimm og skilgreinast sem verndaður vinnustaður þar sem um tuttugu og fimm starfsmenn með fötlun starfa að jafnaði.
- Virkt félagslíf; t.d. hackathon, golfmót, Halloween partí, LAN partí, nudd í vinnunni...

**Tækifæri til að vaxa:**

- Taktu þátt í að móta framtíðina og hafðu áhrif á þróun skýjalausna
- Starfaðu með alþjóðlegum samstarfsaðilum á borð við Microsoft, Amazon og Google
- Sjáðu heiminn þegar þú ferðast á milli skrifstofa NetApp um víða veröld
- Lærðu meira og taktu þátt í alþjóðlegum vinnustofum og námskeiðum
- Vertu hluti af hressu, alþjóðlegu og fjölbreyttu teymi
- Starfaðu með þeim bestu í bransanum
- Láttu sköpunargleðina ráða, starfaðu hjá fyrirtæki þar sem framlag þitt skiptir máli



Starfsmönnum NetApp gefst meðal annars tækifæri til þess að hafa bein áhrif á vöruþróun og starfa með alþjóðlegu og fjölbreyttu teymi.

Fylgstu með okkur á samfélagsmiðlum!

@netappcloud @netappcloud_ @netappcloud

# Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

# LÍKA Á SUMRIN!

## Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

| apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september |
|---|---|---|---|---|---|
| 89% | 89% | 89% | 89% | 89% | 89% |

**89% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring**




* meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

**Fréttablaðið - mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin**

FRÉTTABLAÐIÐ





Sierra klifraði meðal annars á Hnappavöllum og á Vestrahorni á Stokksnesi. Hún er einn færasti klifrari heims og segir að Ísland hafi komið sér mjög á óvart, sérstaklega landslagið. MYNDIR/GARPUR

# Draumastaður klifrarans

**Sierra Blair-Coyle** er einn færasti klifrari heims. Hún kom nýverið til Íslands og segir landið draumastað klifrarans.




Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunnak@frettabladid.is


Uppáhaldsstaðurinn minn á þessari jörðu er Ísland. Ég er algjörlega heilluð af landinu og íslenskri náttúru,“ segir Sierra Blair-Coyle, atvinnumaður í klifri. Sierra er ein sú færasta í greininni og ferðast um heiminn allt árið um kring til þess að taka þátt á mótum og upplifa fjölbreytni klifurmenningarinnar. Hún kom hingað til lands með móður sinni í lok síðasta mánaðar eftir að hafa tekið þátt á heimsmeistaramótinu í klifri í München.

„Ég kom fyrst til Íslands fyrir þremur árum en var þá ekki í nema fimm daga. Þá æfði ég innanhúss og áttaði mig ekki á að það væri hægt að klifra utandyra, fyrr en undir rest. Þannig að þessi ferð hefur verið í bígerð um nokkurt skeið,“ segir Sierra. Hnappavellir í Öræfum og Vestrahorn á Stokksnesi urðu fyrir valinu hjá þeim mæðgum en það eru afar vinsæl útivistar- og klifursvæði.

„Þessi svæði eru talsvert frábrugðin því sem ég hef áður kynnst, en það er fyrst og fremst vegna stórbrotinnar náttúrunnar. Veðrið stríddi okkur aðeins en fyrsta daginn var sól og logn, sem var æðislegt.“

**Vildi strax verða atvinnumaður**

Sierra er 24 ára, frá Arizona í Bandaríkjunum og þrátt fyrir ungan aldur hefur hún klifrað nánast sleitulaust í sextán ár.

„Ég var átta ára þegar ég prófaði fyrst að klifra og varð ástfangin af þessari íþrótt þannig að ég ákvað strax að ég ætlaði að fara í atvinnumennsku. Foreldrar mínir voru óvissir í upphafi en það leið ekki á löngu þar til þeir ákváðu að skrá mig á námskeið,“ segir hún. „Við höfðum varla val um neitt annað,“ skýtur Lisa Blair, móðir Sierru, hlæjandi inn í. Hún segist hins vegar ekkert sjá eftir þessari ákvörðun því hún klifrar sjálf mikið og flakkar heimshorna á milli með dóttur sinni.

„Við ferðumst mjög mikið. Bara í ár höfum við farið til sjö landa – og sumra landa oftar en einu sinni. Ég held við höfum ekki verið heima í nema sex vikur á þessu ári,“ segir Sierra. „Sem betur fer höfum við báðar mjög gaman af ferðalögum, og ég er svo heppin að mamma er til í að fara með mér út um allt. Ég er ekki viss um að ég hefði eins gaman af þessu ef ekki væri fyrir hana.“

Aðspurð segir Sierra að sér þyki íþróttin alltaf jafn skemmtileg, þó allir dagar snúist um æfingar og rútínu.

„Nei, þetta verður aldrei leiðinlegt. Nema kannski þegar flugi er seinkað,“ segir hún brosandi. „Týpískur dagur er að vakna, borða morgunmat, æfa, borða hádegismat, fara á klifuræfingu og borða meira. Þannig að þetta snýst fyrst og fremst um að borða rétt og vel og æfa. Ég æfi í um þrjár klukkustundir á dag en á móti tek ég mér frí þriðja hvern dag.“

**Þrautseigja og dugnaður lykillinn**

Sierra hefur klifrið að lifibrauði og stundar hún því klifurmót af kappi og situr mikið fyrir. Hún kemur sjálfri sér á framfæri í gegnum samfélagsmiðla en tæplega 150 þúsund manns fylgjast með Instagram-síðu hennar daglega. „Samfélagsmiðlarnir hafa hjálpað mér mikið en það er auðvitað að ýmsu að huga þegar fylgjendurnir eru orðnir svona margir. En allt sem ég set inn sýnir mig í réttu ljósi.“

Sierra vill setja fordæmi fyrir aðrar konur í greininni. „Það eru álíka margar konur og karlar í íþróttinni, þó konur í atvinnumennsku séu talsvert færri en karlarnir. Þetta virðist samt vera að breytast og ég reyni alltaf að hvetja alla, bæði konur og karla, til þess að láta á þetta reyna.“

Þrautseigja og dugnaður er það sem þarf til þess að ná langt í klifri, að sögn Sierru. Hins vegar sé þetta íþrótt sem allir geti tekið þátt í. „Mitt líf snýst auðvitað fyrst og fremst um klifrið, þar sem ég hugsa mikið um æfingar, mat og heilbrigt líferni – og það er í raun það sem þarf til þess að komast í atvinnumennskuna.“

## Hvað þarf til þess að byrja að klifra?

- Mæta á staðinn og kaupa stakan tíma eða kort.
- Þægileg föt og klifurskór. Hægt er að leigja klifurskó í flestum klifurhúsum.
- Byrja rólega og vinna sig upp. Erfiðleikastigin eru nokkur.
- Kalk, kalk, kalk. Gott viðnám er lykilatriði.
- Aldur er afstæður og líka í klifri. Íþróttin hentar öllum aldurshópum.



Sierra Blair-Coyle hefur klifrað í sextán ár. Hún ákvað átta ára gömul að gerast atvinnuklifrari. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!
&
nýjar vörur streyma inn!

40–50% afsláttur







KARAKTER
KONUR
Smáralind

COMPANYS
Kringlan



Sierra Blair-Coyle klifrari sveiflar sér í grjótinu. Hún ferðast heimshorna á milli með móður sinni, Lisu Blair, sem einnig klifrar mikið. MYNDIR/GARPUR

# Íslenska náttúran í uppáhaldi

Sierra Blair-Coyle, atvinnuklifrari frá Bandaríkjunum, varði viku á Íslandi. Hún hrífst af íslensku landslagi og klifurmenningunni.



Sierra klifraði meðal annars á Vestrahorni og á Hnappavöllum. Hún segist afar hrifin af íslensku náttúrunni.



Veðurfarið kom Sierru á óvart, rok og rigning gerðu henni erfitt fyrir um tíma.



Sierra naut aðstoðar íslenskra klifrara, meðal annars Andra Más Ómarssonar, sem sést með henni á þessari mynd.

GLAMOUR

# Komið í allar helstu verslanir




*Íslenskt tískutímarit*



Kristinn Már og Halldór að koma verkum sínum fyrir á veggjunum. Þau eru sjö og heita einfaldlega Samræður 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 7. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

# Vinna saman en aldrei á sama stað

Myndlistarmennirnir **Halldór Ragnarsson** og **Kristinn Már Pálmason** opnuðu málverkasýninguna Útskýringar í gær í Listamönnum Galleríi að Skúlagötu 32. Hér útskýra þeir hvernig samstarfi þeirra við gerð myndanna var háttað.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Kristinn Már Pálmason myndlistarmaður er á leið út en snýr við á punktinum þegar ég mæti í Listamenn Gallerí við Skúlagötuna, degi áður en hann og kollegi hans, Halldór Ragnarsson, opna þar sýninguna Útskýringar. Halldór er að byrja að mála þar einn vegg gulan en snarhættir því og báðir vinda þeir sér í að útskýra það sem við blasir í sýningarrýminu.

Halldór byrjar. „Ég fór á sýningu hjá Kristni Má fyrir nokkrum árum og tók eftir að hann var farinn að gera öðruvísi verk en áður. Þá stakk ég upp á að við færum út í samstarf, það dróst svo þar til fyrir hálfu öðru ári að við byrjuðum. En við vinnum samt aldrei á sama stað, heldur sendum verkin á milli okkar. Sókrates lagði mikla áherslu á samræðuna og við spjöllum saman en vinnum í einrúmi. Það sem við fáum hvor frá öðrum á striganum er það sem gefur okkur innblástur í málverkinu. Þannig að þetta er samtal í einrúmi.“

**ÞAÐ SEM VIÐ FÁUM HVOR FRÁ ÖÐRUM Á STRIGANUM ER ÞAÐ SEM GEFUR OKKUR INNBLÁSTUR Í MÁLVERKINU.**

Halldór

Kristinn Már tekur undir það. „Við opnum verkin hvor fyrir annars áhrifum. Halldór sendir mér fyrst það sem hann er búinn að gera, svo geri ég eitthvað og sumar myndirnar fara nokkrum sinnum á milli okkar, áður en við verðum ánægðir.“

Halldór vinnur mikið með tungumálið. Setningin „á bara ekki orð“ er til dæmis letruð á strigann aftur og aftur og aftur og aftur. Hvað skyldi Kristinn Már hugsa þegar hann fær stóran fleka alsettan texta eins og þessum?

„Það er svo margt sem kemur upp í hugann. Ég leyfi verkunum alltaf að vera hjá mér dálitinn tíma áður en ég byrja, og kynnist þeim.

*Þú lítur þá ekki á þau sem auðan striga?*

„Jú, öðrum þræði. En svo er líka öðruvísi hugsun bak við þau. Yfirleitt geri ég verk sem eru ofhlaðin af formum en hér er búið að slá dálítið vopnin úr höndunum á mér og ég finn að það form eða tákn sem ég nota verður rosalega mikilvægt. Það eru einleikarar sem fá að stíga hér á svið – úr fjöldanum mínum. Þetta er svoleiðis tilfinning.“

Í framhaldinu kveðst Kristinn Már fara að skoða einstök form, af hverju þau séu eins og þau eru, en ekki öðruvísi. „Ég er bæði með form og tákn sem ég hef fundið einhvers staðar og búið til sjálfur. Sum eru í raun afklippur sem féllu til þegar ég var að klippa annað út. Mér fannst þau fígúratív og skemmtileg, snyrti þau til og hér eru þau komin.“

Sýning þeirra félaga stendur til 22. júlí.




## Staðir teygja sig frá Brjánslæk í Bakkadal

Sýningin Staðir verður opnuð á morgun. Hún teygir sig um sunnanverða Vestfirði og þar leggja þrjár listakonur verk sín í dóm. Gamanið hefst á hinum víðfræga viðkomustað ferðalanga, Flakkaranum við bryggjuna á Brjánslæk, klukkan 12 á hádegi. Þaðan verður haldið í ferðalag.

Eva Ísleifs er sýningarstjóri. „Við Þorgerður Ólafsdóttir komum verkefninu Stöðum á laggirnar árið 2014 og það er tvíæringur, svo þetta er þriðja sýningin. Við höfum báðar taugar til Vestfjarða og Þorgerður er hluti af sýningarteyminu þetta árið. Útilistaverk eftir hana er í hlíðinni við prestssetrið á Brjánslæk og eftir göngu í Surtarbrandsgil fá allir myndskreytt vottorð eftir hana um að þeir hafi þreytt gönguna. Þannig verður það út sumarið.“



Listakonurnar sem sýna á Stöðum í ár, Þorgerður, Hildigunnur Ýr og Gunndís.

Gunndís Ýr er ættuð að vestan og bókverkið hennar 1,1111% fjallar um fjölskyldulandið í Bakkadal í Arnarfirði. Það er til sýnis og sölu á bensínstöðinni á Bíldudal þar sem verður staldrað við á leið út í Bakkadal þar sem Gunndís Ýr býður gestum í stutta göngu á morgun.

Hildigunnur hefur unnið með leikskólabörnum í Vesturbyggð. Hún segir mér fyrst frá verki fyrir staðbundna nagla í Flakkaranum á Brjánslæk sem ferðalangar geta átt afrifu af. „En aðalsýningin er í hinum panelklædda fundarsal Vesturbyggðar þar sem listaverk barnanna hanga milli verka eftir Jón Stefánsson og fleiri kanónur í íslenskri myndlist,“ segir hún. „Enda eru krakkarnir að búa til heimsklassamyndir.“ **– gun**

Listvinafélag Hallgrímskirkju 36. starfsár
Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society 36th season





# Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju

## The International Organ Summer in Hallgrímskirkja

16. júní – 19. ágúst 2018 / June 16 – August 19 2018

### Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12
### Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon

## Schola cantorum

**Schola cantorum**, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar og verðlaun fyrir tæran og vandaðan söng sinn, býður nú upp á sumartónleika sína í 10. sinn. Á efnisskrá Schola cantorum í sumar verða innlendar og erlendar kórperlur frá ýmsum tímum, m.a. eftir Mozart, Bruchner, Byrd og Mendelssohn. Hið tilkomumikla Klais-orgel mun stundum koma við sögu og af og til mun einsöngvari úr röðum kórfélaga hefja upp raust sína. Schola cantorum var valinn Tónlistarflytjandi ársins flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson.

**Schola Cantorum**, the prize winning chamber choir of Hallgrimskirkja is celebrating it´s 10th season of the popular Wednesdays Lunchtime Summer Concert this summer. The choir sings various beautiful music from their repertoire, both Icelandic choral pearls as well as famous choral works by Byrd, Bruchner, Mozart (Ave verum) and Mendelssohn, occasionally accompanied by the great Klais organ.  Conductor is Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrimskirkja.



### Helgartónleikar
#### með alþjóðlegum konsertorganistum
### Weekend concerts
#### Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm with international concert organists



| | |
|---|---|
| 16th / 17th June | Eyþór Franzson Wechner, Blönduós Church |
| 23th / 24th June | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík |
| 30th / 1st July | Irena Chřibková, St James Basilica, Prague, Czech Republic |
| 7th / 8th July: | Winfried Bönig, Cologne Cathedral, Germany |
| 14th / 15th July: | Loreto Aramendi, Santa Maria Basilica, San Sebastian, Spain |
| 21st / 22nd July: | Thierry Escaich, Saint-Etienne-du-Mont, Paris, France |
| 28th / 29th July: | Thierry Mechler, Cologne Philharmonics, Germany |
| 4th / 5th August: | Elke Eckerstorfer, St. Augustin Church, Vienna, Austria |
| 11th / 12th August: | Hans-Ola Ericsson, Organ professor at McGill in Monreal, Canada |
| 19th August: | Hannfried Lucke, Mozarteum University, Salzburg, Austria. |

### Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12
### Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon

| | |
|---|---|
| 21st June | Baldvin Oddsson trumpet and Steinar Logi Helgason organist of Háteigskirkja, Reykjavík |
| 28th June | Elísabet Þórðardóttir, organist at Kálfatjarnarkirkja, Hafnarfjörður |
| 5th July | Kitty Kovács, organist of Landakirkja, the Westmann Island |
| 12th July | Pamela Sensi flute, Steingrímur Þórhallsson organist of Neskirkja |
| 19th July | Þórunn Elín Pétursdóttir soprano and Lenka Mátéová organist of Kópavogskirkja, Kópavogur |
| 26th July | Lára Bryndís Eggertsdóttir, organist, Reykjavík |
| 2nd August | Kári Þormar, organist of Reykjavík Cathedral |
| 9th August | Friðrik Vignir Stefánsson, organist of Seltjarnarnes Church |
| 16th August | Jónas Þórir Jónasson, organist of Bústaðakirkja, Reykjavík |



Miðasala við innganginn 1 klst fyrir tónleika og á midi.is
Ticket sales at the entrance 1 hr before the concerts and online www.midi.is
Hádegistónleikar / Lunchtime concerts – 30 min: 2000 ISK - Schola cantorum – 30 min: 2500 ISK
Sunnudagstónleikar / Sunday concerts –60 min: 2500 ISK
Listvinir frá ókeypis inn á orgeltónleika sumarsins

LISTVINAFELAG.IS  SCHOLACANTORUM.IS

Artistic Director: Hörður Áskelsson - Manager: Inga Rós Ingólfsdóttir mob. 696 2849
Concert Manager 2018: Gunnar Andreas Kristinsson mob. 865 5815

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

7. JÚLÍ 2018 LAUGARDAGUR



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Halldóra Sveinbjörnsdóttir**
Borgartúni 30a,

lést miðvikudaginn 4. júlí á
Landspítalanum í Fossvogi.
Útförin fer fram frá Neskirkju
miðvikudaginn 11. júlí kl. 13.00.

**Þóra Hrólfsdóttir** **Tómas Kristjánsson**
**Halldóra Hrólfsdóttir** **Pétur Waldorff**
**Gunnar Sverrisson**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðbjörg Sigrún Björnsdóttir**
frá Kleppustöðum í
Staðardal í Strandasýslu,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
þriðjudaginn 3. júlí. Útförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 12. júlí kl. 13.

**Árni Ólafur Þórhallsson** **Anna Marta Valtýsdóttir**
**Halla Þórhallsdóttir** **Magnús Helgi Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts elskulegrar
móður okkar,

**Rósbjargar Sigríðar Þorfinnsdóttur**
frá Raufarhöfn.

**Gunnar Gunnarsson, Jóna Á. Jóhannsdóttir,**
**Þorfinnur Jóhannsson, Heiðar B. Jónsson,**
**Margrét R. Lýðsdóttir, Birna S. Lýðsdóttir**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Sverrir Einarsson

Margrét Á. Guðjónsd.

Kristín Ingólfsdóttir

Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar


Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353


Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Christer sat við að gera vörulista fyrir Búðina og rétt gaf sér tíma í útimyndatöku í kvöldsólinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Búðin opnuð í Bakkagerði

## Íbúar á Borgarfirði eystra og velunnarar staðarins tóku höndum saman, söfnuðu hlutafé og standsettu matvörubúð í þorpinu sínu, Bakkagerði. Búðin var opnuð 2. júlí.

Það er mikil ánægja með Búðina," segir Christer Magnússon, framkvæmdastjóri nýopnaðrar verslunar á Borgarfirði eystra. Christer á heima í Reykjavík en kveðst vera mikið fyrir austan. „Konan mín ólst þar upp og á skyldmenni þar, útskýrir hann." Hann segir þau hjón þó alls ekki ein um að koma upp hinni nýju verslun. „Það er stór hópur sem hefur tekið sig saman, hluthafar í félaginu eru orðnir yfir 70. Við hjónin keyptum hús sem heitir Gamla pósthúsið, þar var Póstur og sími framan af og síðar verslun, það til í september í fyrra. Frekar lítið húsnæði en nægir búð af þessari stærðargráðu.

Hugsunin er sú að fólk geti náð sér í mjólk og aðrar nauðsynjar án þess að keyra 100 kílómetra. Svo viljum við líka þjónusta ferðamenn. Þeir eru ósáttir við að geta ekki keypt sér eitthvað í svanginn, þó ekki sé annað en gos og súkkulaði."

„Það sem er sérstakt við þessa framkvæmd er að fjölmargir hafa lagt hönd á plóg og skilað mikilli sjálfboðavinnu, að sögn Christers. Hann nefnir smiði, pípulagningamenn, rafvirkja, málara. „Við tókum húsnæðið alveg í gegn og fólk lagði til alls konar vinnu. Ein fullorðin kona kom, mældi fyrir tjaldi fyrir eldhússkáp og saumaði og önnur listræn málaði klósetthurðina þannig að fólk heldur að það sé að ganga inn á kamar!"




**Búðin getur fengið vörur daglega með Póstbílnum sem gengur milli Egilsstaða og Borgarfjarðar eystri. Það passar vel því eitt sinn var Póstur og sími í húsinu.**

Christer segir forsögu búðarmálsins þá að Borgarfjörður eystri teljist til brothættra byggða og á íbúaþingi í febrúar hafi verið talið forgangsmál að setja upp búð fyrir sumarið. „Þess vegna var farið í þetta verkefni," segir hann.

*En er ekki allt dýrt í Búðinni?*

„Jú, frekar. Þetta er lítil verslun og við fáum engin sérstök kjör hjá birgjum, svo þurfum við að taka flutningskostnað inn í verðið."

Ferðamannastraumur er mikill á Borgarfirði, að sögn Christers. „Um 400 bílar á dag fara um Vatnsskarðið milli Héraðs og Borgarfjarðar, margir sem koma með ferjunni til Seyðisfjarðar fá sér bíltúr hingað."

Christer er sænskur að uppruna en hefur búið á Íslandi frá árinu 1991. Hann er hjúkrunarfræðingur að mennt en kveðst ekki hafa unnið við fagið í mörg ár. „Síðast var ég ritstjóri tímarits hjúkrunarfræðinga en hætti því 2015. Núna er ég með bók í smíðum en svo fór ég í þetta verkefni fyrir austan svo það verður einhver dráttur á útgáfu. Ég stofnaði einkahlutafélag kringum skriftirnar og nú hefur sú ákvörðun undið upp á sig því ég er orðinn framkvæmdastjóri Búðarinnar." **gun@frettabladid.is**



Við þökkum innilega fyrir hlýhug og
samúð í garð okkar Kóngsbakkakrakka
og fjölskyldna okkar, vegna andláts og
útfarar föður okkar,

**Jóns Bergþórssonar**
fv. stöðvarstjóra.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk
Hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir einstaka alúð og
umhyggju síðustu vikurnar.

**Brynja Jónsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir**
**Sóley Jónsdóttir**
**Bergþór Jónsson**
**Kristín Jónsdóttir Njarðvík**
**Margrét Jónsdóttir Njarðvík**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórarinn Friðjónsson**
Sólheimum 23, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni
1. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá
Garðakirkju, Álftanesi, fimmtudaginn
12. júlí kl. 15.00. Ástvinir þakka starfsfólki Sóltúns fyrir
einstaka umönnun og hlýju.

**Ólöf Jónsdóttir**
**Jón Ingi Þórarinsson** **Sólveig Ólöf Gunnarsdóttir**
**María Dóra Þórarinsdóttir** **Orri Snorrason**
**Helga Þóra Þórarinsdóttir** **Broddi Kristjánsson**
**Sigrún M. Þórarinsdóttir Hulshouser**
**Friðjón H. Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÞETTA GERÐIST: 7. JÚLÍ 1915

# Íslenskar konur fögnuðu kosningarétti



Íslenskar konur efndu til mikilla hátíðahalda í miðborg Reykjavíkur við setningu Alþingis þennan dag árið 1915 og fögnuðu nýfengnum kosningarétti.

Dagskráin hófst á því að konur gengu fylktu liði inn á Austurvöll. Ungar konur voru þar fremstar í flokki og veifuðu allar íslenska fánanum því þann 19. júní 1915, sama dag og konungur skrifaði undir lög um kosningaþátttöku kvenna, tóku lög um íslenska fánann einnig gildi.

Sendinefnd úr hópnum gekk inn í þinghúsið þar sem lesið var þakkarávarp og þingheimur hrópaði þrefalt húrra fyrir konum. Síðan hófst útifundur með söng og ræðum. Ingibjörg H. Bjarnason og Bríet Bjarnhéðinsdóttir töluðu. Mikil bjartsýni var ríkjandi í hópnum og Bríet lauk ræðu sinni á þessum orðum: „Við heilsum glaðar framtíðinni.“

---



✝

Ástkær eiginkona mín og móðursystir okkar,

**Edda Bára Guðbjartsdóttir**

lést á Landspítalanum 2. júlí sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 13. júlí klukkan 13.

**Ingólfur Jóhannesson**
**Grímur Atlason**
**Bergljót Nikulásdóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

**Jón Mar Þórarinsson**

kennari,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi föstudaginn 29. júní. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 12. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð um Jón Mar fyrir Fellaskóla, reikningsnúmer 0515-14-413552, kt. 191268-3779.

**Jóna Guðrún Oddsdóttir**
**Þóranna Jónsdóttir** **Júlíus Guðmundsson**
**Ingvar Mar Jónsson** **Sigríður Nanna Jónsdóttir**
**Erna Heiðrún Jónsdóttir** **Guðmundur Freyr Ómarsson**
**Arna Margrét Jónsdóttir** **Sindri Már Hjartarson**
**og afabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Hallfríður S. Brynjólfsdóttir**

frá Hrísey,

lést á Hrafnistu, Laugarási, 3. júlí. Jarðsett verður frá Grafarvogskirkju 16. júlí kl. 13. Fyrir hönd maka, ættingja og annarra fjölskyldumeðlima.

**Unnur Markúsdóttir Bisgaard**
**Brynjólfur Markússon**
**Jörundur Markússon**
**Markús Sveinn Markússon**
**Erlendur Markússon**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Guðrún Helgadóttir**

píanókennari,
Árskógum 8,
(áður Háaleitisbraut 28),
Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 24. júní. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 9. júlí kl. 15.00.

**Lára Rafnsdóttir** **Jóhannes Atlason**
**Theódóra Guðrún Rafnsdóttir**
**Hlöðver Örn Rafnsson** **Sigríður Sverrisdóttir**
**Högni Rafnsson** **Antonia Gutes Turu**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær unnusti minn, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,

**Hilmar Jónsson**

Hlíðarhjalla 53,

lést mánudaginn 2. júlí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 13. júlí kl. 13.

**María Helga Hróarsdóttir**
**Inger Marie Arnholtz**
**Axel Jónsson** **Inga Dóra Hrólfsdóttir**
**Hróar Pálsson** **Kristín Guðmundsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**Halldóra Hafdís Hallgrímsdóttir**

(Dísa Dóra)

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 1. júlí. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 13. júlí kl. 11.

**Vigdís Blöndal og**
**Hallgrímur Blöndal Gunnarsbörn**
**Elsa Blöndal** **Gunnar Blöndal**
**Ægir Blöndal** **Arna Blöndal**
**Alda Blöndal** **Adrían Blöndal**
**fjölskyldur og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

**Gunnar Flóventsson Blöndal**

(Gæi Flóvents)

lést á Dvalarheimilinu Sauðárkróki föstudaginn 25. maí. Útför hans hefur farið fram frá Sauðárkrókskirkju. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Dvalarheimilisins.

**Vigdís Blöndal og**
**Hallgrímur Blöndal Gunnarsbörn**
**Elsa Blöndal** **Gunnar Blöndal**
**Ægir Blöndal** **Arna Blöndal**
**Alda Blöndal** **Adrían Blöndal**
**fjölskyldur og langafabörn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir, mágkona og tengdadóttir,

**Linda Mjöll Andrésdóttir**

Bæjartúni 15, Kópavogi,

lést á krabbameinslækningadeild (11E) Landspítalans miðvikudaginn 27. júní. Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju mánudaginn 9. júlí kl. 13. Fjölskyldan vill sérstaklega þakka frábæru starfsfólki 11E fyrir óeigingjarnt og faglegt starf.

**Páll Jakobsson**
**Jakob Felix Pálsson** **Andrea Arna Pálsdóttir**
**Guðrún Brynjólfsdóttir**
**Hildur Brynja Andrésdóttir** **Egill Örn Petersen**
**Jakob Ólafsson** **Helena Soffía Leósdóttir Little**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Ástkæri faðir okkar og bróðir,

**Filippus Hróðmar Birgisson**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 5. júlí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 13. júlí kl. 15.00.

**Aðalbjörn Sigurður Filippusson**
**Guðbrandur Máni Filippusson**
**og systkini hins látna.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristine Jenny Tveiten**

lést 30. júní í faðmi fjölskyldunnar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir sendir fjölskylda Kristine til starfsfólks Heimahlynningar á Akureyri og til starfsfólks Sjúkrahússins á Akureyri.

**Hörður Gunnarsson**
**Anton Þór Harðarson** **Vigdís Sigurðardóttir**
**Áslaug Hildur Harðardóttir Tveiten** **Hrafn Hrafnsson**
**Dagbjört Brynja Harðardóttir Tveiten** **Valur Kristinsson**
**Ragnhildur Alís Antonsdóttir**
**Þórdís Jenny Antonsdóttir**
**Elísabet Þöll Hrafnsdóttir Tveiten**
**Hörður Breki Valsson**
**Dagrún Kristín Valsdóttir Tveiten**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Faðir minn og bróðir,

**Valur Sveinbjörnsson**

vélvirki,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 1. júlí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum starfsfólki Hrafnistu fyrir góða umönnun.

**Valur Guðjón Valsson, Guðlaug Sveinbjarnardóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Aðalheiður Steina Scheving**

hjúkrunarfræðingur,

sem lést 30. júní sl. á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, verður jarðsungin frá Lindakirkju í Kópavogi þriðjudaginn 10. júlí 2018 kl. 13.

**Guðjón Scheving Tryggvason** **Sigrún Stefánsdóttir**
**Jón Loftsson** **Jóhanna Björgvinsdóttir**
**Hreinn Loftsson** **Ingibjörg Kjartansdóttir**
**Magnús Loftsson** **Gunnar Ásgeirsson**
**Ásdís Loftsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bjarni Bragi Jónsson**

hagfræðingur,

er lést sunnudaginn 1.07. sl., verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 13.07. kl. 13.00.

**Rósa Guðmundsdóttir**
**Ólöf Erla Bjarnadóttir** **Sigurður Axel Benediktsson**
**Guðmundur Jens Bjarnason** **Ásta Hrönn Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elsku konan mín, mamma okkar, stjúpmamma, dóttir og systir,

**Sigríður Jóhannsdóttir**

heilbrigðisritari,

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 30. júní. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 10. júlí kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Ásbjörn Einar Ásgeirsson**
**Jóhann Guðni Ásbjörnsson** **Ólöf Íris Ásbjörnsdóttir**
**Arnþór Einar Ásbjörnsson**
**Jóhann Gunnar Ásgeirsson**
**Ásgeir Bjarni Jóhannsson og fjölskylda.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**BREIÐAFJÖRÐUR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| M | Ö | L | F | L | U | G | U | N | N | A | R | ■ | Ó | ■ | G | ■ | S | ■ | V |
| Á | ■ | Í | ■ | I | ■ | O | ■ | ■ | Í | ■ | Ö | L | D | U | R | H | Ú | S | A |
| T | Ó | F | U | S | P | R | E | N | G | U | R | ■ | A | ■ | A | ■ | Ð | ■ | N |
| T | ■ | S | ■ | T | ■ | K | ■ | ■ | E | ■ | T | R | U | M | S | ■ | V | ■ | D |
| L | A | B | B | A | K | Ú | T | A | R | ■ | A | ■ | Ð | ■ | G | L | Í | M | A |
| A | ■ | A | ■ | S | ■ | L | ■ | ■ | Í | S | N | Á | L | A | R | ■ | K | ■ | S |
| U | ■ | R | Y | K | B | U | N | D | U | ■ | G | ■ | E | ■ | Æ | V | I | N | A |
| S | ■ | Á | ■ | Á | ■ | N | ■ | ■ | M | ■ | A | R | I | N | N | ■ | N | ■ | M |
| R | É | T | T | L | Í | N | U | M | A | N | N | ■ | K | ■ | K | A | G | A | R |
| A | ■ | T | ■ | D | ■ | A | ■ | ■ | Ð | ■ | N | Ó | A | P | A | N | S | ■ | A |
| R | A | U | Ð | S | E | R | K | ■ | U | ■ | A | ■ | N | ■ | ■ | D | ■ | M | ■ |
| ■ | L | ■ | ■ | ■ | K | ■ | J | Ú | R | A | ■ | F | N | J | Ó | S | K | Á | R |
| Ó | F | R | E | S | K | J | A | ■ | ■ | F | ■ | U | ■ | Ó | ■ | T | ■ | L | ■ |
| ■ | A | ■ | I | ■ | A | ■ | F | Ó | T | M | Á | L | I | Ð | ■ | Y | ■ | V | ■ |
| B | R | Ú | Ð | U | F | Ö | T | ■ | ■ | Æ | ■ | L | ■ | L | Ö | G | L | E | G |
| ■ | A | ■ | M | ■ | U | ■ | A | N | D | L | E | Y | S | I | ■ | G | ■ | R | ■ |
| A | L | D | A | S | L | A | G | ■ | ■ | U | ■ | R | ■ | N | Í | Ð | S | K | I |
| ■ | E | ■ | Ð | ■ | L | ■ | A | Ð | S | N | I | Ð | N | U | M | ■ | O | ■ | L |
| V | I | K | U | L | A | U | N | ■ | ■ | U | ■ | U | ■ | ■ | A | Ð | G | Á | T |
| ■ | Ð | ■ | R | ■ | R | ■ | G | R | Í | M | U | M | A | N | N | ■ | A | ■ | A |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist starfssvið, sem sjaldan virðist metið að verðleikum. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 13. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „7. júlí“.



FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Barnagæla** eftir **Leila Slimani** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Fríða Garðarsdóttir, Kópavogi.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

## LÁRÉTT

**1** Karlrembur segja þetta gerast ítrekað hjá kvenprestum eftir breytingaskeið (9)
**8** Alltaf marka illar spor (4)
**10** Fæst ekki svona rosalega stinnt (9)
**11** Hví hefur tígin gelt að útverði Austurlands? (9)
**13** Hún hefur lagt sinn stert í flækju (4)
**14** Skerum þau lifandi út af slúðri (9)
**15** Lúri hjá ávöxtum og mýrarjurtum (9)
**16** Sungu sænsk um hinn arameíska föður? (4)
**17** Geiflar sig band í hosur? (9)
**18** Síðasta ögnin af mjölinu er ónýt því óværan komst í það (9)
**19** Nem hljóm tómsins í kjölfar tiltekinnar tvíundar (10)
**23** Mun svanga konan losna úr ruglinu ef hún sinnir sínum tóma belg? (9)
**24** Metið háan herra og skírið líka (11)
**27** Ysta lag leðurtreyju (10)
**32** Kærasta kærasta! (7)
**33** Stendur undir strengjum fyrir rafmagnsbíla og klæðin rök (10)
**34** Fær botn í tölur (5)
**35** Mæla fyrir um að flytja góss úr Laxfossi í Hoffell (7)
**36** Safnar frásögnum af tréskurðartólum (10)
**38** Arnarróttin sú jurt sem kostaði mest (10)
**39** Nærðir garð og klæddir (12)
**41** Auðvelt er að fanga þann sem flugu ann (8)
**42** Mikil hefur bætt miklu við (9)
**43** Læða að mér leiðslu númer eitt (6)
**44** Í Texas man fólk enn orrustuna um þetta virki (5)

## LÓÐRÉTT

**1** Í belg belgs leita ég vambar (9)
**2** Óttast að ég bæti illa tréskeiðar (11)
**3** Hér segir af talsmanni mennta og frelsunar þræla (11)
**4** Höldum Íslandi-Argentínu ljóslifandi með bolta, bol og fána (9)
**5** Stefnustrokur eru alltaf samfelldar (10)
**6** Einföld gylta hafði ást á eitrinu (10)
**7** Þessi fiskur er eins og ferskeytla með ofvaxna lokabraglínu (8)
**8** Hans fjölskylda og frænda hans (8)
**9** Brúneyg undir brámánabrík (8)
**12** Staðsetning hnappsins sett í númeraðan búning (9)
**20** Narta í trúða án nokkurra trixa (13)
**21** Lykt, væna, og vellyktandi rós (7)
**22** Þau eru löng og loðin niðra rass (7)
**24** Kennum strákum að taka á stöngum (6)
**25** Erfir sýn á brengluð og innantóm loforð (8)
**26** Þið viljið að ég veiði; ég vil að þið gerið það – en aflinn er okkar allra (11)
**28** Kannast við hvarf og miða ferðir mínar við það (10)
**29** Heldur suður á heimavist með stöðugan storm í bakið (10)
**30** Og Kristur sneri slúbbertum í sandölunum (10)
**31** Ringlaðir slánar segja KR ranga skammstöfun (7)
**37** Förum út með heljarmenni, þú og ég (6)
**38** Alltaf að dansa, það er einhver áráttа (5)
**40** Ögn fyrir aðra að raða saman (4)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 2 | | | | |
| | 2 | | | | 4 | | 9 | 5 |
| 3 | 5 | | | | | 6 | | |
| | | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 8 | 4 | 9 | | | 2 | | | |
| 7 | | | | 5 | | 2 | | |
| | | 5 | 7 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | 9 | 6 | | 1 | | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 3 | | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | | 3 | | | | 5 | | 1 |
| | | | 6 | | | 2 | | |
| 6 | | 4 | | | | | 3 | |
| | | | | | | | | 8 |
| | | | 4 | | | 7 | | 2 |
| 3 | | 8 | 5 | 4 | | | | |
| 5 | | | 7 | | 3 | | 9 | |
| 7 | | | | 9 | 2 | | | 4 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | | | | | | 2 | 4 |
| 4 | | | | | 2 | | | |
| | 5 | 9 | 3 | | | | | |
| 9 | | | | 3 | 7 | | | 8 |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 4 | | 2 | 9 | | 3 | |
| 8 | | | 9 | 6 | | | | 5 |
| | | | 1 | | | 3 | | |
| | | 5 | | 8 | | | 1 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |

## Skák

Gunnar Björnsson



Schiffers átti leik gegn Tschigorin í Pétursborg árið 1878.
**Hvítur á leik**
**1. Hc2!! 1-0.**
Stefán Bergsson, skákmeistari Reykjavíkur, og Páll Þórsson hófu taflmennsku í Serbíu í gær.

**www.skak.is:** Mjóddarmót Hugins kl. 12 í dag.

## Bridge

Ísak Örn Sigurðsson

### Fáir náðu slenmmu

Íslenska parið Hrannar Erlingsson og Sverrir Kristinsson náðu góðum árangri í árlega mótinu Marit Sveas sem háð var í Osló dagana 29. júní til 1. júlí. Þeir höfnuðu í 8. sæti af 180 pörum. Eitt annað íslenskt par spilaði einnig, Aron Þorfinnsson og Kristinn Ólafsson sem enduðu í 56. sæti. Í einni af síðustu umferðunum sátu Hrannar og Sverrir A-V (Sverrir í vestur og Hrannar í austur) og melduðu sig í slemmu. Suður var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ 86
♥ 852
♦ G
♣ ÁK87653

**Vestur**
♠ Á1043
♥ ÁKG104
♦ 6432
♣ -

**Austur**
♠ KDG95
♥ 976
♦ Á8
♣ D104

**Suður**
♠ 72
♥ D3
♦ KD10975
♣ G92

Suður hindraði á 3♦ sem voru passaðir yfir til Hrannars í austur. Hann gaf 3♠ og Sverrir gaf slemmuáskorun með 4♦. Hrannar var ekkert spenntur og sagði 4♠ en Sverrir var ekkert hættur og gaf fyrirstöðusögnina 5♣. Norður doblaði þá sögn sem var passað yfir til Sverris sem gaf redobl til að sýna fyrstu fyrirstöðu. Þá komu 5♦ frá Hrannari sem nægði Sverri til að segja 6♠. Eftir laufútspil þá voru 13 slagir auðveldir. Mikill minnihluti parana náðu slemmunni þannig að þetta gaf góðan plús. Besta skorinu í þessu spili náðu þó Kristinn Ólafsson og Aron Þorfinnsson sem spiluðu 6♥ redobluð í þessu spili og fengu fyrir það 1610 og hreinan topp.

# SKÓLATÖSKUR!

## ALLAR MEÐ 30% VILDARAFSLÆTTI


Bakpoki blár
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð: 7.999.-



Bakpoki grár
**VILDARVERÐ: 9.799.-**
Verð: 13.999.-


Bakpoki grænn felulitur
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-


Bakpoki bleikur
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



Bakpoki hjólabretti
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-


Bakpoki grár
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-


Bakpoki blár
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-


Bakpoki rauður hundur
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-


Bakpoki peace
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-


Bakpoki pony
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-


Bakpoki bleik blóm
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-


Bakpoki fótbolti
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-


Bakpoki grænn bíll
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



Bakpoki bleikur
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-


Bakpoki bleikur
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð: 7.999.-

## GERÐU GÓÐ KAUP, KOMDU NÚNA!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð á töskum gildir til 9. júlí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 309



Konráð og Lísaloppa komu að fjallavatni. Þar sáu þau kunnuglegan fugl spígspora í flæðarmálinu. „Ég held ég kannist við þennan fugl,“ sagði Konráð. „En hef ég ekki bara séð hann í fjörum?“ Lísaloppa virti hann betur fyrir sér. „Jú, þetta er strandfugl, ég hef séð hann vaða og leita sér að æti í þangfjörum,“ sagði hún. „Hann hlýtur að hafa villst hingað,“ bætti hún við. Fuglinn virtist líka vera hálf ringlaður og ekki alveg eins og heima hjá sér.

„Hvað heitir hann aftur,“ sagði Konráð. „Byrjar það ekki á S ?“ „Jú, mig minnir það,“ sagði Lísaloppa.



**Viti þið hvað þessi fugl heitir?**
A. Sandlóa
B. Sendlingur
D. Spói

## Brandarar

Ungur strákur fótbrotnaði í fótboltaleik og eftir að læknirinn hafði gert að meiðslum hans og sett hann í gifs spurði strákurinn: Þegar þú tekur mig úr þessu gifsi, get ég þá farið að leika á orgel?

Auðvitað getur þú það, sagði læknirinn uppörvandi.

Það er skrítið, sagði strákurinn. Ég gat það ekki áður en þú settir gifsið.

Fyrirgefðu þjálfari, að ég skoraði ekki úr þessu gullna marktækifæri sem ég fékk í leiknum, ég gæti sparkaði í rassinn á sjálfum mér fyrir þetta, sagði miðherjinn í knattspyrnuliðinu að leik loknum.



Blessaður vertu ekki að reyna það, þú myndir ekki hitta. Maður á aldrei að gera í dag það sem maður getur fengið einhvern annan til að gera á morgun.

**Lausn á gátunni**

Þetta er Sendlingur

## Lestrarhestur vikunnar: Ágústa Ben Davíðsdóttir

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Öll ævintýrin og þær eru svo skemmtilegar.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Bókin hét Fía Sól í Hosiló og hún er um stelpuna Fíu Sól sem er mikill prakkari.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Já, hún hét „Hjá afa og ömmu“.

**Hvernig bækur finnst þér skemmtilegastar?** Disney-bækur og spennubækur.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Hólabrekkuskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, það geri ég, bókasafnið er rétt hjá heimilinu mínu og vinnunni hennar mömmu minnar.




**Hver eru þín helstu áhugamál?** Hestar og fara á hestbak, sveitin mín, kisan mín og bækur.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Á bókasafninu skrifa þau nafn á áhugaverði bók sem þau hafa lesið á bókarkjöl ásamt nafni, aldri og símanúmeri. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



Tjörvi með óskasteininn um hálsinn og stríðsstrikin á kinnunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fékk óskastein í kveðjugjöf

Hann **Tjörvi Brink Antonsson** er að hætta í leikskólanum og því fylgir bæði hasar og hátíð.

Tjörvi Brink er sex ára. Hann er með svört strik á kinnunum þegar ég hitti hann.

**Hvers vegna?** Af því að það var stríð í leikskólanum.

**Var stríð?** Já, vatnsstríð.

**Segðu mér meira. Hverjir voru í vatnsstríði?** Kennararnir.

**Voru þeir með vatnsbyssur?** Nei, þeir voru með vatn í fötum og skvettu hver á annan.

**En þið krakkarnir, hvað gerðuð þið?** Við vorum bara í sandkassanum.

**Er þetta svona á hverjum degi?** Nei, bara einu sinni á ári.

**Hvað heitir þessi leikskóli?** Laufásborg. Ég byrjaði þar þegar ég var tveggja ára.

**Ætlar þú að vera lengi enn?** Ég hætti eftir sex daga. Það var sumarhátíð í Laufásborg og þá sungum við krakkarnir sem erum að hætta lagið Þannig týnist tíminn. Lay Low kom og söng með okkur. Svo sungum við líka Viðlagið, við bjuggum það til sjálf en það var kennari sem hjálpaði okkur.

**Heldurðu að þú saknir leikskólans?** Já. Ég fékk kveðjugjöf í gær. Það var óskasteinn sem heitir agat. Hann er í litlum poka og líka miði þar sem stendur allt um það sem fylgir þessum steini, það er nefnilega gott að eiga hann.

**En hvaða skóla ferðu í í haust?** Mýrarhúsaskóla því ég á heima á Seltjarnarnesi.

**Ætlar þú að gera eitthvað sérstakt í sumar?** Ég ætla að kíkja í sumarbústað úti í skógi og örugglega fara í sund.

**Ertu góður að synda?** Já, og kafa.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera.** Allt. Kannski vera á hjólabretti. Ég var á hjólabrettanámskeiði um daginn. Það var gaman.

**Dastu oft?** Ég hef dottið.

**En þekkir þú einhverja fugla?** Já, ég þekki skógarþröst, steindepil, starra, fálka, smyril, skúm og kríu.

**Veistu hvaða fugl er hættulegastur?** Haförninn.


PIER
ÚTSALA
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
ÖÐRUM VÖRUM
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM
20-70%
AFSLÁTTUR
AF BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM
FRÁBÆRT
SUMARTILBOÐ!
ZOISY BISTRO
KAFFIBORDSETT
VERÐ NÚ ADEINS
9.990 KR.
20-70%
AFSLÁTTUR
AF BORÐBÚNAÐI
20-70%
AFSLÁTTUR
AF SUMARVÖRUM.
FJÓRIR ÚTIPÚÐAR AÐ
EIGIN VALI FYLGJA
HVERJU KEYPTU
ÚTIHÚSGAGNASETTI
20-40%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SÓFUM
PIER
BRINGING IT
Skoðið úrvalið á
www.pier.is
Gildir 5. júlí - 11. júlí. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Sunnan og suðvestan 3-10 í dag og rigning eða skúrir, en úrkomulítið á Austurlandi. Snýst í vestanátt og styttir upp vestan til í kvöld en það má þá búast við samfelldri rigningu á Austurlandi. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast austanlands.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 23° | 24° | 23° | 28° | 25° | 11° | 8° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madríd** | **Brussel** | **Róm** |
| 28° | 23° | 28° | 24° | 31° | 26° | 34° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 17° | 18° | 24° | 22° | 27° | 24° | 11° |






## Reykjavík



| Laugardagur | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↑7 | 9° ↑7 | 8° ↑11 | 9° ↗7 | 10° ↑7 |

## Ísafjörður



| Laugardagur | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↗8 | 9° ↗9 | 7° ↗11 | 7° ↗13 | 9° ↗15 |

## Akureyri



| Laugardagur | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↗4 | 13° ↗9 | 10° ↗10 | 12° ↗15 | 17° ↗14 |

## Egilsstaðir



| Laugardagur | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur |
|---|---|---|---|---|
| 14° ↙2 | 15° ↗4 | 15° ↗10 | 15° →7 | 19° ↗4 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Laugardagur | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↑4 | 13° ↗7 | 9° ↗8 | 11° ↗8 | 15° ↗8 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 7. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði
**Hvenær?** 09.30
**Hvar?** Siglufirði
Hellingur í gangi á Þjóðlagahátíðinni. Uppskeruhátíð um kvöldið.

**Hvað?** Winfried Bönig, organisti Kölnardómkirkju
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkju
Winfried Bönig aðalorganisti í Kölnardómkirkju leikur verk eftir Vierne, Herbert Howells ásamt Prelúdíu og fúgu í a-moll eftir Bach og Battagliu eftir Johann Caspar Kerll. Miðaverð kr. 2.000.

### Viðburðir

**Hvað?** Allar Mínar Systur á Fringe Festival
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Tjarnarbíói
Verkið Allar mínar systur er eins konar femínísk útópía sem tekur útgangspunkt frá nornum sem lækningakonum og hugmyndinni um mæðraveldi. Gegnum samstöðu, auðmýkt og sköpunarkraft töfra nornirnar fram hvert rítúalið á fætur öðru og taka áhorfendur með í eins konar hugleiðslu eða sálarmeðferð. Verkið er innblásið af og óður til samtímans, til byltingarinnar sem á sér stað núna, til systralagsins, til fjórðu öldunnar, til þriðju, annarrar og fyrstu aldanna.



Snorri Sigurðsson líffræðingur leiðir fólk um Viðey á sunnudaginn

### Sýningar

**Hvað?** Monstress
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hlemmur Square
Í Monstress eftir Helgu Thoroddsen er kvenleiki, birtingarmyndir og viðhorf til kvenna kannað í gegnum linsu ævintýra og goðsagna. Helga Thoroddsen lærði málaralist við Camberwell College of Art á og hefur síðastliðin tvö ár verið húslistakona á Listastofunni. Monstress verður á Hlemmi Square.

# Sunnudagur

### Tónlist

**Hvað?** Sönghátíð í Hafnarborg – Opnunartónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarborg
Á opnunartónleikum hátíðarinnar 8. júlí, sem bera heitið Suðrænar gyðjur flytur barokkhópurinn Symphonia Angelica tónlist eftir Händel, Monteverdi og aðra meistara. Cantoque Ensemble, sem skipað er átta þaulreyndum söngvurum, flytur útsetningar tólf íslenskra tónskálda á íslenskum þjóðlögum.

**Hvað?** Þjóðalagahátíð á Siglufirði
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Siglufirði
Á síðasta degi hátíðarinnar verður allt keyrt í botn og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins gjörsamlega kveikir í Siglufjarðarkirkju auk þess sem tríóið Dymbrá tekur aukatónleika í Tankanum, Síldarminjasafninu.

**Hvað?** Sumartónleikar í Akureyrarkirkju
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Akureyrarkirkju
Sunnudaginn 8. júní kl. 17.00 í Akureyrarkirkju koma fram margir af bestu söngvurum landsins en þeir skipa átta radda sönghóp sem heitir Cantoque Ensemble. Flutt verða þjóðlög í gömlum og nýju útsetningum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Englar og menn – tónlistarhátíð Strandarkirkju
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Strandarkirkju
Bjarni Frímann og Sveinn Dúa á tónleikum kl. 14 á sunnudag.

### Viðburðir

**Hvað?** Hin villta Viðey
**Hvenær?** 13.15
**Hvar?** Viðey
Hin villta Viðey er yfirskrift göngu sunnudagsins 8. júlí kl. 13.15. Þá mun Snorri Sigurðsson líffræðingur leiða gesti um Viðey þar sem þeir verða fræddir um fjölbreytilegan gróður og dýralíf eyjunnar. Snorri er líffræðingur hjá Reykjavíkurborg og hefur víðtæka þekkingu á lífríki borgarlandsins. Viðey er gróðursæl útivistarparadís og var áður ein besta bújörð landsins. Þar verpa alls um 30 fuglategundir og er æðarfugl algengasti fugl eyjunnar. Þátttakendur eru beðnir um að koma klæddir eftir veðri og í góðum skóm. Siglt verður stundvíslega frá Skarfabakka kl. 13.15. Þeir sem vilja fá sér léttan hádegisverð í Viðeyjarstofu fyrir gönguna er bent á að taka ferjuna kl. 12.15.



Þjóðlagahátíðin á Siglufirði er í fullum gangi nú um helgina.

**Hvað?** Verk að vinna – smiðjur
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafni
Verk að vinna er yfirskrift sunnudagsins 8. júlí í Árbæjarsafni en þá býðst börnum og fjölskyldum þeirra að taka þátt í smiðjum sem ganga út á að kynnast starfsháttum fyrri tíma. Hvernig var lífið fyrir tíma nútímaþæginda eins og rennandi vatns úr krönum, þvottavéla og ryksuga? Ef þig langar að komast að því þá skaltu koma í Árbæjarsafn á sunnudag og prófa að bera vatn eins og vatnsberar gerðu, sópa með strákústi, sækja í eldivið og leggja á borð fyrir prestakaffi á sunnudegi.




# Hirðtónar mæta baðstofutónum

**Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari er meðal flytjenda á Sönghátíð í Hafnarborg. Sogaðist að barokktónlist.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari er í hópi þeirra tónlistarmanna sem koma fram á Sönghátíð í Hafnarborg. Hátíðin hefst í dag, 7. júlí, og stendur til 15. júlí. Sjö tónleikar verða á hátíðinni þar sem fjörutíu tónlistarmenn koma fram og fimm námskeið verða haldin. Dagskrána má sjá á songhatid.is.

Steinunn mun ásamt Eyjólfi Eyjólfssyni og Björk Níelsdóttur koma fram á tónleikunum Baðstofubarokk miðvikudaginn 11. júlí. Þar munu þau sameina kvöldvökur baðstofanna og tónlistarflutning evrópskrar hirðmenningar með söng og leik á langspil og barokkselló.



„Ég sogaðist að henni eins og fiskifluga að signum fiski,“ segir Steinunn um áhugann á barokktónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**Barón Þórarins**

